GAUTI ÞEYR MÁSSON
Ber flotta hatta við hvert tækifæri
• tíska • heilsa • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

VELJUM ÍSLENSKT
Þjóðararfur og íslenskar dyggðir
Sérblaðið Veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

9. október 2008 — 276. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Öflugur málsvari fatlaðra

Sjálfsbjörg á Akureyri er 50 ára.

TÍMAMÓT 26

Hanna jólakjóla

Birta Björnsdóttir og fjórtán aðrir hönnuðir hanna jólakjóla fyrir sýningu í Listasafni ASÍ.

FÓLK 42

Staðan einna verst hjá Fram

Það er erfið staða hjá mörgum félögum í efstu deild í knattspyrnu þessa dagana.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



ROK OG RIGNING Í fyrstu verður suðaustan stormur sunnan og suðvestan til. Annars verður í dag yfirleitt austan strekkingur eða allhvasst. Rigning og síðar skúrir um mest allt land. Hiti 6-12 stig.

VEÐUR 4

SAMSTAÐA Á AUSTURVELLI Í GÆR Hátt í þúsund manns komu saman á Austurvelli í gær en þar stappaði Bubbi Morthens stálinu í fólk í söng og ræðu. Fleiri tónlistarmenn stigu á stokk með sinn boðskap en einnig höfðu tónleikagestir nokkuð til málanna að leggja eins og sjá má á þessari mynd. **Sjá síðu 34**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auknar líkur á að IMF komi að málum

Líkur á því að íslensk stjórnvöld óski eftir efnahagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) hafa aukist til muna. Stórt lán frá Rússum útilokar ekki annað.

EFNAHAGSMÁL Líkur á því að íslensk stjórnvöld óski eftir efnahagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafa aukist töluvert frá því í upphafi vikunnar.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er stödd hér á landi. Menn hafa einkum verið til ráðgjafar við núverandi aðgerðir, en einnig hefur verið rætt um hugsanlega aðstoð.

Nú munu stjórnvöld vera nær því en nokkru sinni fyrr að óska eftir efnahagsaðstoð frá sjóðnum.

Fulltrúar hans hafa skýrt stjórnvöldum frá því að undirstöður efnahagslífsins hér séu taldar vera styrkar. Það er túlkað svo að sjóðurinn telji sig ekki þurfa að taka yfir stjórn efnahagsmála hér eða leggja til verulegar aðgerðir.

Hermt er að verði aðstoð sjóðsins þegin, séu vísbendingar um að seðlabankar úti í heimi tækju vel í að lána Íslandi fé.

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, sagði á blaðamannafundi í gær, að sendinefnd færi héðan til Rússlands á þriðjudag, til að ræða um 4.000 milljóna evru lán. Hann sagði jafnframt að ekki væri útilokað að leita efnahagsaðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hvorugt útilokaði hitt.

Íslendingar sem eru meðal stofnaðila sjóðsins, hafa verið skuldlausir við hann frá árinu 1987, en aðstoð fékkst frá honum árið 1982.

- bih, ikh

Norðurál biðlar til ráðherra:

Vill stærra álver í Helguvík

STÓRIÐJA Norðurál hefur farið þess á leit við iðnaðarráðuneytið að flýta framkvæmdum við álverið í Helguvík og óskað eftir heimild til að byggja stærra ver en upphaflega var áætlað. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst ósk þessa efnis til ráðuneytisins nýlega.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að Norðurál vilji flýta framkvæmdum og starfsfé fyrirtækisins sé tryggt til næstu ára.

shá / sjá síðu 10

Talið að ummæli Davíðs Oddssonar í Kastljósi hafi valdið titringi meðal Breta:

Óvissa um IceSave eyðilagði daginn

EFNAHAGSMÁL Næstum allar aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum í gær snerust um Icesave reikninga Landsbankans.

Seðlabankinn hætti við fast gengi, dótturfélag Kaupþings í Lundúnum fór í greiðslustöðvun, breskar eignir Landsbankans voru frystar og innlánsreikningar Kaupþings voru seldir. Óvíst er um áhrif atburða gærdagsins á rekstrarskilyrði Kaupþings og annarra fjármálafyrirtækja.

Heimildarmaður Fréttablaðsins sagði að Icesave hefði eyðilagt daginn. Undir það taka aðrir úr röðum stjórnvalda.

Gærdagurinn hófst á yfirlýsingum breskra ráðamanna. Alistair Darling, fjármálaráðherra, sagði að ríkisstjórn Íslands hefði sagt sér „í gær að þau ætluðu ekki að standa við skuldbindingar sínar hér."

Darling og Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, ræddu saman í síma í fyrradag. Samtalið var rannsakað og telja menn að Darling hefði ekki getað dregið slíkar ályktanir af því.

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, sagði í Kastljósþætti, að erlendir kröfuhafar fengju ekki nema „þetta fimm, tíu, fimmtán prósent upp í sínar kröfur."

Heimildir innan stjórnvalda herma að ummæli Davíðs hafi valdið titringi hjá Bretum.

Sendiherra Breta neitaði að tjá sig um málið og vísaði á Darling.

Hátt í 300 þúsund Icesave reikningar eru til. Fram kom í gær að kröfur gætu numið 450 milljörðum króna.

- ikh, bih / sjá síðu 4 og 18

SPURNING DAGSINS

Pétur Þór, ertu nokkuð að mála skrattann á vegginn?

„Veggurinn er fullur. Peningamenn landsins eru löngu búnir að mála hann fullan."

Pétur Þór Gunnarsson listaverkasali var sleginn yfir dræmum viðtökum á verkum eftir íslenska listamenn á uppboði í Kaupmannahöfn á þriðjudag.

Stjórn Seðlabankans gagnrýnd en forsætisráðherra segir stöðu hennar óbreytta:

Seðlabankastjórn nýtur trausts

EFNAHAGSMÁL „Staðan er óbreytt," sagði Geir H. Haarde á blaðamannafundi í gær, þegar hann var spurður um hvort bankastjórn Seðlabankans nyti enn trausts stjórnvalda.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri greindi í fyrrakvöld frá líftíma láns Seðlabankans til Kaupþings. Einnig var ótvírætt af orðum hans að Fjármálaeftirlitið myndi taka stjórn í Glitni, eins og varð síðar um kvöldið. Þá sagði hann markmiðið að vernda innlendar skuldbindingar bankakerfisins, en erlendar skuldbindingar myndu mæta afgangi. Þá talaði hann um óreiðumenn.

ÓBILANDI TRAUST Geir H. Haarde fullyrti á fundinum í gær að bankastjórn Seðlabankans nyti enn trausts.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði í Kastljósi gærkvöldsins að Seðlabankastjórar verði að tala af ábyrgð og festu. „Það er ekki til að auka traustið ef Seðlabankastjóri uppnefnir þá sem standa í eldlínunni," segir Lúðvík.

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands óttaðist efnahagslegt stórslys yrði seðlabankastjóranum ekki vikið úr starfi fyrir opnun markaða. Nú virðist sem forsætisráðherra og utanríkisráðuneytið hafi ákveðið að aftengja þær sprengjur sem bankastjórinn hafði skilið eftir. Menn geta svo metið hvernig þessari sveit sprengjusérfræðinga tókst til."

- ikh

Hélt að staða bankastjórnar yrði endurmetin

ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

„Eftir þessa yfirlýsingu getur bankastjórnin hvergi notið minnsta trausts," segir Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík. Hann segist hafa búist við því að forsætisráðherra myndi lýsa því yfir í gær að skuldbindingar ríkissjóðs yrðu efndar skilyrðislaust og meta að nýju stöðu bankastjórnar Seðlabankans.

Raunveruleg hætta á vöruskorti í búðum

Kaupmenn fengu ekki gjaldeyri úr sérstökum varasjóði Seðlabankans eftir að gengið var fest í 175. Forsætisráðherra segir að gjaldeyrir verði tryggður. Kaupmenn halda að sér höndum vegna óvissu í gengismálum. Hætta er á vöruskorti.

EFNAHAGSMÁL Kaupmenn gátu ekki nýtt sér að Seðlabanki Íslands festi gengi krónunnar tímabundið sökum þess að sérstakur varasjóður bankans gat ekki afgreitt gjaldeyri. Sjóðurinn á að tryggja gjaldeyri til vörukaupa í níu mánuði í eðlilegu árferði. Forsætisráðherra hefur mælst til þess við bankann að fé sé handbært á næstunni. Kaupmenn geta hins vegar ekki keypt gjaldeyri á meðan fullkomin óvissa ríkir um gengið. Því er raunveruleg hætta á vöruskorti á næstu viku til tíu dögum í einstökum vöruflokkum.

Kaupmenn fögnuðu þeirri ákvörðun stjórnvalda á þriðjudag að gengi krónunnar var fest í 175 og að aðgangur að gjaldeyri hefði verið tryggður. Þegar á reyndi var enginn gjaldeyrir fáanlegur og sáralítil viðskipti með nauðsynjavöru voru möguleg á þeim stutta tíma sem ráðgert var að fast gengi væri í gildi.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að sjóður Seðlabankans til vörukaupa hafi ekki verið til staðar þegar eftir fjármagni var leitað. „Ég heyri frá mörgum af okkar birgjum að þeir fengu ekki gjaldeyri til að greiða reikninga sína. Það liggur fyrir að ekkert mark var takandi á yfirlýsingum um að innistæður væru fyrir hendi."

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á fundi með fréttamönnum í gær að hann hafi mælst til þess að Seðlabankinn hefði til reiðu gjaldeyri til þess að eðlileg viðskipti gætu átt sér stað með

VÖRUSKORTUR Ef gengi íslensku krónunnar verður óbreytt næstu dagana þá mun vöruskortur gera vart við sig á viku til tíu dögum.

FINNUR ÁRNASON

erlendar vörur. Fyrirtæki geta þó ekki keypt hann á meðan fullkomin óvissa ríkir í gengismálum.

„Verðlagningin á gjaldeyri er með þeim hætti að hann er í rauninni ekki til. Ef við ætluðum að kaupa á því verði sem í boði er myndi matvöruverð hér hækka gríðarlega á stuttum tíma," segir Finnur.

Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss, segir ástandið með ólíkindum. „Það er ljóst að við leysum ekki út mikið af vörum á þessu gengi. Við höldum að okkur höndum á meðan þessi óvissa varir."

„Þetta þýðir að það viðskiptatraust sem fyrirtæki hafa skapað sér um árin er í hættu. Ísland sem greiðsluaðili við útlönd er að tapa trausti og við fáum ekki sendar vörur að óbreyttu," segir Finnur. Finnur segir að ástandið hafi fljótlega áhrif á verslun með ákveðna vöruflokka og að vöruskortur sé raunveruleg hætta. „Alþjóðleg verslun með peninga er stopp, sýnist mér."

Seðlabanki gat ekki veitt upplýsingar um málið í gær.

svavar@frettabladid.is

Embætti ríkislögreglustjóra:

Varar við gylliboðum í síma

LÖGREGLUMÁL Ríkislögreglustjóra er kunnugt um að almenningi hér á landi hafi borist símtöl að utan þar sem fólki er boðið að leggja fjármuni sína inn á bankareikninga í útlöndum.

Vitað er að í einu tilviki, hið minnsta, barst símtalið frá óskráðu GSM-símanúmeri í Danmörku. Í því tilfelli kynnti viðkomandi sig sem starfsmann tiltekins banka í Danmörku, kvaðst vita um bágt efnahagsástand á Íslandi og bauð viðmælanda að flytja fjármuni sína á reikning í bankanum.

Ríkislögreglustjóri hvetur fólk til að vera á varðbergi berist því slík símtöl. **- jss**

Konu saknað í Færeyjum:

Fannst látin í sjónum

FÆREYJAR Íslensk kona sem leitað hefur verið að í Færeyjum fannst látin í gær. Þetta kom fram í vefútgáfu Dimmalætting í gær. Þar segir að hún hafi ekki sést frá því á laugardag en leit að henni hófst á þriðjudaginn.

Björgunarsveitarmenn, slökkviliðsmenn og lögreglumenn með leitarhunda leituðu að konunni og fannst bíllinn sem hún hafði leigt. Við leit úr þyrlu fannst konan látin í sjónum í grennd við svæðið þar sem bíllinn fannst.

Frekari upplýsingar er ekki að fá að svo stöddu en lögreglan ytra telur að konan hafi látist af slysförum. **- kdk**

Risabúð opnuð um áramót:

Bauhaus ekki af baki dottið

EFNAHAGSMÁL Efnahagsþrengingar heimsins hafa engin áhrif á áform byggingarvörurisans

HALLDÓR ÓSKAR SIGURÐSSON

Bauhaus um að opna 22 þúsund fermetra verslun við Vesturlandsveg um áramótin næstu. Þetta segir Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus á Íslandi.

Fyrirhugað er að yfir 150 manns muni starfa í versluninni, sem verður stærsta byggingarvöruverslun á Norðurlöndum. Halldór segir ástandið heldur engin áhrif hafa á starfsmannafjölda, né nokkuð annað þeim tengt. Allir séu fullir bjartsýni.

„Einhverjir verða að vera það," segir hann. **- sh**

Yoko Ono til Íslands:

Friðarsúla Yoko tendruð í kvöld

MENNING Kveikt verður á Friðarsúlunni í Viðey í kvöld. Listakonan Yoko Ono er komin til landsins vegna atburðarins sem ber upp á afmælisdags eiginmanns hennar heitins, Bítilsins John Lennons.

YOKO ONO

Friðarsúlan mun skína úr Viðey á hverju kvöldi til 8. desember sem er dánardægur Lennons. Vegna slæmrar veðurspár hefur sérstakri athöfn sem átti að vera í Viðey annað kvöld verið aflýst. Hins vegar ætlar Yoko Ono að bjóða upp á ókeypis siglingar á hverju kvöldi vikuna 10.-17. október. Siglt verður frá Skarfabakka til Viðeyjar klukkan átta að kvöldi og eru allir velkomnir á meðan skipsrúm leyfir að því er segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. **- gar**

Sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Suður-Þingeyjarsýslu man ekki eftir öðru eins:

Fólkið streymir í sparisjóðinn

VIÐSKIPTI Stöðugur straumur nýrra viðskiptavina hefur legið í Sparisjóð Suður-Þingeyjarsýslu síðan á fimmtudag í síðustu viku.

„Þetta er búið að vera ævintýralegt, ég man ekki eftir öðru eins," segir Guðmundur E. Lárusson sparisjóðsstjóri. Heimildir Fréttablaðsins herma að innstæða útibúsins hafi nær tvöfaldast á einum degi en Guðmundur vill ekkert láta uppi um það. „Ég get hins vegar sagt að það er ein manneskja sem er eingöngu í því að skrá nýja viðskiptavini auk þess sem það kemur einnig í hlut annarra stafsmanna." Ellefu starfa við bankann. „Mest var þetta á fimmtudag og föstudag í síðustu viku en svo hefur verið stöðugt rennsli í þessari viku einnig," segir hann.

„Fólkið segist bera traust til Sparisjóðsins þar sem við höfum verið frekar jarðbundnir og skiluðum ágætis afkomu eftir sex mánaða uppgjörið. Eins er það að þessi átök í bankakerfinu hafa mjög lítil áhrif á okkur, við skuldum ekkert í erlendum gjaldeyri og skuldum nánast ekkert í hlutabréfum."

Atli Freyr Sævarsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri í Bolungarvík, segir sömuleiðis að þar hafi viðskiptin aukist töluvert síðustu daga. **- jse**

SPARIFÉÐ Í BANKANN Síðan ljóst varð um ógöngur viðskiptabankanna hefur fólk streymt í Sparisjóðinn í Suður-Þingeyjarsýslu.

Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Kringlukast
« fimmtudag til sunnudags »
20-
50%
afsláttur af
nýjum vörum
NÝTT KORTATÍMABIL
KRINGLUKASTSBLAÐIÐ ER Á KRINGLAN.IS
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

GENGIÐ 08.10.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,5	127,1
Sterlingspund	220,83	221,91
Evra	172,16	173,12
Dönsk króna	23,063	23,197
Norsk króna	20,368	20,488
Sænsk króna	17,73	17,834
Japanskt jen	1,2667	1,2741
SDR	193,7	194,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,0012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök sem notið hafa góðs frá íslenskum almenningi og bönkum:

Óttast um hag barnanna

EFNAHAGSMÁL Góðgerðarsamtökin Spes sem rekið hafa barnahjálp í Afríku finna nú óþyrmilega fyrir samdrættinum á Íslandi auk ýmissa annarra samtaka sem íslenskir bankar og almenningur hafa styrkt í gegnum tíðina. Tilgangur Spes er að byggja og reka þorp fyrir foreldralaus börn og hefur til að mynda verið útbúið um hundrað barna heimili í Afríkuríkinu Tógó.

Það hefur kostað í kringum 77 evrur á mánuði að styrkja eitt barn þar í landi. Njörður P. Njarðvík, formaður samtakanna, segir að þótt Spes sé starfrækt í fleiri löndum en Íslandi hafi um það bil 70 prósent framlaga komið héðan. Nú sé svo komið að útgjöld þeirra Íslendinga sem vilji leggja málinu lið hafi hækkað mjög vegna gengishruns krónunnar auk þess sem gengi hennar sé nú svo mjög á reiki að mjög erfitt sé að eiga við öll útgjöld.

Tógó er sárafátækt land. Þriðjungur íbúa er undir fátæktarmörkum. Fátækt og eyðni leiða til þess að fjölmörg börn fara foreldralaus á vergang en Njörður segir heimilin hafa gefið þeim von. „Við höfum nú þungar áhyggjur af börnunum okkar," segir hann.

- kdk

TÓGÓ Njörður Njarðvík og eiginkona hans, Bera Þórisdóttir með börnum í Togo.

Formaður fjárlaganefndar:

Nýjar upplýsingar daglega

ALÞINGI „Ytri aðstæður valda því að nýjar upplýsingar berast daglega. Þar af leiðandi er verklagið annað en venjulega," segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, um gerð fjárlaga næsta árs.

Fjárlagafrumvarpinu var vísað til nefndarinnar á föstudag og samkvæmt starfsáætlun fer önnur umræða fram undir lok nóvember.

„Ég veit að þingið mun standa undir nauðsynlegu vinnulagi," segir Gunnar en auk stöðugt nýrra upplýsinga setja annir starfsmanna fjármálaráðuneytisins vegna efnahagsaðstæðna og -aðgerða áætlanir úr skorðum. - bþs

Íslendingur í London:

Breytir ekki viðhorfi Breta

EFNAHAGSMÁL „Ég held að flestir Bretar geri sér grein fyrir því að þetta vandamál er ekki sértækt fyrir íslenska banka. Fólk er frekar pirrað út í ófremdarástand í fjármálum almennt en Íslendinga sérstaklega," segir Sindri Traustason, tölvunarfræðingur og forritari, sem býr í King´s Cross-hverfinu í London.

SINDRI TRAUSTASON

Sindri segist verða var við mikla umfjöllun um málefni Icesave allt í kringum sig, en enginn hafi komið að máli við hann persónulega. „Ég held að þetta mál breyti ekkert viðhorfi Breta gagnvart Íslendingum, hvorki ferðamönnum né öðrum," segir Sindri. - kg

Embætti ríkislögreglustjóra:

Varar við gylliboðum í síma

LÖGREGLUMÁL **Ríkislögreglustjóra er kunnugt um að almenningi hér á landi hafi borist símtöl að utan þar sem fólki er boðið að leggja fjármuni sína inn á bankareikninga í útlöndum.**

Vitað er að í einu tilviki, hið minnsta, barst símtalið frá óskráðu GSM-símanúmeri í Danmörku. Í því tilfelli kynnti viðkomandi sig sem starfsmann tiltekins banka í Danmörku, kvaðst vita um bágt efnahagsástand á Íslandi og bauð viðmælanda að flytja fjármuni sína á reikning í bankanum.

Ríkislögreglustjóri hvetur fólk til að vera á varðbergi berist því slík símtöl. - jss

MÁLIN SKÝRÐ Geir H. Haarde forsætisráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra greindu frá nýjustu upplýsingum í efnahags- og fjármálakrísunni og svörðu spurningum íslenskra og erlendra blaðamanna í Iðnó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reynt að róa Bretana

Krísa kom upp í samskiptum Íslands og Bretlands í gær þegar óvissa ríkti um tryggingar á innistæðum Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi. Lausna var leitað eftir að forsætisráðherra Bretlands boðaði lögsókn vegna málsins.

EFNAHAGSMÁL Reiði í garð Íslendinga braust út í Bretlandi í gærmorgun eftir að Alistair Darling fjármálaráðherra sagði að íslensk stjórnvöld hygðust ekki standa við skuldbindingar um að tryggja innistæður Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi. Gat hann þess um leið að bresk stjórnvöld myndu ábyrgjast sparnaðinn.

Skömmu síðar sagði Gordon Brown forsætisráðherra að stæði íslenska ríkið ekki við skuldbindingarnar myndi breska ríkið höfða mál gegn því íslenska til að leita réttar síns.

Í kjölfar þessa hófust umleitanir sem miðuðu að því að koma málinu í vinsamlegri í farveg. Eftir hádegi gekk Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra á fund háttsettra embættismanna í forsætis- og fjármálaráðuneytum Bretlands þar sem ákveðið var að taka upp formlegar viðræður um samráð og nauðsynlegar aðgerðir.

Samhliða gaf Geir H. Haarde forsætisáðherra út yfirlýsingu þar sem sagði að með breyttum lögum yrðu innistæður forgangskröfur ef til gjaldþrots kæmi. Góðar líkur væru á að eignir Landsbankans myndu standa undir stærstum hluta innistæðna Icesave-reikninganna. Var þess og getið að ríkisstjórn Íslands væri staðráðin í að láta ekki núverandi stöðu á fjármálamörkuðum skyggja á áralanga vináttu ríkjanna.

Á blaðamannafundi síðdegis í gær sagði Geir H. Haarde að óvissa hefði komið upp í Bretlandi þar sem málinu hafði ekki verið komið í farveg. Um yfirlýsingar Browns um málshöfðun sagði hann í sjálfu sér ekkert athugavert við að dómstólar leystu úr ágreiningi ef ekki tækist að gera það í góðu samkomulagi milli ríkjanna.

„Það verður að sjálfsögðu samið við Bretana um þetta mál. Það ætlar enginn að hlaupa frá einu eða neinu, að sjálfsögðu ekki. Við tökum á þessu máli eins og á öllum öðrum vandamálum eins og síðað samfélag," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Landsbankinn starfrækti líka Icesave í Hollandi. Að sögn Geirs eru viðræður um tryggingamál við þarlend stjórnvöld ekki jafn langt komnar og í tilviki Bretlands.

Á blaðamannafundinum gat Geir þess að hann hefði talað við kollega sína á hinum Norðurlöndunum og alls staðar mætt velvilja. Hann hefði ekki leitað aðstoðar og hún ekki boðin fram.

bjorn@frettabladid.is

Fyrirhuguð lántaka:

Rætt við Rússana á þriðjudag

Vel má vera að gengið verði frá lánveitingu Rússlands til Íslands á fundi ytra á þriðjudag. Geir H. Haarde forsætisráðherra greindi frá þessu á blaðamannafundi í gær. Sagðist hann telja rússneska ríkið vel aflögufært vegna mikilla tekna af olíusölu.

Spurður hvort aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að málefnum Íslands væri útilokuð sagði hann svo ekki vera.

Geir var spurður hvort hann teldi tímabært að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti og kvaðst hann myndu koma því á framfæri annars staðar þegar hann teldi það tímabært. Gat hann þess jafnframt að staða bankastjórnar Seðlabankans væri óbreytt. - bþs

Peningamarkaðssjóðir:

Reynt að lágmarka skaðann

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir unnið að því að tryggja „að minnsta kosti hluta" inneigna í peningamarkaðssjóðum bankanna.

Slíkir sjóðir njóta ekki sömu tryggingaverndar og hefðbundnar innistæður. Helgast það af eðli þeirra en þeir eru meðal annars ávaxtaðir í hlutabréfum sem rýrnað hafa að verðgildi. Eru sum raunar algjörlega verðlaus.

Björgvin segir ekki hægt að tryggja allar innistæður í peningamarkaðssjóðum, „en það er hægt að finna leiðir til að lágmarka mjög skaðann." - bþs

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Opinn fundur um gjaldeyrismál

Fulltrúaráð Framsóknarfélaganna í Kópavogi boðar til opins fundar um gjaldeyrismál.

Staðsetning: Digranesvegi 12
Tímasetning: laugardaginn 11. október kl.11.00

Frummælandi: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, fyrrverandi alþingismaður, og formaður nefndar Framsóknarflokksins um gjaldeyrismál.

Allir velkomnir
Fulltrúaráð Framsóknarfélaganna í Kópavogi

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGARHORFUR
Helgin verður tvískipt. Á laugardag verður minnkandi norðanátt með rigningu eða slyddu norðan til á landinu en syðra léttir smám saman til um og eftir hádegi. Á sunnudag verður suðaustan strekkingur sunnan til og vestan annars hægari. Einhver rigning syðst en bjart með köflum norðan til og austan.



Á MORGUN
5-10 m/s

LAUGARDAGUR
3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	15°
Ósló	14°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	15°
London	18°
París	17°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	20°
Berlín	18°
Alicante	23°
Mallorca	25°
Basel	20°
Eindhoven	18°
Las Palmas	25°
New York	23°
Orlando	29°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Allar flíspeysur

20% AFSLÁTTUR

verð frá 1.299

Frábært pottasett

13.295 ~~18.995~~

Pottasett
10 stk, nonstick
2100031

30% AFSLÁTTUR

5.999 ~~8.699~~

Pottasett
5 pottar
2009193

GÓÐ TILBOÐ UM LAND ALLT

HÚSASMIÐJAN Í HEIMABYGGÐ

1.499 ~~2.495~~

Skiptilyklasett
Toolux, 6"-8"-10".
5050458

799

Vinnu-vettlingar
m/gúmmígripi
5865924-6

50% AFSLÁTTUR

1.579 ~~3.123~~

Lyklasett
Toolux, 11 stk.
8-22 mm.
5099147

2.999 ~~5.925~~

50% AFSLÁTTUR

Smáhlutabox
Keter Cantilever.
laus box 572x307x167 mm
5024639

599 ~~1.129~~

Hallamál
Komelon, 40 sm.
2 dropar.
5014024

6.999 ~~10.295~~

Kastari
500W á þrífæti
1.2-3 m.
5880064

Hitachi
Power Box

HITACHI POWER TOOLS

19.995 ~~29.995~~

Hitachi Power Box
Hleðsluborvél 12V, 3 stk rafhlöður, ljós og bitasett 31 stk, borasett 36 stk.
5247028

299 ~~495~~

Kakó-brúsi
Disney
7156211/20

8.999 ~~13.995~~

Barna-bílstóll
3000816

30% AFSLÁTTUR

Plastbox

Má frysta og setja í örbylgjuofninn, 100% vatns- og loftþétt
2005433-45

verð frá 335

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN

Telur þú að nú sé kominn stöðugleiki í efnahagslífið á Íslandi?

JÁ 19,0%

NEI 81,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér sanngjarnt að kalla forsvarsmenn bankanna óreiðumenn?

Vísir

Íslenska útrásin áberandi í bók um forseta Íslands sem kemur út á næstunni:

Titli bókarinnar verður ekki breytt

BÓKMENNTIR „Útrás, athafnir, átök og einkamál“ er undirtitill bókar um Ólaf Ragnar Grímsson eftir Guðjón Friðriksson, sagnfræðing og rithöfund, sem JPV gefur út um næstu mánaðamót. Að sögn höfundar var innihald bókarinnar í stöðugri endurskoðun fram í lok september vegna afdrifaríkra atburða síðustu vikna í íslensku efnahagslífi.

Útgáfa á bókinni, sem ber titilinn „Saga af forseta – forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar – Útrás, athafnir, átök og einkamál“, var fyrirhuguð á síðasta ári, en af ýmsum ástæðum var henni frestað um eitt ár. Guðjón segir mikið vatn runnið til sjávar síðan og hann hafi haft í nógu að snúast við að uppfæra bókina. „Þjóðnýting Glitnis er það nýjasta sem náði inn í bókina. Hún er nú komin í prentun. Það er rosalega margt að gerast núna og ekki endalaust hægt að bæta við,“ segir Guðjón.

Spurður hvort til tals hafi komið að breyta titli bókarinnar eða endurskrifa kafla sem víkja að aðkomu forsetans að íslensku útrásinni neitar Guðjón því. „Ég er ekkert að falsa söguna. Ég hugsa þessa bók sem innlegg í umræðuna um forsetaembættið og forsetatíð Ólafs Ragnars,“ segir Guðjón. - kg

ÓLAFUR RAGNAR „Útrás, athafnir, átök og einkamál“ er undirtitill bókar um forsetatíð Ólafs Ragnars, sem hér sést ásamt forkólfum íslensku útrásarinnar og forseta Finnlands.

Árekstur á Þorlákshafnarvegi:

Hlaut alvarlega höfuðáverka

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítugur maður var fluttur með alvarlega höfuðáverka á Landspítalann í Fossvogi síðdegis í gær eftir harðan árekstur á Þorlákshafnarvegi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi skullu tveir bílar saman á veginum.

Ökumenn voru einir í bílunum og þurfti að beita klippum til að ná öðrum þeirra út. Sá var alvarlega slasaður og var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur.

Hinn var einnig fluttur á sjúkrahús til skoðunar. Slysið er í rannsókn. - sh

Árni Johnsen þingmaður:

Leggur til 250 milljóna útgjöld

ALÞINGI Árni Johnsen, Sjálfstæðisflokki, hefur endurflutt tillögu um að allt að 150 vefmyndavélum verði komið upp á fögrum og sérkennilegum stöðum á landinu.

ÁRNI JOHNSEN

Segir í tillögunni að verkefnið myndi skapa óþrjótandi möguleika á landkynningu í þágu ferðaþjónustu, sögu, menningar og atvinnulífs og að skoðun gæti kitlað taugar til frekari kynna af landinu. Samtals eiga myndavélarnar að kosta 225 milljónir króna.

Meðflutningsmenn eru sextán úr öllum flokkum utan VG. - bþs

Fermingarpeningarnir öruggir:

Ríkið ábyrgist sparnað barna í bönkunum

VIÐSKIPTI Reikningar ungra barna og þeirra sem eru á fermingaraldri þegar reikningarnir eru stofnaðir heyra undir sparireikninga hjá viðskiptabönkunum þremur.

Reikninga sem þessa tryggir innistæðudeild Tryggingasjóðs innistæðueigenda að fullu fari viðkomandi banki í þrot. Ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á slíka tryggingu síðustu daga. Reikningarnir eru af ýmsum toga en eiga það flestir hverjir sammerkt að vera bundnir þar til reikningseigandi er orðinn átján ára. - jab

Davíð söng útrásinni lof árum saman

Undanfarin ár hefur Davíð Oddsson lofsamað útrás bankanna við hin ýmsu tækifæri. Davíð sagði í Kastljósi í fyrradag að hann hefði aldrei „sungið þennan útrásarsöng.“ Tónninn breyttist hins vegar ekki fyrr en síðla árs 2007.

EFNAHAGSMÁL Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í Kastljósi í fyrradag að hann hefði aldrei lofsamað útrásina þegar hann var spurður um það hvort hann bæri ekki nokkra ábyrgð á því hvernig fyrir efnahag þjóðarinnar er komið. „Ég söng aldrei þennan útrásarsöng,“ sagði Davíð þá orðrétt.

„Ég veit ekki betur en Davíð hafi verið einn fremsti talsmaður útrásarinnar á árunum 2002 og fram á seinni ár,“ segir Guðmundur Ólafsson hagfræðingur.

Þegar litið er yfir ummæli Davíðs við hin ýmsu tækifæri frá árunum 2004 til 2007 má sjá að hann fór lofsamlegum orðum um útrás bankanna. Í nóvember 2007 fór hins vegar að kveða við nýjan tón en þá sagði hann meðal annars að útrásin hefði meðal annars í för með sér að Ísland yrði óþægilega skuldsett erlendis.

jse@frettabladid.is

Á HRAÐFERÐ Davíð Oddsson hefur síðustu ár verið forsætisráðherra, utanríkisráðherra og nú síðast formaður Bankastjórnar Seðlabanka Íslands.Í öllum þessum hlutverkum hefur hann fjallað um útrásina.

UMMÆLI DAVÍÐS UM ÚTRÁS BANKANNA

■ “Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt að framsæknir bankar í örum vexti, sem skynja að hinn smái íslenski markaður þrengir að þeim, leiti allfast eftir erlendu fjármagni í viðleitni sinni til útrásar og ábata. Innri styrkur bankakerfisins og allar þær vísitölur sem eftirlitsstofnanir og matsfyrirtæki horfa til eru meira en í góðu horfi.” *Á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands í desember 2005*
(En vandinn er bara sá, að það er ekki endilega öruggt að á hverjum tíma ráði þessar mikilvægu forsendur einar ferðinni).

■ “Þá hafa þeir með góðum árangri sótt á erlenda lánamarkaði að undanförnu og gert mun betur en að mæta fjárþörf sinni það sem af er ári. Staða þeirra á markaði hefur því sannarlega styrkst á ný sem er fagnaðarefni. Bankarnir hafa farið mikinn í útrás sinni á undanförnum misserum. Seðlabankinn telur að flest bendi til að vel hafi tekist til í fjárfestingum þeirra í útlöndum.” *Á ársfundi Landssambands lífeyrissjóða í maí 2006*

■ („Banks are now more capable of backing Icelandic business and have been expanding overseas on a growing scale. This is a very positive development which shows beyond all doubt the enormous force unleashed when the state entrusts individuals with freedom of action.“)

■ „Bankarnir hafa verið í örum vexti á erlendri grundu og eru nú betur í stakk búnir til að styðja við íslensk fyrirtæki. Þetta er jákvæð þróun sem sýnir augljóslega þau miklu öfl sem leysast úr læðingi þegar ríkið stendur ekki í vegi fyrir frelsi einstaklingsins.“ *Á fundi í The American Enterprise Institute í Washington janúar 2004*

■ Öflugir lífeyrissjóðir og einkavæðing bankanna ásamt auknu viðskiptafrelsi hafa skapað svigrúm til útrásar íslensks atvinnulífs. Reistar hafa verið traustar stoðir undir sjávarútveginn. Með kvótakerfinu er fiskur veiddur og seldur samkvæmt framboði og eftirspurn á mörkuðum. Það leiðir til aukins aflaverðmætis. Áhrif samdráttar í afla eru því minni en áður, þar sem stöðugleiki hefur tekið við af ringulreið.

Allir þessir þættir og reyndar mun fleiri hafa átt ríkan þátt í að skapa grundvöll íslenskrar útrásar. Framleiðni hefur aukist og fjölbreyttari störf orðið til í landinu. svo sem á hugbúnaðarsviðinu, í lyfjageiranum, á fjármálamarkaðnum, í líftækni og svo mætti áfram telja. Á sama tíma er atvinnuleysi með því minnsta sem þekkist. Sókn íslenskra fyrirtækja erlendis byggir því á traustum grunni og aðstæður þeirra hérlendis eru með þeim bestu í heiminum.” *Ræða utanríkisráðherra á þingfundi um utanríkismál í apríl 2005*

Dómsmálaráðherra dregur orð seðlabankastjóra ekki í efa:

Stjórnin hundsaði viðvörun

EFNAHAGSMÁL „Ég hef ekki reynt Davíð Oddsson af því að fara með rangt mál,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra aðspurður hvort hann teldi Davíð fara með rétt mál í Kastljósi á þriðjudagskvöld þegar hann sagði að hann hefði varað ríkisstjórnina við því að í óefni kynni að fara vegna skuldsetningar bankanna.

„Seðlabankinn varaði við þessu öllu saman, alla tíð,“ sagði Davíð. „Ég gekk marg oft á fund forráðamanna ríkisstjórnarinnar og lýsti gríðarlegum áhyggjum og ég held reyndar að margir hafi talið að ég væri allt, alltof svartsýnn.“ Aðspurður hvort ríkisstjórnin hafi ekki hlutað á seðlabankann svaraði hann: „það er dálítið þannig, satt best að segja.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra var einnig spurður af þessu á blaðamannafundi í gær. Þá sagði hann að frá því í janúar hefði stjórnin haft áhyggjur af þessu og gert það sem hægt væri til að draga úr skuldsetningu og umsvifum bankanna erlendis. „Hinsvegar þá hafa menn staðið í þeirri trú, alveg fram undir það síðasta, að þeir myndu getað bjargað sér með því að fá eðlilega endurfjármögnun,“ sagði hann. „En þegar fjármálaheimurinn allur í útlöndum er botnfrosinn og enginn banki vill lána öðrum, hvorki erlendum né útlendum, þá kemur upp þessi staða.“ - jse

BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra dregur ekki orð Davíðs Oddssonar í efa þegar hann ásakar ríkisstjórnina um að hafa ekki hlýtt á varnaðarorð sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ódýrt í Hagkaup

OPIÐ til 20 alla daga

SS framstir fyrir bragðið

894 kr/kg
Merkt verð 1.568.-
1/2 **sérsnyrtur** skrokkur af nýslátruðu. Frosinn

Nautahakk

Kjúklingabringur
- frosnar. Gott í frystinn

Svínakótilettur
- reyktar

Kjúklingur
- frosinn. Gott í frystinn

KRISTALL 2L
129 kr/stk.
Verð áður 188.-

GEVALIA
399 kr/pk.
Verð áður 495.-

KELLOG´S 1 KG
539 kr/pk.
Verð áður 631.-

Beint frá bónda

GULLAUGA
199 kr/2.5kg
Verð áður 417.-
2,5 kg

HEILSUTVENNA
699 kr/pk.
Verð áður 975.-

ÍTALSKUR ÍS
239 kr/stk.
Verð áður 339.-

Gildir til 12. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir net-innláns-reikningur Landsbankans í Bretlandi?*
2. *Hver ætlaði að stappa stálinu í fólk á samstöðutónleikum í gær?*
3. *Hver þjálfar körfuboltalið Snæfells?*

SVÖR Á SÍÐU 42

Aðilar vinnumarkaðarins gefa stjórnvöldum svigrúm til að takast á við stöðuna:

Umræður um ESB-aðild í salt

STJÓRNMÁL Ekki er tilefni til að ræða um aðild að Evrópusambandinu nú um stundir. Stjórnvöld verða að fá svigrúm til að takast á við stöðuna eins og hún er. Þetta segja Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það er ekki viðfangsefni núna að taka svona mál til krufningar og ASÍ ætlar ekki að dunda sér við slíka umræðu," segir Gylfi.

„Þau mál fara ekki frá okkur og ég held að það eigi ekki að vera að tala um þetta akkúrat í augnablikinu," segir Vilhjálmur. Betra sé að láta rykið setjast og skoða málin

GYLFI ARNBJÖRNSSON

VILHJÁLMUR EGILSSON

seinna. Hann segir að þegar ró færist yfir á ný og áhrif efnahagsumrótsins á Ísland, ESB, evruna og Evrópska seðlabankann verða ljós muni málið koma til umræðu á ný.

Gylfi segir að hvað sem líður núverandi ástandi hafi grundvallarafstaða ASÍ ekki breyst; stöðugleika sé krafist og hann fáist ekki með krónunni. „Gjaldmiðillinn er hluti af vandanum," segir Gylfi.

Vilhjálmur segir að þótt það gæti hugsanlega haft jákvæð áhrif á erlendum fjármálamörkuðum að senda skilaboð um vilja Íslands til að ganga í ESB sé hætt við að enginn myndi heyra af þeim vilja. Svo mikið gangi á á evrusvæðinu nú um stundir.

Evrópusamtökin vilja að umsókn um ESB-inngöngu verði undirbúin með markvissum hætti. Telja þau það ráðlegt í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna. - bþs

Fangelsi og skaðabætur:

Braut gegn ungri stúlku

DÓMSMÁL **Tæplega tvítugur maður hefur verið dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa samfarir við stúlku sem þá var fjórtán ára.**

Það var móðir stúlkunnar sem kærði manninn fyrir kynferðisbrot gegn ungri dóttur sinni. Greindi hún frá því að hann hefði ekið með dóttur hennar út á auða byggingarlóð við Fiskislóð í Reykjavík. Í bifreiðinni hafi ákærði fengið stúlkuna til að hafa við sig samfarir.

Auk fangelsisdómsins var maðurinn dæmdur til að greiða stúlkunni fjögur hundruð þúsund krónur í skaðabætur. - jss

ESB-aðildarumsókn fái flýtiafgreiðslu

Einn af varaforsetum Evrópuþingsins hvetur til að séð verði til þess að aðildarviðræður við Ísland yrðu afgreiddar eins fljótt og auðið væri, skyldi aðildarumsókn berast frá Íslandi, í því skyni að hjálpa Íslandi í efnahagsþrengingunum.

EVRÓPUMÁL Diana Wallis, einn af varaforsetum Evrópuþingsins, hefur sent Olli Rehn, stækkunarmálastjóra Evrópusambandsins, bréf þar sem hún skorar á hann að sjá til þess að aðildarumsókn frá Íslandi fái flýtimeðferð í gegn um ESB-kerfið, skyldi slík umsókn berast frá Íslandi. Með því að taka Ísland þannig með hraði inn í sínar raðir gæti Evrópusambandið orðið landinu stoð og stytta í þeim efnahagsþrengingum sem það gengur nú í gegn um, að því er segir í tilkynningu frá skrifstofu Wallis.

Diana Wallis hefur lengi átt sæti á Evrópuþinginu sem fulltrúi Frjálslyndra demókrata fyrir Yorkshire- og Humber-kjördæmi á Norðaustur-Englandi. Hún átti lengi sæti í tengslanefnd þingsins við EFTA-ríkin og í því hlutverki skrifaði hún fyrir nokkrum árum bók um stöðu Íslands og hinna EFTA-ríkjanna í Evrópusamvinnunni. Nú er hún. sem fulltrúi þingflokks frjálslyndra flokka frá öllum ESB-löndunum 27. einn af varaforsetum Evrópuþingsins.

„Framkvæmdastjórinn (Olli Rehn) kvað hafa sagt að aðildarviðræður við Ísland gætu tekið allt að ár en ég hef eftir öðrum heimildum að hugsanlegt væri að ljúka slíkum viðræðum á hálfu ári, jafnvel skemur. Ég hef skrifað Olli Rehn til að biðja hann um að gefa aðildarumsókn frá Íslandi flýtimeðferð, skyldi hún berast," segir í tilkynningunni frá skrifstofu Wallis í gær.

Tekið er fram að það sé að sjálfsögðu undir Íslendingum sjálfum komið hvort þeir kjósi að sækja um aðild, en Wallis segir að sig gruni að „athafnasvigrúm ríkisstjórnarinnar í Reykjavík þrengist nú snöggt í ljósi efnahagsástandsins í landinu. Svo virðist sem köll eftir inngöngu (í ESB) úr öllum áttum stjórnmálaumræðunnar og frá leiðtogum atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar séu að ná hámarki".

FLÝTIMEÐFERÐ? Wallis leggur til að Ísland fái inngöngu í ESB „á nokkrum vikum fremur en mánuðum" ef Íslendingar skyldu ákveða að sækja um. NORDICPHOTOS/AFP

OLLI REHN

DIANA WALLIS

„Mín tilfinning er sú, eftir að hafa fylgst með samskiptum ESB og Íslands í um áratug, er að með sérreglum um sjávarútveg væri hægt að semja um fulla aðild Íslands að ESB á nokkrum vikum fremur en mánuðum. Þetta hljóta að vera góð tíðindi fyrir Ísland þar sem ég tel að svo fljót afgreiðsla myndi binda enda á efnahagsóvissuna í landinu að miklu leyti," segir Wallis.

Þegar leitað var viðbragða frá skrifstofu Ollis Rehn í Brussel áréttaði Anna-Kaisa Itkonen, einn talsmanna Rehns, fyrri ummæli hans um að aðildarumsókn frá Íslandi yrði vel tekið.

audunn@frettabladid.is

BANKASTJÓRARNIR Seðlabankar margra landa lækkuðu stýrivexti óvænt í gær til að spyrna fæti við samdrætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Neyðarúrræði seðlabanka:

Vextir lækka víða um heim

VIÐSKIPTI **Seðlabanki Evrópu, auk seðlabanka Bandaríkjanna, Englands, Kanada, Sviss og Svíþjóðar ákváðu í gær að lækka stýrivexti um 0,5 prósentustig.**

Evrópsku seðlabankarnir veittu í kjölfarið níutíu milljörðum dala inn á fjármálamarkaði til að liðka fyrir millibankaviðskiptum. Á sama tíma lækkaði bandaríski seðlabankinn afsláttarvexti á beinar lánveitingar til banka um 50 punkta.

Í sameiginlegri yfirlýsingu kemur fram að stýrivaxtalækkunin sé sértækt neyðarúrræði til að vinna bug á djúpri fjármálakreppu og sneiða hjá samdráttarskeiði. - jab

STÝRIVEXTIR LANDANNA

Land	Vaxtastig
Bandaríkin	1,50%*
Bretland	4,50%*
Evrusvæðið	3,75%*
Japan	0,50%
Ísland	15,5%

* Eftir stýrivaxtalækkun

YOICHIRO NAMBO Einn þriggja kjarneðlisfræðinga sem fær eðlisfræðiverðlaun Nóbels í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóbelsverðlaun:

Marglyttur og öreindafræði

SVÍÞJÓÐ, AP Bandarískir og japanskir vísindamenn hljóta Nóbelsverðlaunin í efnafræði og eðlisfræði í ár.

Í gær skýrði sænska Nóbelsnefndin frá því að tveir Bandaríkjamenn og einn Japani fái efnafræðiverðlaunin fyrir rannsóknir sínar á marglyttuprótíni sem gjörbylti möguleikum manna til að rannsaka sjúkdóma og starfsemi lífvera.

Einn Bandaríkjamaður og tveir Japanar hljóta hins vegar verðlaunin í eðlisfræði fyrir rannsóknir á hegðun öreinda, að því er fram kom í tilkynningu Nóbelsnefndarinnar á þriðjudag. - gb

Flugvél þurfti að millilenda:

Einn veikur og tvær trítilóðar

LÖGREGLUMÁL **Flugvél Continental-flugfélagsins þurfti að lenda hérlendis í gær vegna veikinda farþega, sem misst hafði meðvitund. Hann var rakleiðis fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar. Vélin var á leið frá Bandaríkjunum til Þýskalands.**

Flugstjórinn nýtti tækifærið til að vísa frá borði tveimur ölvuðum bandarískum konum sem höfðu verið með óspektir um borð. Þær munu sjálfar þurfa að verða sér úti um far úr landi. - sh

GSM og HEIMA SÍMAR

Sýningareintök

allt að

80% afsláttur

aðeins í Holtagörðum

2.289 kr.



4.989 kr.

2.289 kr.

2.989 kr.

Super Slim

Ofur þunnt LCD

JVC LT42DS9
42" DynaPix Full HD LCD breiðtjald • Super-Slim (þykkt: 7,4 sm) • 1920x1080 punkta uppl. • Skerpa 7.500:1

279.989 kr.

Fullt verð 329.989

106 lítra kista

Whirlpool AFG610MB
105 lítra frystikista • Frystigeta 7,5kg á sólarhring • 1 Karfa fylgir • Hraðfrysting • Orkunýting B • Mál (hxbxd): 85x53x58sm

49.989 kr.

Fullt verð 52.989

17 lítra örbylgjuofn

Melissa 653110
17 lítra og 700w örbylgjuofn • 5 styrkstillingar og Defrost • 35 mín. tímastillir • 24,5sm snúningsdiskur úr gleri

6.989 kr.

Fullt verð 9.989

Pokalaus ryksuga

Kenwood VC6200
1600w ryksuga • HEPA filter • 4.,5m kapall

6.989 kr.

Fullt verð 8.989

DVD myndir **989 kr.**

Hundruðir DVD titla í boði!

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

Í SKJÓLI BAK VIÐ GLER Gestir í dýragarði á Filippseyjum virða fyrir sér tígrisdýr sem gnæfir yfir þeim og hallar sér upp að glervegg, sem er á milli þess og áhorfenda. NORDICPHOTOS/AFP

TÁRAGASI BEITT Spenna vex í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök harðna í Taílandi:

Reisa götuvígi og grýta lögregluþjóna

TAÍLAND, AP Taílenskir mótmælendur, sem vikum saman hafa krafist þess að stjórn landsins segi af sér, eru farnir að reisa götuvígi, kveikja í bílum og kasta flöskum að lögregluþjónum, sem á móti eru farnir að beita táragasi.

Átökin kostuðu að minnsta kosti einn mann lífið í gær og 350 manns særðust. Átökin í gær voru þau alvarlegustu síðan mótmælin hófust fyrir hálfum öðrum mánuði.

Spennan jókst verulega strax á mánudag þegar mótmælendur umkringdu þinghúsið í Bangkok og reistu þar götuvígi úr gaddavír og hjólbörðum. - gb

Landsbankinn og Glitnir í Lúxemborg í umsjá fjármálaeftirlitsins þar:

Bankarnir teknir yfir í Lúxemborg

VIÐSKIPTI „Við tjáum okkur ekki um aðstæðurnar sem stendur," sagði starfsmaður útibús Landsbankans í Lúxemborg og skellti á í gær skömmu eftir að spurðist út að stjórn Landsbankans í borginni hefði óskað eftir greiðslustöðvun. Stjórn Glitnis í Lúxemborg hefur sömuleiðis óskað eftir greiðslustöðvun.

Fjármálaeftirlit Lúxemborgar hefur tekið yfir stjórn beggja banka. Starfsemi Landsbankans hefur þegar verið lokað en Glitnir í Lúxemborg var enn starfandi í gær. Innistæður viðskiptavina beggja banka hafa verið frystar.

Útibú bankanna beggja eru í þeirra eigu en starfsemin var þjóðnýtt á þriðjudagsmorgun eftir að Alþingi samþykkti neyðarlög sem heimila Fjármálaeftirlitinu yfirtöku á stjórn þeirra.

Báðir bankarnir sinna margvíslegri einkabankaþjónustu, eignastýringu og annarri fjármálaþjónustu.

Bankarnir opnuðu útibú í Lúxemborg árið 2003 en Landsbankinn tók þar yfir starfsemi Búnaðarbankans. - jab

HORFT YFIR LÚXEMBORG Stjórnir Landsbankans og Glitnis í Lúxemborg hafa óskað eftir greiðslustöðvun.

Héraðsdómur Suðurlands:

Dæmdir fyrir líkamsárásir

DÓMSMÁL Maður um tvítugt hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Honum var gefið að sök að hafa kýlt annan mann í andlitið fyrir utan Draugabarinn á Stokkseyri með þeim afleiðingum að tönn brotnaði.

Árásarmaðurinn játaði brot sitt fyrir dómi.

Þá hefur rúmlega fertugur maður verið dæmdur til að greiða manni ríflega 130 þúsund krónur í skaðabætur vegna líkamsárásar. Manninum var ekki gerð refsing að öðru leyti þar sem sannað þótti að maðurinn sem hann réðst á **hefði að hluta átt upptök að átökunum.** - jss

Norðurál fer fram á stækkun í Helguvík við ráðherra

Á borði Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra liggur erindi frá Norðuráli um stækkun álversins í Helguvík og hröðun framkvæmda. Fyrirtækið hefur tryggt fjármögnun áætlaðra framkvæmda.

STÓRIÐJA Norðurál hefur farið þess á leit við iðnaðarráðuneytið að flýta framkvæmdum við álverið í Helguvík og óskað eftir heimild til að byggja stærra ver en upphaflega var áætlað. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst ósk þessa efnis til ráðuneytisins nýlega.

Framkvæmdir við álver Norðuráls í Helguvík ganga samkvæmt áætlun; öll leyfi liggja fyrir og úthlutun losunarheimilda barst í lok september. Losunarheimildir leyfa framleiðslu á 50 þúsund tonnum af áli árið 2010 og 150 þúsund tonnum árin 2011 og 2012, eins og áætlað hefur verið. Nú liggur á borði iðnaðarráðherra erindi frá Norðuráli þar sem áhugi fyrirtækisins á að stækka álverið kemur fram. Fyrirtækið hefur einnig hug á að flýta framkvæmdum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir það rétt að Norðurál vilji flýta framkvæmdum. Búið sé að tryggja orkusamninga til að hefja framleiðslu í árslok 2010 en frekar óljóst sé um hversu fljótt náist að afla orku til þeirrar framleiðslu sem áætluð er í framhaldinu. „Það sem þeir eru að leggja áherslu á er að flýta framkvæmdum og leggja fjármagn inn í landið í auknum mæli. Þeir hafa fjármagn til að halda hratt áfram að því gefnu að orka fáist."

Umhverfismatið fyrir álverið í Helguvík gerir ráð fyrir 250 þúsund tonna framleiðslu en að sögn Árna leyfir aðstaðan í Helguvík um 350 þúsund tonna álver. „Ég hef ekki upplýsingar um hugsanlega stækkun enda er hún bundin nýju umhverfismati og nauðsynlegum leyfum að sjálfsögðu."

Árni segir að alltaf hafi legið fyrir áhugi fyrirtækisins um að reisa stærra álver en 250 þúsund tonn. „Þetta er alltaf hugsað í 120 þúsund tonna áföngum og þá er um þrjá áfanga að ræða. Umhverfismatið gerir ráð fyrir fyrsta og öðrum áfanga og í mínum huga snýst verkefnið um að ljúka þeim áður en menn velta vöngum yfir stækkun."

Ágúst F. Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta, segist ekki geta tjáð sig um hvort Norðurál hafi sent inn erindi til iðnaðarráðuneytisins. Aðspurður um hvort þróun efnahagsmála á Íslandi og í heiminum hafi haft áhrif á fyrirtækið svarar Ágúst að efnahagsástandið hafi ekki haft áhrif á fyrirtækið hingað til og áform varðandi byggingu álvers í Helguvík standi.

Ekki náðist í iðnaðarráðherra við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is

HELGUVÍK FRAMTÍÐARINNAR Upphaflegar hugmyndir um álverið gerðu ráð fyrir 250 þúsund tonna framleiðslu árið 2012.

OCTOBER 9, 2008

IMAGINE PEACE

To the People of Iceland,

Today, on the birthday of John Lennon, please join me in praying for peace and stability for our planet. At 8:00 pm, as IMAGINE PEACE TOWER becomes illuminated on Viðey, let's come together in thought and in action, letting the power of light and our prayer make darkness and confusion disappear.

As my gift to the people of Iceland, for the week starting on October 9, I would like to offer free boat trips to the island of Viðey so that as many people as possible can experience IMAGINE PEACE TOWER.

with love,

yoko

www.IMAGINEPEACE.com

Sjónvarpskappræður forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum:

Obama styrkir enn stöðu sína

BANDARÍKIN, AP John McCain, sem hefur verið að dragast aftur úr í skoðanakönnunum, tókst ekki að bæta stöðu sína neitt í kappræðum við Barack Obama í fyrrinótt.

Tæpar fjórar vikur eru nú til forsetakosninganna og fjármálakreppan, sem leggst af fullum þunga á Bandaríkin, virðist hafa fælt kjósendur frá McCain og Repúblikanaflokknum eftir að hafa haft repúblikanann George W. Bush í átta ár á forsetastól.

Demókratinn Obama þótti standa sig mun betur í kappræðunum, sem fóru að ósk McCains fram eins og hefðbundinn kosningafundur frekar en sem sjónvarpsfundur.

Forsetakosningar 2008

Obama virkaði öruggur og staðfastur meðan McCain þeyttist um sviðið og virtist ekki alveg vita hvernig hann ætti að haga sér við þessar aðstæður.

Obama notfærði sér óspart efnahagsvandræðin til að skjóta á McCain, einkum með því að tengja hann við efnahagsstefnu Bush forseta. McCain kenndi hins vegar Obama og Demókrataflokknum um hrun fasteignalánabankanna Freddie Mac og Fannie Mae, sem voru upphafið að keðjuverkun fjármálakreppunnar sem nú er skollin á.

MCCAIN OG OBAMA Mættust í kappræðum í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðustu kappræður forsetaframbjóðendanna fara fram á miðvikudag. **- gb**

Lán verða tekin yfir á óbreyttum kjörum

Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir að til að gæta sanngirni sé allt annað útilokað en að taka íbúðalán bankanna yfir á óbreyttum kjörum. Skoðað af alvöru hvort rétt sé að breyta íbúðum sem sjóðurinn leysir til sín í félagslegt leiguhúsnæði.

FÉLAGSMÁL Gert er ráð fyrir að Íbúðalánasjóður taki yfir íbúðalán bankanna á óbreyttum kjörum. „Lánin verða bara öll tekin yfir eins og þau líta út, og það á einnig við um erlendu lánin," segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að Íbúðalánasjóðurinn myndi taka lánin yfir með afslætti.

Guðmundur segir að ekkert annað komi til greina en að taka lánin yfir á þeim kjörum sem skuldabréfin kváðu á um í upphafi. „Það er svo síðara tíma mál ef farið yrði að skuldbreyta lánum með einhverjum hætti eða breyta skilmálum í tengslum við greiðsluerfiðleika, en það liggur ekkert fyrir um það á þessu stigi."

Ekki kemur til greina að sögn Guðmundar að taka lánin yfir á upphafsgengi. „Það er auðvitað ekkert um það að ræða. Þá væri verið að mismuna lántakendum gríðarlega." Verðtrygging á innlendum lánum annarra lántakenda væri þá að litlu höfð. Eins sé það ekki fýsilegur kostur að breyta lánunum nú þegar yfir í innlend lán. „Mér þætti með ólíkindum ef nokkur maður vildi það. Mér finnst nú sennilegra að menn vilji bíða eftir því að gengið lagist aftur og þá lækki lánin."

Guðmundur segir Íbúðalánasjóð hafa ýmis úrræði lögum samkvæmt til þess að létta undir með fólki í greiðsluerfiðleikum. „Þau felast í frestun greiðslu afborgana, svokallaðri frystingu, að skuldbreyta vanskilum og síðan höfum við stundum lengt lánstíma til að létta greiðslubyrði." Nú séu einnig í skoðun fleiri möguleikar, meðal annars hvort hægt sé að lengja innheimtuferlið til að gefa fólki meiri tíma til að koma sínum málum í skil.

Þá segir Guðmundur að það hafi verið rætt af alvöru hvort rétt væri að hætta að selja húsnæði sem Íbúðalánasjóður leysir til sín á nauðungarsölu, og breyta því heldur í félagslegt leiguhúsnæði. Þannig væri hægt að forðast það að þurfa að reka fólk út á gaddinn sem ekki getur staðið í skilum, auk þess sem örðugt geti reynst að selja húsnæði við þær markaðsaðstæður sem fyrirséðar eru á næstunni. Hugsanlegt væri að fela öðrum aðila að sjá um slíkt verkefni fyrir sjóðinn, til dæmis Félagsbústöðum. Allt sé þetta þó enn á teikniborðinu.

stigur@frettabladid.is

EFNAHAGSHAUSTLÆGÐ Guðmundur segist búast við því að meiri erfiðleikar fylgi bankalánunum en hefðbundnum lánum Íbúðalánasjóðs. Þau séu hærri og erlendu lánin mörg hver risin yfir verðmæti eignanna. FRÉTTABLAÐIÐ / E. ÓL

> Lánin verða bara öll tekin yfir eins og þau líta út, og það á einnig við um erlendu lánin

GUÐMUNDUR BJARNASON
FORSTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

Íslensk kona býr skammt frá húsi þar sem morð var framið á Jótlandi:

Óþægileg nálægð við morðstað

DANMÖRK „Við búum um þrjú hundruð metrum frá staðnum þar sem morðið var framið og það hefur vissulega verið óþægileg nálægð."

Þetta segir Gunnur Ósk Bjarnadóttir sem býr ásamt manni sínum og tveimur ungum börnum í Skovby á Jótlandi. Í síðustu viku var brotist inn hjá eldri hjónum í Skovby. Innbrotsmennirnir gengu í skrokk á gamla manninum og misþyrmdu honum. Konan hans slapp hins vegar út úr húsinu og komst undan á flótta. Þegar lögreglan mætti á staðinn var gamli maðurinn, sem var 78 ára, látinn.

Í ágúst hafði einnig verið brotist inn hjá þessum sömu hjónum og skotvopnum stolið. Taldi lögreglan fullvíst að sömu menn hefðu verið að verki í báðum tilvikum. Fjórir menn af erlendum uppruna hafa nú verið handteknir, sterklega grunaðir um verknaðina.

„Fólk hefur náttúrulega verið í sjokki, því þetta er svo lítill bær," segir Gunnur Ósk. „Hér var allt krökkt af lögreglumönnum og gatan lokuð. Svo auglýsti lögreglan eftir svörtum BMW og okkur var sagt að mikill fjöldi ábendinga hefði borist. Fólki er vissulega rórra eftir að mennirnir voru handteknir."

- jss

SKOTVOPN Í fyrri atrennu ódæðismannanna var stolið skotvopnum sem gamli maðurinn notaði til veiða.

netto
...ódýrari kostur!
BBQ KJÚKLINGALEGGIR
439 kr/kg
626 kr/kg
30% afsláttur
HAMBORGARAR 2x175g
GOÐI
30% afsláttur
398 kr/kg
568 kr/kg
KIMS SALTHNETUR 125g
99 kr/pk.
KIMS OSTEPOPS 165g
199 kr/pk.
50% afsláttur
TILBOÐSÍS VANILLU OG SÚKKULAÐI
99 kr/stk.
198 kr/stk.
www.markhonnun.is
TILBOÐIN GILDA 9. - 12. OKTÓBER
Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold
Akureyri - Höfn - Grindavík

SKOTVEIÐIDAGAR

Ráðumst á verðbólguna með frábærum tilboðum í fáeina daga

Veiðihornið Síðumúla 8 og Sportbúðin Krókhálsi 5 efna til skotveiðidaga og bjóða frábær tilboð í fáeina daga

Haglabyssur	30% afsláttur
Skotveiðigallar	20 til 50% afsláttur
Felulitavöðlur	20% afsláttur
Gervigæsir, endur og álftir	20 til 30% afsláttur
Töskur allt að	50% afsláttur

Misstu ekki af skotveiðidögum í Veiðihorninu og Sportbúðinni

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Krókháls 5 – Sími 517 8050
Sportbudin.is



Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidihornid.is

SKRAUTLEGUR FUGL Hann ber fagurt höfuðskraut fuglinn sem unir sér vel í þjóðgarði í Naíróbí. Þessi trönutegund er algeng í Afríku. NORDICPHOTOS/AFP

Geðhjálp segir sjaldan jafn mikilvægt að hlúa að því sem fólki þykir vænst um:

Óvissa ögrar geðheilsunni

HEILBRIGÐISMÁL „Rannsóknir hafa sýnt að fjórði hver einstaklingur fær geðsjúkdóm einhvern tímann á lífsleiðinni," segir Einar G. Kvaran, verkefnisstjóri í málefnum ungs fólks hjá Geðhjálp. „Algengt er að þetta gerist þegar fólk er undir miklu álagi og því má leiða líkur að því að hlutfallslega fleiri veikist í óvissuástandi líkt og því sem er í þjóðfélaginu um þessar mundir. Það er hægt að gera ýmislegt til að minnka líkurnar á að þetta gerist. Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að hlúa að því sem manni þykir vænt um."

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn er á föstudag og af því tilefni verður haldin dagskrá í Perlunni milli klukkan 16 og 18. Þar munu tónlistarmenn stíga á svið auk þess sem haldin verða erindi um málefni sem tengjast geðheilsu barna og ungs fólks. Í tengslum við þann dag var vefsíðan 10.okt.com opnuð formlega á blaðamannafundi í gær þar sem fulltrúar frá Geðhjálp, Samtökum félagsmiðstöðva og Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði auk lífsleiknikennara frá Hagaskóla kynntu framtakið. Kjörorð geðheilbrigðisdagsins er „Hlúðu að því sem þér þykir vænt um".

- jse

EINAR G. KVARAN Nú ríkja óvissutímar og því jafnvel enn mikilvægara en ella að huga að geðheilsunni. Hér er Einar á blaðamannafundi sem haldinn var í gær til að kynna geðheilsudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Átök í Pakistan:

Afganir heim frá Pakistan

PAKISTAN, AP Fjölmargir afganskir flóttamenn hafa farið frá átakasvæðum í Pakistan yfir landamærin til Afganistans í vikunni. Pakistönsk stjórnvöld höfðu sakað þá um tengsl við talibanahreyfinguna og skipaði þeim að hypja sig á brott.

Stjórnarherinn í Pakistan hefur undanfarna tvo mánuði barist af hörku við uppreisnarmenn í Bajur-héraði. Pakistanski herinn segist hafa fellt þúsund uppreisnarmenn. Talið er að um 20 þúsund flóttamenn hafi snúið aftur til Afganistans, en þúsundir að auki hafa flutt sig til annarra svæða í Pakistan.

- gb

Orkuveita Reykjavíkur

Að taka náttúruna með í reikninginn

Ráðstefna á Háskólatorgi við Háskóla Íslands föstudaginn 10. október 2008 frá kl. 8:30-17:00

Orkuveita Reykjavíkur, ásamt samstarfsaðilum, boðar til ráðstefnu um endurheimt staðargróðurs og frágang á gróðri og landslagi eftir rask vegna framkvæmda. Ráðstefnan er hugsuð sem vettvangur fyrir framkvæmdaraðila, sérfræðinga og eftirlitsaðila til þess að ræða lausnir á þessu sviði. Hún er þáttur í undirbúningi fyrir gerð verklagsreglna um umgengni og frágang vegna rasks við framkvæmdir, sem vonandi geta nýst sem flestum aðilum.

Markmið ráðstefnunnar er að:

- auka meðvitund um mikilvægi þess að taka tillit til náttúru og landslags allt frá hönnun til framkvæmdaloka.
- stuðla að því að útfærsla og staðsetning mannvirkja séu með þeim hætti að áhrif þeirra á vistkerfi og landslag verði sem minnst.
- finna leiðir til að lágmarka rask meðan á framkvæmdum stendur og haga frágangi þannig að hægt verði að endurheimta staðargróður á röskuðum svæðum og bæta virkni skemmdra vistkerfa svo fljótt sem kostur er.

Þátttökugjald er 5.000 kr. Hádegisverður innifalinn.
Háskólastúdentar greiða 1.500 kr. gegn framvísun skírteinis.

Línuhönnun verkfræðistofa · Landbúnaðarháskóli Íslands · Landgræðsla ríkisins

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 43754 09/08

• Ráðstefnan er öllum opin – nánari upplýsingar á vefsíðu OR

www.or.is

BÓLUSETNING Hveragerðisbær býður bæjarstarfsmönnum bólusetningu og heilsufarsmælingar.

Heilsuefling í Hveragerði:

Starfsfólk fái bólusetningu

HVERAGERÐI Bæjaryfirvöld í Hveragerði hafa samið við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um trúnaðarlæknisþjónustu, bólusetningu, heilsufarsmælingar, heilsufarsmat og fræðslu til bæjarstarfsmanna.

„Í boði verða valkvæðar heilsufarsmælingar og heilsufarsmat en með þeim fær hver starfsmaður upplýsingar um eigið heilsufar sem vakið geta til meðvitundar um mikilvægi bættrar heilsu. Í boði verða nauðsynlegar bólusetningar," segir í fundargerð bæjarráðs þar sem einnig kemur fram að trúnaðarlæknir á vegum bæjarins verði „til ráðgjafar vegna fjarvista starfsmanna í veikinda- og slysatilfellum".

- gar

ALÞINGI

Kristinn H. varaforseti

Kristinn H. Gunnarsson er varaforseti Alþingis, ásamt Ástu R. Jóhannesdóttur, Þuríði Backman, Kjartani Ólafssyni, Einari Má Sigurðarsyni og Ragnheiði Ríkarðsdóttur. Magnús Stefánsson er áheyrnarfulltrúi í forsætisnefnd. Sturla Böðvarsson er áfram forseti þingsins.

KÓPAVOGUR

Óperuhús í deiliskipulag

Skipulagsnefnd Kópavogs hefur falið Teiknistofunni Arkþingi í samvinnu við skipulags- og umhverfissvið bæjarins að vinna að deiliskipulagstillögu fyrir fyrirhugað óperuhús.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Ræstum fyrirtæki og stofnanir
Er HREINT hjá þér?
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Kíktu inn á **www.pitstop.is** og skoðaðu úrvalið

EKKI BÍÐA EFTIR BIÐRÖÐINNI

VETRAR- / HEILSÁRSDEKKIN FÆRÐU HJÁ OKKUR

GOTT ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ

pitstop

ÞJÓNUSTA Í FYRIRRÚMI

MICHELIN BFGoodrich Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi

Pitstop – *góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta*

TILBOÐ

FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK

Afsláttur

15% afsláttur af öllum dekkjum

20% afsláttur af allri vinnu

pitstop
Rauðhellu 11 Hfj.
Sími: 568 2035

pitstop
Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121

pitstop
Dugguvogi 10
Sími: 568 2020

HELIX
Við notum Shell Helix smurolíur

Útgjöldin
> Kílóverð á hrísgrjónum miðað við verðlag á öllu landinu



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: HAFDÍS EYJÓLFSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI HJÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skammaðist sín fyrir bumbubanann

„Mín bestu kaup voru reyndar ekki mín eigin. Ég fékk nefnilega forláta græjur í fermingargjöf og þær eru klárlega sú gjöf sem hefur enst best. Í þeim hefur verið spiluð alls kyns tónlist og hinar ýmsu tónlistarstefnur síðustu 17 ár og þær láta ekkert á sjá, eða heyra," segir Hafdís.

Græjurnar sem um ræðir eru Pioneer og Hafdís segir þær enn halda vöku fyrir nágrönnunum. „Já, já, þær blasta enn þá út partíin enda eru þær alveg eins og nýjar. Það brakar ekki einu sinni í hátölurunum og trauðla gerist það úr þessu."

Verstu kaupin eru meira feimnismál. „Þetta er heldur neyðarlegt en ég ákvað bara að hreinsa út. Ég keypti nefnilega bumbubana, eða hvað þessir magaþjálfar hétu, í gegnum sjónvarpsmarkað fyrir tíu eða tólf árum.

Þetta var rándýrt helvíti og maður skammaðist sín fyrir þetta. Því hvarf hann fljótlega inn í skáp. Þetta er svona með neyðarlegri augnablikum hjá mér, en maður verður bara að sætta sig við þetta."

Hafdís telur ljóst að hún sé ekki ein og hvetur fólk til að koma út úr skápnum, en skilja þó bumbubanann eftir þar. „Fólk segir áreiðanlega ekki frá svona kaupum en nú hef ég slegið tóninn. Kannski ég stofni í kjölfarið stuðningshóp fyrir fórnarlömb bumbubanans? Mér líður í það minnsta mun betur með að hafa opinberað þetta."

GÓÐ HÚSRÁÐ

EKKI NOTA KORT

■ *Lára Ómarsdóttir, blaðamaður og móðir fimm barna, skipuleggur innkaup og notar seðla.*

„Þegar maður er búinn að borga reikninga þá deilir maður í afganginn af peningnum með fjölda daga í mánuðinum. Þá sér maður hve miklu maður getur eytt á hverjum degi í mat, síðan býr maður til matseðil fyrir allan mánuðinn, fer svo og kaupir inn fyrir vikuna, bara það sem er á matseðlinum og ekkert annað," segir Lára. Hún segir mikilvægt að fara með peninga í verslanir en ekki kort. „Á matseðlinum ætti að vera gert ráð fyrir morgunmat, hádegismat, kaffi og kvöldmat. Listann hengir þú upp á ísskáp svo allir geti séð hann, þá geta börnin líka séð hvað þau mega fá og hvað ekki úr skápunum."

Neytendur: Lögin eru alveg skýr:

Hilluverð gildir alltaf

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Þóra skrifar: *„Ég var stödd i Kaskó á Húsavík og ætlaði að kaupa SMA-þurrmjólk, 900gr. Þar stóð á hillunni 799 kr. Ég tók tvær dósir en á kassanum stimplaðist dósin inn á 999 kr. Ég mótmælti og kvað verðið ekki vera rétt, það ætti að vera kr. 799. Konan á kassanum sagði að það hefði komið hækkun. Ég sagði að mér væri nokk sama, ég ætti rétt á að fá vöruna á merktu verði. Nei, hún hélt nú ekki, 999 kr. skyldi ég borga og ekkert múður. Dósunum getur hún troðið þar sem sólin ekki skín. Er ekki réttur okkar neytenda skýr? Merkt verð á að gilda ekki satt?"*

Við þessu er einfalt svar. Það er svona: Réttur neytanda gæti ekki verið skýrari. Merkt verð gildir í öllum tilfellum. Verslanir eiga samkvæmt lögum að merkja allt sem þær selja og þær eiga að merkja það réttu verði. Ef misbrestur verður á þessu hefur Neytendastofa vald til þess að beita dag- og stjórnvaldssektum. Hún hefur þegar gert það og ætlar að halda því áfram og gefa ekkert eftir.

Áletruð dagbók er falleg og persónuleg gjöf

Sérmerktar dagbækur eru vinsælar gjafir til viðskiptavina, starfsmanna, annarra vina og vandamanna.

Kynntu þér glæsilegt úrval okkar, fáðu vandaða ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Smiðjuvegi 5 + Höfðabakka 3
Borgartúni 29 + Glerárgötu 34
sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5100

A4

Hagnýt ráð í hallæri

Húsnæði, samgöngur og matur eru dýrustu útgjaldaliðir íslenskra heimila. Hægt er að draga úr þeim útgjöldum með skipulagi og hagsýni.

■ Til stendur að Íbúðalánasjóður ríkisins taki yfir húsnæðislán þeirra banka sem hafa verið þjóðnýttir. Hjá félagsmálaráðuneytinu fengust þær upplýsingar að unnið sé nú að útfærslu yfirtökunnar en niðurstaðan verði kynnt um leið og hún liggi fyrir. Íbúðareigendur sem eiga hlut að máli skulu því fylgjast vel með næstu daga.
■ Forgangsraðið í rekstri heimilisins; hvers getið þið verið án og hvers ekki?

■ Margir standa frammi fyrir því að afborganir af bílalánum hafa hækkað verulega, til dæmis vegna gengisfalls krónunnar. Ef þið eigið í greiðsluerfiðleikum leitið þá til viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis og athugið hvaða kostir eru í stöðunni. Kæmi til dæmis til greina að greiða aðeins vextina en frysta sjálft lánið um stundarsakir? Hafið samband fyrr en seinna, það er beggja hagur að lánið lendi ekki í vanskilum.

■ Frystikista er dýrmæt búbót í hallæri, fjárfesting sem getur margborgað sig.
■ Gerið innkaupalista fyrir lengri tíma, að minnsta kosti heila viku og haldið ykkur við þá. Reynslan sýnir að hægt er að spara mikla peninga með þessu móti, auk þess sem það fækkar búðarferðunum.

■ Ekki láta skuldir safna dráttarvöxtum. Greiðið reikningana jafnóðum áður en þeir hækka.
■ Hreyfing er mikilvæg. Kannið hvort vinnuveitandi ykkar eða stéttarfélag bjóði upp á niðurgreiðslu vegna líkamsræktar? Það þarf heldur ekki að kosta mikið að hreyfa sig; reglulegir göngutúrar, skokk og sundferðir geta jafnast á við ferð í líkamsræktarstöðina. Kynnið ykkur til dæmis kort af göngu- og hjólastígum í Reykjavík á heimasíðu ÍTR – itr.is – þar sem vegalengdir eru merktar inn á.

■ Skammtið ykkur bensín. Takið meðvitaða ákvörðun um hversu lengi þið ætlið að láta tankinn endast. Verið ströng en raunsæ og miðið bílnotkunina við sett markmiðið. Til eru margar leiðir til að draga úr bensíneyðslu; kynnið ykkur vistakstur á heimasíðu Orkuseturs – orkusetur.is.
■ Samnýtið bílferðina. Búa margir vinnufélagar ykkar í sama bæjarhluta, jafnvel hverfi? Skiptist á að sækja hvert annað á morgnana og skutlið heim í dagslok. Fimm sæta bíll með fjögur laus sæti er táknmynd sóunar.

■ Verslið í lágvöruverslunum og nýtið ykkur sértilboð. Þá kemur frystikista í góðar þarfir.
■ Kynnið ykkur matreiðslubækur og uppskriftavefi með fjölbreyttum uppskriftum úr ódýru hráefni. Dýrðlegustu réttir geta verið dásamlega einfaldir og ódýrir.

■ Að fara út að borða er munaður sem ekki er hægt að leyfa sér nema þegar mikið stendur til. Veljið slík tilefni af kostgæfni, það er líka ávísun á eftirminnilegri kvöldstund.
■ Fullnýtið afganga; notið þá í annan rétt daginn eftir, frystið eða takið með í vinnuna.
■ Stofnið matarklúbb með vinum og kunningjum. Sérstaklega heppilegt fyrir námsmenn; hittist til dæmis vikulega. Tveir til þrír sjá um matreiðsluna í hvert sinn en allir leggja til fyrir kostnaði. Tryggir þér reglulega stórmáltíð fyrir lítinn pening og ánægjulega samverustund.

■ Nýtið bókasöfn í stað þess að kaupa bækur, fatamarkaði á borð við Outlet í Skeifunni og útsölur. Ekki gleyma fataverslunum Hjálpræðishersins og Rauða krossins, þar sem hægt er að hjálpa fátækum um leið og maður kaupir sér föt.
■ Leitið til tryggingafélaganna og látið þau gera ykkur tilboð. Gerið samanburð og veljið það hagstæðasta.
■ Frestið öllum framkvæmdum sem þola bið, nýtt parket og eldhúsinnrétting getur beðið betri tíma.
■ Farið yfir síðasta símareikning. Er möguleiki á að lækka hann? Kynnið ykkur tilboð símafyrirtækjanna.
■ Leigið íbúð með öðrum, eða leigið út herbergi ef þið hafið kost á því.
■ Sparið orku; lækkið innihita, slökkvið á raftækjum, fyllið ávallt þvottavélina og uppþvottavélina, dragið fyrir glugga á nóttunni, farið í sturtu frekar en bað.

■ Fullnýtið hverja bílferð með því að skipuleggja ykkur fyrirfram, er til dæmis hægt að sinna fleiri en einu erindi í hverri ferð?
■ Gangið og hjólið styttri vegalengdir. Á álagstímum getur til dæmis verið fljótlegra að hjóla í vinnuna en aka.

■ Fjölskyldur reyni að komast af á einum bíl frekar en tveimur, með skipulagningu ætti það að vera vel hægt. Stofnleiðir Strætó eru skilvirkar á virkum dögum. Hægt er að kaupa strætókort sem gildir í mánuð á 5.600 krónur, í þrjá mánuði á 12.700 eða í níu mánuði á 30.500 krónur. Í staðin fyrir að skutla börnum og ungmennum er hægt að kaupa 20 strætómiða fyrir börn á 750 krónur og 16 miða fyrir ungmenni á 1.600 krónur.

■ Minnkið matarskammtinn og magamálið um leið. Flestir innbyrða fleiri hitaeiningar en þeir þurfa. Berið matinn til dæmis fram á minni diskum, hann virkar þá kúfaðri. Lýðheilsustöð hefur meðal annars bent á að með aukinni fjölbreytni matvæla hafi skammtastærðir stækkað gífurlega. Neytendur þurfi því heilsunnar vegna að læra upp á nýtt hvað er eðlileg skammtastærð.

Hugaðu að heilsunni í vetur



Við bólusetjum gegn inflúensu

Hjúkrunarfræðingar Heilsuverndar munu
annast bólusetningar í Lyfju sem hér segir:

Tímabil: 8. – 17. október
Lyfja Lágmúla - alla virka daga milli kl. 17.00 og 19.00
Lyfja Smáralind - alla virka daga milli kl. 13.00 og 15.00
Lyfja Laugavegi - föstudaga milli kl. 16.00 og 18.00

Verð fyrir sprautun og bóluefni er **1.950 kr.***

Einfalt, árangursríkt og ekkert sárt.

* Allir eldri en 60 ára fá afslátt sem nemur andvirði bóluefnisins.

Verð 820 kr.

PANODIL HOT – VERKJALYF

Verð 598 kr.

STREPSILS HÁLSTÖFLUR

Verð 798 kr.

BENYLAN HÓSTAMIXTÚRA

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 49893 10.2008

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
3.005 **-1,28%**

Fjöldi viðskipta: 343
Velta: 643 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

EIMSKIP	51,61%
BAKKAVÖR	27,16%
ALFESCA	10,21%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 235,20 +30,96%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 5,45 -10,21% ... Atorka 3,35 0,00% ... Bakkavör 9,79 -27,16% ... Eimskipafélagið 1,50 -51,61% ... Exista 4,62 +0,00% ... Glitnir 3,91 +0,00% ... Icelandair Group 15,50 -2,82% ... Kaupþing 654,00 +0,00% ... Landsbankinn 19,10 +0,00% ... Marel Food Systems 71,70 -0,42% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 82,80 -0,36%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Tekist á með fyndni

Um síðustu helgi þrýstu aðilar vinnumarkaðarins á að gefin yrði út yfirlýsing um að teknar yrðu upp viðræður um Evrópusambands- og myntbandalagsaðild. „Þeim hefur löngu orðið ljóst að íslenska krónan er ekki traustur gjaldmiðill," segir í nýjasta hefti Vísbendingar, en um leið er bent á að þetta hafi nokkrir stjórnmála- og embættismenn neitað að viðurkenna. „Spyrja má hvers vegna allt stjórnmálalíf snúist um að útvega erlendan gjaldeyri fyrst krónan er svona góð. En það er aulafyndni rétt eins og hjá tveimur íslenskum bankamönnum sem settu fyrir skömmu fram „gamanmál" um hvort evrusinnar á Íslandi héldu ekki að alþjóðlega bankakreppan væri krónunni að kenna," segir þar líka.

Að berja höfðinu við steininn

Í umfjöllum Vísbendinar um efnahagsástand hér er allur almenningur sagður gera sér ljóst að ekki sé hægt að búa við gjaldmiðil sem enginn hafi áhuga á að kaupa eða eiga og að peningakerfið sé hér lokaðra en annars staðar vegna þess að fólk eigi erfitt með að fá nauðsynlegan gjaldeyri til viðskipta, námsdvalar erlendis eða ferðalaga. „Þetta ástand er krónunni að kenna og það myndi róa almenning ef forystumenn í Sjálfstæðisflokknum hættu að berja höfðinu við steininn og viðurkenndu að þeir hefðu haft rangt fyrir sér í gengismálum."

Olíuverð ekki lægra í heilt ár

Óttinn við heimskreppu og samdrátt-ur í olíunotkun hefur orðið til þess að olíuverð hefur fallið mikið að undanförnu. Tunnan af Norðursjávarolíu var á 81,86 dollara og hefur verðið ekki verið lægra í nærri ár. Olíuverð hefur nú fallið um 40 prósent síðan það náði hámarki júlí.

Sérfræðingar hjá Merrill Lynch telja að olíuverð geti fallið niður í 50 dollara á tunnu, einkum ef heimshagkerfið siglir inn í kreppu. Þeir telja þó að líkur á alvarlegri heimskreppu séu tiltölulega litlar. Sérfræðingar Goldman Sachs telja líklegra að olíuverð eigi eftir að hækka aftur, og verði á bilinu 150 og 200 dollarar þegar á næsta ári.

- msh

Sagði bankana geta reiknað með stuðningi

Utanríkisráðherra fundaði um stöðu bankanna í Danmörku í apríl og forsætisráðherra í Ameríku.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sló því föstu í samtali við danska blaðið Berlingske Tidende 14. apríl sl. að allir bankar landsins gætu reiknað með stuðningi frá ríkisvaldinu lentu þeir í vandræðum.

Utanríkisráðherra sótti Danmörku heim í apríl í því skyni að efla ímynd íslensks fjármálakerfis á alþjóðavettvangi og flutti meðal annars fyrirlestur um íslensku bankana og styrkleika þeirra. Á sama tíma fundaði Geir H. Haarde forsætisráðherra um sömu mál á New York og svaraði spurningum fjölmiðlafólks.

Ingibjörg Sólrún sagði í viðtalinu að ríkisstjórn Íslands væri reiðubúin að styðja bankana beint með framlögum úr ríkissjóði og einnig til þess að auka gjaldeyrisvarasjóð landsins.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Hún hafnaði því að bankarnir kæmust í þrot áður en lausafjárkreppunni á alþjóðamörkuðum lyki og sagði að stjórnvöld myndu ekki láta það líðast að bankarnir yrðu gjaldþrota, eins og staðan væri.

- bih

FÁKUR

Herrakvöld Fáks
11. október

Villibráðarhlaðborð. Flosi Ólafsson og Jóhannes Kristjánsson fara með gamanmál.
Happadrætti – hnakkur í verðlaun
Alvöru diskótek að hætti Sigga Hlö
Miðar seldir á skrifstofu Fáks og Skalla Hraunbæ

Evrópsk fjármögnun fyrir þína hugmynd!

Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður til morgunverðarfundar um tækifæri til fjármögnunar á tækniþróun **föstudaginn 10. október** kl. 8:30 – 9:30 á **Grand Hótel** (Háteigi).

Sérfræðingur Pera í Bretlandi, **Ray Phillips**, mun kynna samstarf Pera og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og **hvernig fyrirtæki og samtök þeirra geta nýtt sér styrki Evrópusambandsins til tækniþróunar.**

Pera er spennandi samstarfsaðili enda hefur stofnunin náð mun meiri árangri en aðrar tæknistofnanir í umsóknum um slíka styrki.

Allir velkomnir - skráning á **frettir@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

„Hagfræðilegur barnaskapur" að festa gengið

Gengi krónunnar féll um þrjátíu prósent á gjaldeyrismarkaði í gær eftir að Seðlabankinn lét af misheppnaðri tilraun til að festa gengi hennar.

„Þetta var hagfræðilegur barnaskapur," segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, um misheppnaða tilraun Seðlabanka Íslands til að festa gengi krónunnar í viðskiptum sínum á millibankamarkaði.

Gengi krónunnar féll um rúm þrjátíu prósent á gjaldeyrismarkaði í gær eftir að Seðlabanki Íslands lét af tilraun sinni til að festa gengi krónunnar við gengisvísitöluna 175. Það samsvarar 131 krónu fyrir evruna. Seðlabankinn hafði gripið til þess ráðs í fyrradag en þótti svo „ljóst að stuðningur við það gengi er ekki nægur" eins og sagði í tilkynningu frá Seðlabankanum.

ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON PRÓFESSOR
Kallar tilraun Seðlabankans „hagfræðilegan barnaskap".

Þetta fasta gengi endurspeglaði aldrei raunveruleikann á markaði. Mikill munur hefur verið á gengisskráningu krónunnar og nær ómögulegt að átta sig á hvers virði íslenska krónan er. Undir venjulegum kringumstæðum gengur krónan kaupum og sölum á ekki ósvipuðu gengi og gengisvísitala Seðlabankans segir til um. Í því árferði sem nú ríkir fara viðskipti með krónuna hins vegar að mestu leyti fram utan við hefðbundna markaði, beint á milli markaðsaðila.

Þórólfur segir að þegar seðlabanki segist festa gengi, þá felist í því yfirlýsing um að tryggja viðskipti með gjaldmiðil á tilteknu gengi „í ótakmörkuðu magni. Bankinn verður að vera tilbúinn til að halda uppi umtalsverðum viðskiptum," segir Þórólfur, en alls seldi Seðlabankinn sex milljónir evra fyrir krónur á þessu gengi.

Geir H. Haarde sagði á blaðamannafundi í gær að gengi krónunnar myndi sveiflast áfram næstu daga, á meðan óvissa ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, líkt og sérfræðingar hafa einnig bent á.

holmfridur@markadurinn.is

Kaupþing selur EDGE í Bretlandi til ING Direct

ING Direkt, netbanki hollenska bankarisans ING, hefur keypt netbanka Kaupþings í Bretlandi. Með því eignast ING allar innistæður á Kaupþing Edge-reikningum Kaupþings, en þær munu nema 2,5 milljörðum punda. Alls eiga 160.000 Bretar innistæður á Kaupþing Edge.

Áður höfðu bresk stjórnvöld lýst því yfir að dótturfélag Kaupþings í Bretlandi, Singer og Friedlander, sem hafði umsjón með Kaupþing Edge-reikningum Kaupþings, hefði hefði verið sett í greiðslustöðvun að beiðni breskra stjórnvalda. Bresk stjórnvöld hafa fryst allar eignir Landsbankans í Bretlandi.

ING kaupir líka Heritable-bankann, sem var í eigu Landsbankans, en alls munu 22.200 breskir sparifjáreigendur hafa átt 538 milljónir punda á reikningum hjá bankanum. Icesave-reikningar Landsbankans eru ekki hluti kaupanna, en alls eiga 300.000 manns um 4,8 milljarða punda á þeim reikningum.

Fjármálaráðuneyti Bretlands hefur lýst því yfir að það muni gangast í fulla ábyrgð fyrir innistæðum á Icesave-reikningum, en Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, lýsti á mivikudag yfir furðu sinni á því að Íslendingar neituðu að taka ábyrgð á innistæðum Landsbankans í Bretlandi, og hótaði að bresk stjórnvöld myndu leita allra leiða til að neyða Íslendinga til að standa við skuldbindingar sínar. Brown vísaði þar að líkindum til ummæla Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra í Kastljósi á þriðjudag, en þar sagði Davíð að ekki kæmi til greina að ríkið greiddi allar skuldir bankanna.

Geir H. Haarde sagði á blaðamannafundi á miðvikudag að eignir Landsbankans myndu nægja fyrir skuldbindingum bankans í Bretlandi og að nú væri unnið að lausn málsins í góðri samvinnu ríkisstjórna landanna.

- msh

Kaupþingsbréfin enn í salti

Óróa vegna Icesave-reikningsins tefur viðskipti með hlutabréf Kaupþings.

„Viðskipti með bréf Kaupþings áttu að hefjast í morgun [í gær] en hætt var við það eftir fárviðrið í tengslum við Icesave-reikning Landsbankans," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Viðskipti með hlutabréf Kaupþings, Landsbankans, Glitnis, Spron, Straums og Existu voru stöðvuð á mánudag. Viðskipti hófust með bréf Kaupþings á markaði í Stokkhólmi í Svíþjóð í gærmorgun og féll gengi bréfa í bankanum um 34 prósent.

Þórður segir margt óskýrt með framtíð hinna fjármálafyrirtækjanna í Kauphöllinni en væntir þess að það skýrist á næstu dögum.

Þórður segir að sé litið til annarra fyrirtækja en þeirra sem tengist fjármálageiranum sé ljóst að þau hafi átt undir högg að sækja vegna óróans nú um stundir. „Það er ekki að öllu leyti sanngjarnt þar sem verðmætasköpun þeirra er mikil, tekjur í erlendum gjaldeyri og þau háð öðrum lögmálum en fjármálafyrirtækin. Þau ættu við þessar aðstæður að standa mjög vel," segir hann og undrast að gengi íslenskra fyrirtækja sem selji vöru og þjónustu erlendis hafi lækkað upp á síðkastið á sama tíma og gengi krónunnar fellur. „Það virðist sem vantrú fjárfesta á fjármálalífinu bitni á þessum fyrirtækjum."

- jab

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar segir hefðbundin fyrirtæki á markaði eiga framtíðina fyrir sér á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ó.L.

HELENA RUBINSTEIN KYNNING

Í HAGKAUP GARÐABÆ, HOLTAGÖRÐUM OG KRINGLUNNI 9. - 15. OKTÓBER

Sérfræðingar HR veita viðskiptavinum persónulega þjónustu og leiðsögn í förðun og umhirðu húðarinnar

Kynntir verða fallegir haustlitir, nýtt krem sem mótar og þéttir húðina, nýir varalitir í fallegum og endingargóðum litum og margt fleira.

25% afsláttur af LIFE PEARL CELLULAR kremunum meðan á kynningu stendur.

Líttu við og fáðu faglega aðstoð.

Glæsilegur kaupauki fylgir með þegar keyptar eru vörur frá HR fyrir 6.800 krónur eða meira*

*gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Engin svör fást

Markaðnum hefur ekki tekist að fá viðbrögð helstu eigenda Landsbankans við fregnum af yfirtöku skilanefndar Fjármálaeftirlitsins á bankanum og vandræðum sem hafa skapast vegna Icesave-innlánsreikninga bankans í Bretlandi.

Björgólfur Guðmundsson, fráfarandi formaður bankaráðs, og Björgólfur Thor Björgólfsson voru ekki reiðubúnir að tjá sig, að sögn Ásgeir Friðgeirssonar, talsmanns þeirra. Ekki hefur náðst í Kjartan Gunnarsson, sem var varaformaður bankaráðsins. **- bih**

Novator hlustar á kauptilboð

„Það er mikill áhugi á þessum eignum og er Novator nú að skoða stöðuna. Við hlustum á þau tilboð sem koma fram," segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Þórs. Finnska stórblaðið Helsingin Sanomat greindi frá því á miðvikudag að Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs, ætti í viðræðum við finnska símafyrirtækið DNA um kaup á hlut Novators í farsímafélaginu Elísu. Segir blaðið viðræðurnar „langt komnar."

Novator á 10,41 prósent í Elísu, og tengd félög um 5 prósent. Telur blaðið að söluverðið sé um 300 milljónir evrur. Ásgeir segir eðlilegt að orðrómur fari af stað í erlendum fjölmiðlum, vegna vandræða Björgólfs hér á Íslandi. „En við höfum sagt skýrt að við erum ekki í þeirri stöðu að við þurfum, eða viljum, selja nú hlut okkar í Elísu eða öðrum félögum í Finnlandi." Auk Elísu á Novator um 10 prósenta hlut í Amer Sports.

Ásgeir segir hins vegar ekki í gengi viðræður um sölu á hlut Novator í pólska farsímafélaginu Play. **- msh**

Vilja fá alþjóðlega aðstoð

Þrír skuggabankastjórnarmenn vilja að leitað sé til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með einhverjum hætti. Í ljósi ummæla formanns bankastjórnar Seðlabankans í Kastljósinu á þriðjudag var kallað eftir viðbrögðum skuggabankastjórnar Markaðarins, sem lagt hefur eigið mat á stýrivaxtaákvarðanir og stefnu Seðlabankans.

Edda Rós Karlsdóttir

Í núverandi stöðu er ekki brýnast að greina fortíðina eða viðtöl við ráðamenn. Mestu skiptir að horfast í augu við þá staðreynd að við erum ekki á réttri leið. Fyrir liggur að alþjóðasamfélagið mun ekki taka í mál að íslenska ríkið taki til sín allar eignir bankanna og ákveði einhliða hvaða skuldir verði greiddar og hverjar ekki. Okkur verður refsað grimmilega og það kemur niður á lífskjörum almennings til framtíðar. Greiðslumiðlun við útlönd er að hrynja, sem þýðir að óbreyttu að ekki verður hægt að kaupa lífsnauðsynlegar vörur til landsins, hvorki lyf, mat eða olíu á fiskiskipin. Seðlabankinn hefur gert ráðstafanir til að koma upp greiðslukerfi á eigin ábyrgð en ég tel hættu á að það verði ófullkomin og tímabundin lausn, sérstaklega í ljósi þess að lánshæfi ríkisins hefur verið lækkað mikið.

Við þurfum að ná sátt við alþjóðasamfélagið til að stöðva þessa óheillaþróun. Ef það verður ekki gert halda erlendar eignir bankanna áfram að falla í verði, söluverð þeirra lækkar og sífellt minna verður eftir til að bæta sparifjáreigendum þann mikla skaða sem þegar er orðinn. Ég óttast að lífeyrissparnaður landsmanna brenni upp á meðan menn rökræða um ábyrgð og ég óttast að ráðamenn nái einungis að bregðast við uppákomum líðandi stundar. Ég tel að við eigum að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins því aðkoma hans getur mögulega róað alþjóðaumhverfið og gefið okkur andrými til að skipuleggja framhaldið. Menn spyrja eðlilega hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni ekki setja fram óásættanleg skilyrði – til dæmis varðandi opinber útgjöld og vaxtamál. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að í umsögnum sínum um Ísland undanfarin ár hefur sjóðurinn almennt verið mjög jákvæður og fullyrt að langtímahorfur hér séu öfundsverðar. Ef sjóðurinn er samkvæmur sjálfum sér mun hann því ekki telja nauðsynlegt að gera breytingar sem ganga í berhögg við íslensk gildi. Við þurfum að kalla til liðs við okkur þá sérfræðinga og þær alþjóðastofnanir sem njóta virðingar og trausts á alþjóðavettvangi. Þannig er unnt að endurheimta traust sem er nauðsynlegt til að við getum tekist á við vandann sem við blasir .

Núverandi efnahagsvandi á rót sína í fjármálakerfinu, bæði hér heima og erlendis. Rangar ákvarðanir hafa verið teknar í bönkum, af fyrirtækjum og einstaklingum, en áhrifin bitna á öllum – líka þeim sem hvergi áttu hlut að máli. Stjórnvöld geta hins vegar haft áhrif á framhaldið með aðgerðum sínum. Óhagstæð ytri skilyrði takmarka mjög þá valkosti sem stjórnvöld hafa í stöðunni. Nú þarf enn og aftur að taka erfiðar en mikilvægar ákvarðanir sem beinast að því að koma í veg fyrir að efnahagsástandinu hraki áfram. Það er verkefni dagsins og getur ekki beðið.

Ólafur Ísleifsson

Bankastjórn Seðlabankans hefur ekki náð markmiðum um verðbólgu, hefur misst öll tök á krónunni og fjármálageirinn fallinn að verulegu leyti. Af hverju reisti bankinn ekki öflugri varnir gegn þessari þróun sem hann segist hafa séð fyrir?

Seðlabankinn gerði tveggja daga vanmáttuga tilraun til að festa krónuna, vanmáttuga af því að tilrauninni fylgdu engar stefnuyfirlýsingar og enginn fjárhagslegur bakhjarl. Ekkert hefur unnist en þjóðinni hefur verið bakað ólýsanlegt tjón með falli krónunnar.

Seðlabankanum ber að gæta að stöðugleika fjármálageirans en hann brást því hlutverki meðal annars með því að stækka ekki gjaldeyrisforðann í tæka tíð eða efla aðrar varnir.

Svo gæti farið að leita þurfi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en ekki er hægt að útiloka að yfirlýsingar bankastjórnar Seðlabankans í Kastljósi hafi endanlega lokað öllum lánamöguleikum Íslendinga erlendis.

Óskiljanlegt er að Seðlabankinn hafi ekki lækkað vexti þegar seðlabankar allt um kring lækka vexti til að bregðast við fjármálakreppunni og greiða fyrir atvinnulífi og heimilum. Fráleitt er að bregða fæti fyrir þjóðina með ofurvöxtum sem gegna engu gagnlegu hlutverki og hafa ekki dugað til að verja gengi kónunnar.

Þórður Friðjónsson

Yfirlýsing Davíðs um að hann hafi séð fyrir þróun mála án þess að hlustað hafi verið á hann er sérkennileg því seðlabankastjóri hefur vald til þess að hafa áhrif á þróunina – og satt að segja er ég ekki viss um hversu bókstaflega á að taka hana. Stjórnendur bankans eru ekki bara áhorfendur heldur einnig gerendur og hafa ýmis ráð til að hafa áhrif á framvinduna. Þeir hafa tæki og stöðu til þess að sjá til þess að á þá sé hlustað og einnig vel eftir því tekið sem þeir segja.

Gengi krónunnar nú er auðvitað langt frá því að endurspegla raunhagkerfið, afkastagetuna, auðlindirnar og mannauðinn. Þessir þættir eru traustir og geta staðið undir góðum lífskjörum og batnandi efnahag. Ég tel ekki fráleitt að ætla að jafnvægisgengi til lengri tíma geti samsvarað gengisvísitölu á bilinu 130 til 140. Nú er umrædd vísitala 175 og hefur slegið yfir 200 þegar verst lét. En það þarf að sjálfsögðu að koma skikk á peningakerfi þjóðarinnar. Þar liggur vandinn. Það þarf að móta skýra framtíðarstefnu í peningamálum.

Gjaldeyrisforðinn hefur náttúrulega verið allt of lítill miðað við sjálfstæðan gjaldmiðil og þróun bankanna. Við endurskoðun peningastefnunnar þarf að gaumgæfa þennan þátt og jafnframt samspil peningastefnunar og ríkisfjármála.

Við eigum að nýta okkur þjónustu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og kostur er og um semst. Hins vegar tel ég fráleitt að afhenda þeim stjórn efnahagsmála hér á landi.

FATASKÁPADAGAR
HJÁ AXIS helgina 9.- 12. október

Nú er hagstætt að velja íslenskt

Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.

Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Hefðbundnar hurðir eða rennihurðir. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum. Stuttur afgreiðslutími.





Opið:
fimmtudag 9:00-18:00
föstudag 9:00-18:00
laugardag 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00

AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is

Íslensk hönnun og framleiðsla í 73 ár

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR

40% AFSLÁTTUR

LIFRARPYLSA 399 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.
BLÓÐMÖR 359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

399

K.F. LAMBAHJÖRTU Í RASPI
AÐEINS **399 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

Veljum íslenskt

129

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770 gr 129 kr.

187

FERSKUR INNMATUR AF NÝSLÁTRUÐU LAMBAHJÖRTU OG LIFUR
187 kr./kg. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

NÝTT KORTATÍMABIL

798

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAKJUÐAR
299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.

40%
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

299

KF SVEITABJÚGU AÐEINS
298 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

798

ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.

98

APPELSÍNUSAFI & EPLASAFI 1 ltr. 98 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Yfirvöld verða að tala einum rómi.

Óskýr skilaboð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Um nokkurra mánaða skeið hefur legið fyrir að í óefni stefndi á Íslandi, að fjármálakreppa væri yfirvofandi. Margir erlendir sérfræðingar um efnahagsmál höfðu bent á þetta allmiklu fyrr og nokkrir Íslendingar líka. Þessar athugasemdir hafa ekki verið teknar til greina og því jafnvel svarað til að skilningsleysi á íslenskum dugnaði og áræðni lægi að baki þeim.

Eftir því sem liðið hefur á þetta ár hefur smám saman orðið ljósara að í alvarlega fjármálakreppu stefndi. Íslensk stjórnvöld, þeir sem til ábyrgðar standa í rekstri íslenskrar þjóðarskútu, hafa á þessum tíma kosið að láta meira og minna eins og ekkert væri. Eiginlega hafa íslenskir ráðamenn minnt á strútinn sem stingur höfðinu í sandinn þegar vá er fyrir dyrum.

Alla síðastliðna helgi beið þjóðin í ofvæni eftir niðurstöðum ráðfundarhalda í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Seint á sunnudagskvöld mælti svo forsætisráðherra af tröppum ráðherrabústaðarins og sagði að ekki væri þörf á „sérstökum aðgerðapakka“. Það var niðurstaða fundahalda helgarinnar.

Næsti kapítuli var ávarp sama forsætisráðherra innan við sólarhring síðar þar sem hann greindi þjóðinni frá því að staðan væri gerbreytt og að hann hygðist leggja fram frumvarp um neyðarlög í landinu. Alþingi samþykkti neyðarlögin.

Nú varð atburðarás hröð og bankar voru yfirteknir. Einnig var ákveðið að festa gengi íslensku krónunnar en vegna skorts á gjaldeyri var aldrei hægt að framfylgja þeirri ákvörðun og gengi krónunnar í algerri óvissu. Hins vegar hefur ekki verið hreyft við stýrivöxtum Seðlabankans þrátt fyrir að skipbrot stýrivaxtastefnunnar sé löngu ljóst.

Yfirlýsing seðlabankastjóra um væntanlegt lán frá Rússum, áður en það var frágengið, ásamt því að gefa í skyn að Íslendingar hygðust brjóta lög á breskum sparifjáreigendum var heldur ekki til þess fallið að auka tiltrú almennings á því að þjóðarskútan væri undir styrkri stjórn, auk þess sem þessar yfirlýsingar hafa skaðað ímynd Íslands enn frekar en orðið var í alþjóðasamfélaginu.

Í gær beið þjóðin eftir blaðamannafundi meðan þess var freistað að slökkva þá elda sem seðlabankastjóri hafði kveikt. Þjóðin vænti þeim mun meiri tíðinda af fundinum. Þau komu ekki.

Enn bíður þjóðin. Ljóst er að fjárhagsgrundvöllurinn fjarar nú undan fjölmörgum fjölskyldum þrátt fyrir að koma eigi böndum á afborganir af íbúðalánum með yfirtöku Íbúðalánasjóðs og að ríkið muni ábyrgjast sparifé á bankareikningum. Gjaldþrot blasa einnig við fjölda fyrirtækja með tilheyrandi atvinnuleysi.

Við slíkar aðstæður er mikilvægt að yfirvöld tali einum rómi. Skilaboðin til þjóðarinnar eiga að koma frá ríkisstjórninni, ekki seðlabankastjóra. Upplýsingar verða að vera skýrar og ganga eftir. Almenningur verður að finna að ríkisstjórnin hafi stjórn á atburðarásinni innanlands. Sú er ekki raunin enn sem komið er. Til þess verða aðgerðir að vera markvissari og skilaboð skýrari.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Veislustjórinn í Hruna

Ummæli sem Árni Mathiesen fjármálaráðherra lét falla í mars í fyrra eiga eftir að verða langlíf. Árni var þá í sjónvarpsviðtali spurður út í niðurskurð á barnabótum og svaraði með því að vitna í kumpána sinn sem hafði sagt: „Drengir, sjáið þið ekki veisluna?“ Honum láðist hins vegar að geta að veislan var haldin í Hruna. Ummæli Árna voru vitaskuld sett í samhengi við orð sem eignuð voru Maríu Antoniotte Frakklandsdrottningu, sem átti að hafa spurt hvers vegna brauðlaus lýðurinn æti ekki bara kökur. Eini munurinn er sá, að María lét ummælin fleygu sem höfð eru eftir henni aldrei falla – það gerði Árni hins vegar.

Meðan Róm brennur

Það er misjafnt sem stjórnmálamenn aðhafast í gjörningaveðri efnahagsmála þessa dagana. Við upphaf þingfundar í gær sá enginn þingmaður ástæðu til að taka til máls undir dagskrárliðnum störf þingsins, og gaf það fyrirheit um að þingmenn ætluðu að láta karp og persónuleg áhugamál lönd og leið. En nei, Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, var ekki á því heldur hélt langa ræðu um afnám stimpilgjalda.

Náttúruleg nauðsyn

„Sterk, jákvæð ímynd er náttúruleg nauðsyn hverri þjóð,“ segir í hálfsárs gamalli ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins. Enn fremur kemur fram: „Ímynd má líkja við viðskiptavild, sem laðar að fólk, fjármagn og hugmyndir og er efnahagslífi þjóðar nauðsynleg.“ Þar fór í verra, því eftir hrakfarir Icesave í Bretlandi má gera því skóna að ímynd Íslands á erlendri grundu sé ekki upp á marga fiska. En ekki er öll von úti, því eins og segir í skýrslunni getur ímynd landa byggst á staðreyndum, getgátum eða jafnvel ranghugmyndum. Ætli Ísland verði ekki að veðja á ranghugmyndirnar í bili.

bergsteinn@frettabladid.is

Versti seðlabankastjórinn

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Nú reynir á

Bandaríski hagfræðingurinn Jeffrey Sachs segir stundum söguna af fundi sínum með Viktor Gerasjenkó, þá seðlabankastjóra í Moskvu. Gerasjenkó var flokksjaxl af gamla skólanum, forhertur kommúnisti. Hann hafði aldrei haft fyrir því að kynna sér efnahagsmál eða hagfræði, en hikaði samt ekki við að taka við stjórn Seðlabanka Rússlands. Þegar ríkisstjórn Jeltsíns forseta bað Sachs að leggja á ráðin um hagstjórn eftir 1991, hlaut Sachs að leggja leið sína í seðlabankann til að reyna að leiða bankastjóranum fyrir sjónir, að of mikil útlánaþensla hlyti að ýfa verðbólguna. Gerasjenkó var á öðru máli og sagði Sachs, að aukin útlán bankakerfisins og peningaprentun myndu þvert á móti draga úr verðbólgu, væri þess gætt að koma lánsfénu í réttar – vinveittar – hendur. Hann átti við ríkisfyrirtækin, sem römbuðu á barmi gjaldþrots, enda var þeim stjórnað af mönnum eins og honum sjálfum. Sachs sat lengi hjá Gerasjenkó og reyndi að miðla honum af reynslu þjóða, sem hafa misst stjórn á útlánum bankakerfisins og peningamagni, en bankastjórinn lét sér ekki segjast. Sachs sagði nokkru síðar af sér sem ráðgjafi ríkisstjórnarinnar og hefur ekki síðan stigið fæti á rússneska grund. Verðbólgan æddi áfram, og seðlabankinn jós olíu á eldinn. Gerasjenkó var rekinn úr bankanum 1994, en hann var ráðinn þangað aftur 1998-2002 (þannig er Rússland). Hann var sagður versti seðlabankastjóri heims og bar nafngiftina með rentu.

Seðlabanki Íslands er í svipuðum vanda staddur. Seðlabankinn lækkaði bindiskyldu bankanna að ósk þeirra og lagði hana síðan frá sér, þótt bindiskyldan sé ásamt stýrivöxtum nauðsynlegt vopn gegn óhóflegri útlánaþenslu við íslenzkar aðstæður. Bankarnir una háum stýrivöxtum, því að þeir geta ávaxtað fé á þeim kjörum í Seðlabankanum. Bankarnir una ekki bindiskyldu, því að hún skerðir útlánagetu þeirra. Seðlabankinn átti að hafa hemil á bönkunum, en lagðist flatur fyrir framan þá. Reynslan sýnir, að stýrivaxtavopn Seðlabankans dugir ekki eitt sér til að hemja útlánavöxt og verðbólgu svo sem vita mátti. Seðlabankinn ber því höfuðábyrgð á útlánaþenslu bankanna, verðbólgunni af hennar völdum og um leið einnig að talsverðu leyti á bankahruninu nú, enda þótt neistinn, sem kveikti bálið, hafi borizt utan úr heimi.

Í annan stað vanrækti Seðlabankinn ítrekaðar aðvaranir um óhóflega skuldasöfnun bankanna og of lítinn gjaldeyrisforða og hafði sjálfur lítið sem ekkert frumkvæði í málinu. Ríkissjóður neyddist því á elleftu stundu til að taka dýr erlend lán til að auka forðann, sem er þó enn allt of lítill miðað við miklar skammtímaskuldir bankanna. Hefði Seðlabankinn verið vakandi, hefði gjaldeyrisforðanum ekki verið leyft að dragast aftur úr erlendum skammtímaskuldum bankanna, og þá væri Seðlabankinn í stakk búinn að verja gengi krónunnar gegn áhlaupum spákaupmanna. En Seðlabankinn svaf, og gengið hrapaði. Það þýðir ekki fyrir bankastjórn Seðlabankans að stíga nú fram og segjast hafa varað ríkisstjórnina við á einkafundum.

Í þriðja lagi hefur Seðlabankinn vanrækt að leita eftir aðstoð hvort heldur frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem er ýmsum tækjum búinn til að taka á vanda sem þessum. Í staðinn hefur bankastjórn Seðlabankans farið með fleipur eins og það, að Sjóðurinn sé til þess að aðstoða gjaldþrota þjóðir, sem er alrangt. Ýmis önnur ógætileg ummæli formanns bankastjórnarinnar hafa aukið vandann. Aðstoð að utan hlyti að vera bundin skilyrðum um bætta hagstjórn, svo sem eðlilegt er og alsiða. Rússar setja trúlega engin slík skilyrði. Einmitt þar liggur hættan. Tilgangurinn með því að þiggja erlenda aðstoð við aðstæður sem þessar er að endurvekja traust umheimsins með því að þiggja ráð af öðrum. Sé Rússalánið, ef af því verður, engum skilyrðum háð, getur það ekki haft nein áhrif til að endurreisa traust útlendinga á íslenzku efnahagslífi. Þvert á móti hafa ríkisstjórnin og Seðlabankinn kosið að auglýsa það ósannlega fyrir umheiminum, að Ísland njóti einskis trausts lengur meðal gamalla vina og bandamanna.

Seðlabankanum ber að lögum að stuðla að stöðugu verðlagi og virku og öruggu fjármálakerfi. Bankastjórnin veldur hvorugu hlutverkinu. Verðbólga og gengisfall ógna afkomu margra heimila og fyrirtækja. Bankarnir og fjármálakerfið eru í uppnámi. Ríkisstjórnin og Alþingi bera ábyrgð á Seðlabankanum. Bankastjórn Seðlabankans verður að víkja án frekari tafar. Að því tilskyldu verður hægt að hefja endurreisnarstarfið í samvinnu við erlenda sérfræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GÍGTARFÉLAG ÍSLANDS

"Af stað".

Gigtarganga - Gigtarfólk- Gigtarganga

Göngum í dag - 9. október

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu *"Að hugsa jákvætt."*

Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi. Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting.

17:00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi
17:20 - Upphitun fyrir gönguna
17:30 - Gengið upp Bankastr. og Skólavörðust.*
18:10 - Gangan enda við styttu Leifs heppna.

*** Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.**

Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með.

Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu GÍ í síma 530 3600.

Gigtarfélag Íslands

Æðruleysi, samúð og jákvæðni

UMRÆÐAN

Guðjón Bergmann skrifar um hugarfar

GUÐJÓN BERGMANN

Fyrirsögn þessa greinarkorns vísar í þrjú mikilvæg hugtök: æðruleysi, samúð og jákvæðni. Í orðabók jafngildir sögnin að æðrast því að láta hugfallast, guggna, kvarta sáran og kveina. Æðruleysi er andstaðan við þetta.

Við Íslendingar líkt og margir fleiri um allan heim stöndum frammi fyrir aðstæðum þessa dagana sem krefjast algjörrar endurskoðunar á fyrri hugmyndum, aðferðum og aðstæðum. Æðruleysi minnir okkur á að sleppa taki á hlutum og aðstæðum sem við getum ekki breytt eða stjórnað og beina þess í stað athyglinni að þeim hlutum sem við getum mögulega haft áhrif á. Æðruleysi eitt og sér mun ekki laga ástandið en sá hugsunarháttur er líklegur til að draga úr spennu, kvíða og streitu hjá einstaklingum. Á sama tíma er mikilvægt að finna til samúðar og samkenndar með þeim sem ganga nú í gegnum hremmingar af völdum hinnar yfirvofandi kreppu. Á erfiðistímum er fátt mikilvægara en náungakærleikur, umhyggja og aðstoð.

En það sem þjóðfélagið þarf mest á að halda er jákvæðni. Nú á ég ekki við óraunsæja eða innistæðulausa bjartsýni, heldur raunverulega jákvæðni. Síðustu ár hef ég haldið því statt og stöðugt fram að jákvæðni sé ekkert merkileg fyrr en á móti blæs. Erfiðleikar afhjúpa karakter og hugsunarhátt einstaklinga betur en margt annað. Nú ríður á að sem flestir leggi sig fram og geri sitt besta til að hugsa um lausnir, leiðir og möguleika. Þegar óttinn tekur völdin hjá stórum hópum þjóðfélagsins er mikilvægt að þeir sem geta leggi lóð sín á vogarskálarnar og bjóði fram nýjar lausnir í meira mæli en áður. Jákvæð og lausnamiðuð hugsun býr til von og síst af öllu þurfum við á vonleysi fjöldans að halda. En ef allt annað þrýtur er ágætt að minnast orða Zen-meistarans sem sagði: Þetta, líkt og allt annað, mun líða hjá.

Höfundur er jógakennari, rithöfundur og fyrirlesari.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



ORIGIN, sem er talin ein umfangsmesta og vandaðasta handverks- og listiðnaðarsýning í Evrópu, hófst í Somerset House í London á mánudaginn var og stendur yfir til 19. október. Yfir 300 þátt-takendur sýna þar glermuni, keramik, textíl og húsgögn svo fátt eitt sé nefnt. Sjá www.somersethouse.org.uk.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Patti lagersala VERÐHRUN
Bjóðum 10 hornsófa 4 mismunandi áklæði
aðeins kr. 99.900.-
verð áður 186.900
landsins mesta úrval af sófasettum - yfir 200 tegundir
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

;ALLT HELGIN
Alla föstudaga

Strigaprentun
20% afsláttur í október
Verðdæmi með afslætti
rammaslaust hlaupur á 5cm
20x30 4.320kr.
30x45 5.120kr.
40x50 6.320kr.
40x60 7.200kr.
60x90 10.720kr.
70x105 15.280kr.
40x40 5.280kr.
50x50 7.360kr.
myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gauti keypti gamla hattinn sem hann ber á höfðinu í Spútnik fyrir mörgum árum en sá nýi er úr Noland.

Hattadella á háu stigi

Rapparanum Gauta Þey Mássyni finnst skemmtilegast að klæðast fötum sem tekið er eftir. Hann gekk með sama hattinn í fjölda ára en hann fékk nýlega að víkja fyrir nýjum.

Gauti Þeyr Másson, sem að öllu jöfnu gengur undir nafninu MC Gauti, keypti sér hatt í Spútnik þegar hann var í áttunda bekk sem hann notaði við hvert tækifæri í mörg ár.

„Það kom þannig til að við félagarnir horfðum á Michael Jackson myndbönd á tímabili og um svipað leyti rakst ég á þennan hatt í Spútnik," segir Gauti sem er mikill aðdáandi Jacksons. „Hann er alger meistari," segir hann með áhersluþunga og viðurkennir að við réttar kringumstæður hafi hann bæði takta og spor frá meistaranum á valdi sínu.

Gauti hefur nokkrum sinnum týnt hattinum á liðnum árum, sem hefur jafnvel fengið að fljóta með ofan í heitan pott. „Hann var orðinn mjög sjúskaður og endaði uppi á vegg um leið og ég fann nýjan í versluninni Noland," segir Gauti.Hann kaupir megnið af fötunum sínum þar enda mest fyrir hipp hopp- og hjólabrettaföt. „Ég byrjaði að „skeita" upp úr tíu ára aldri og fór í kjölfarið að rappa," segir Gauti. Hann segist annars hafa það að leiðarljósi við fataval að klæðast því sem tekið er eftir. „Mér finnst skemmtilegast þegar fólk segir: Hvað í fjandanum ertu að gera í þessu."

Gauti er í hljómsveitinni 32C ásamt þeim Dabba T. og Magga úr Subterranean en hljómsveitin gaf út lagið É É É É á dögunum. Fleiri lög eru væntanleg og verður sex laga smáskífa tilbúin fyrir Airwaves-hátíðina þar sem hægt verður að berja hljómsveitina augum.

vera@frettabladid.is

FJALLAGRASA HÁLSMIXTÚRA
Dregur úr þurrum hósta og ertingu í hálsi.
Fer vel í maga, hefur góð og örvandi áhrif á meltinguna.
Er án alkóhóls.
Hentar allri fjölskyldunni, börnum jafnt sem fullorðnum.
FJALLAGRASA MAGAMIXTÚRA
Hefur góð áhrif á magann og örvar meltinguna.
Fjallagrös innihalda trefjar sem auka þarmahreyfingar.
Háls mixtúra MEÐ HUNANGI OG PIPARMYNTU
Háls mixtúra MEÐ LAKKRÍS
Maga mixtúra
VELJUM ÍSLENSKT
FJALLAGRÖS HAFA ANDOXUNARVIRKNI
icepharma

HEILSA

D-VÍTAMÍN stuðlar ásamt kalki að heilbrigði beina. Það er að finna í mjólk, eggjarauðu og feitum fiski, svo sem lax, síld og lúðu. Því er bætt við smjörlíki, hveiti og sumar gerðir af brauði. D-vítamín myndast í húð við áhrif frá sólarljósi. Nánar á vefsíðunni www.islenskt.is.



Fullkomin blanda!

Udo's choice 3•6•9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3•6•9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.

Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:

- *Hjarta og æðakerfi*
- *Kólesteról í blóði*
- *Blóðþrýsting*
- *Liði*
- *Orkuflæði líkamans*
- *Minni og andlega líðan*
- *Námsárangur*
- *Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu*
- *Rakastig húðar*

Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum

heilsa
–hafðu það gott

Erfðafræðilegur vandi

Ástæða fyrir of bráðu sáðláti er talin vera af erfðafræðilegum toga samkvæmt nýlegri rannsókn.

Einn þriðji karlmanna er talinn þjást af of bráðu sáðláti, en niðurstöður úr nýlegri rannsókn benda til að orsökin sé fyrst og fremst af erfðafræðilegum toga.

Hingað til hefur ástæðan meðal annars verið rakin til andlegrar líðanar en rannsóknin sem framkvæmd var við Utrecht-háskóla í Hollandi hrekur þá kenningu.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar tengist of brátt sáðlát serótónframleiðslu við heilann. Þannig virtist framleiðslan ekki vera eins virk í heilastarfsemi þeirra 89 karlmanna sem þjáðust af of bráðu sáðláti miðað við hina 91 karlmanninn sem rannsóknin tók mið af. Er talið að ástæðuna megi rekja til sérstakrar útgáfu af geni, sem stýrir framleiðslu á serótóni við heilann. Verið er að þróa lyf sem vinnur bug á vandanum.

Frá þessu er greint á www.bbc.co.uk.

- rve

Einn þriðji karlmanna er talinn þjást af of bráðu sáðláti. Ástæðan er hugsanlega erfðafræðileg. NORDICPHOTOS/GETTY

Hrafnhildur Sigurðardóttir er kennari á mörgum sviðum og fjögurra barna móðir. Hér er hún í skemmtilegum leikfimiæfingum með yngstu börnum sínum, Ásdísi, 4 ára og Theodóri Snorra, eins árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smitandi barnsleg gleði

Börnum finnst óborganlegt að sjá pabba rúlla um gólfin eins og bolta, mömmu breytast í sög og dilla sér saman í sætum fjölskyldudansi, en þannig draumastundir bjóðast nú á haustlegum eftirmiðdögum.

„Þetta er ekki bara leikfimi fyrir móður og barn, heldur einnig pabba sem vilja gera eitthvað skemmtilegt með barninu sínu. Eða þá ömmur og afa, en námskeiðið er í raun fyrir alla í kjarnafjölskyldunni á einu verði," segir Hrafnhildur Sigurðardóttir, grunnskóla-, tónlistar- og STOTT-Pilateskennari, sem fer af stað með námskeiðið Gaman saman í Heilsusetrinu í Faxafeni í október.

„Ég hef áður kennt mæðrum með ung börn STOTT Pilates, en þetta er í fyrsta sinn sem það býðst íslenskum börnum. Æfingakerfið styrkir miðsvæði líkamans og auðvelt að yfirfæra lærða líkamsbeitingu yfir á daglegt líf," segir Hrafnhildur sem kennir foreldrum með börn frá eins til tíu ára að gera styrkjandi og liðkandi æfingar saman.

„STOTT Pilates hentar fólki í öllu líkamsformi. Ég mun leggja áherslu á þær æfingar, en einnig jógastöður, dans og gleði, því ég spila út frá leikgleði og sakleysi barna. Það er dásamlegt að kenna litlum börnum, sem vitaskuld ná ekki fullkomnum tökum á æfingum, en fá hjálp fullorðinna, og víst að báðir aðilar læra mikið hvor af öðrum," segir Hrafnhildur sem kennir Gaman saman á þriðjudögum, sex vikur í röð.

„Margir trega að setja börn sín í áframhaldandi pössun eftir langan leikskóladag og vilja síður spilla helgarfrí fjölskyldunnar með líkamsrækt fyrir sjálfa sig. Þannig situr heilsurækt foreldra á hakanum vegna tímaleysis og samviskubits. Hér er hins vegar hægt að slá tvær flugur í einu höggi. Fara saman í leikfimi og styrkja tengsl milli barns og uppalenda um leið," segir Hrafnhildur. „Við munum leika með stóra og litla bolta, teygjur og hringi, og gnótt afþreyingar fæst fyrir þau minnstu sem ekki hafa eirð í sér til að gera æfingar. Æfingar heita sniðugum nöfnum, eins og sögin, planki og brú, og rúlla eins og bolti. Svo dönsum við saman og víst að frjálslegt dill barna smitar þá fullorðnu og veldur um leið andlegri upplyftingu."

Nánari upplýsingar á www.medanotunum.is. *thordis@frettabladid.is*

Flott í vetur...

Stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Alhliða dömupakki

Slendertone belti + buxur + armar

þjálfar og stinnir allan líkamann

kr. 42.900.-

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Ekki er talið ráðlegt að borða stóra og þunga máltíð rétt fyrir svefninn því það eykur líkur á meltingartruflunum og getur ruglað svefnmynstrið. Best er að borða kvöldmat að minnsta kosti tveimur tímum fyrir svefninn.

www.visindavefur.is

ALLT Í EINUM PAKKA

icepharma

GÓÐ BLANDA GEGN KVEFI

og til þess að byggja upp varnir líkamans

INNIHELDUR

Andrographis ekstrakt, Sólhatt, C-vítamín, Engiferrót og Ylliber.



VLADIMIR RADUNSKY, sem er þekktur fyrir myndskreytingar í fjölda barnabóka, sýnir nú fatnað í Nina Lumer gallery í Mílanó. Fötin eru sannarlega í anda myndskreytinga Radunskys, því sundföt á flóðhest, brúðarkjóll á slöngu og einnkennisklæðnaður í anda Ritz hótelsins á dúfu, sem sést hér, eru meðal annars til sýnis.

;TÍSKA

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Rauðhærð og röndótt í fjörutíu ár

Tískuvikunni lauk um helgina og verður meðal annars minnst fyrir fjörutíu ára afmæli tískuhúss Soniu Rykiel en það var tvímælalaust flottasta veislan á þessari tískuviku sem hófst á fjögur hundruð manna kvöldverði.

Sonia Rykiel opnaði í St. Germain des Prés-hverfinu 5. maí 1968. Tískusýningin sem fylgdi á eftir var hin glæsilegasta en gestirnir voru keyrðir í St. Cloud-garðinn í enskum leigubílum. Fyrir afmælið hafði dóttir Soniu og framkvæmdastjóri tískuhússins, Nathalie, fengið stærstu hönnuði heims til að hanna einn kjól hver í anda Rykiel í tilefni af afmælinu.

Þarna var því annars vegar sýnd sumartíska Soniu Rykiel og hins vegar þrjátíu kjólar meðal annars eftir Christian Lacroix, Jean-Paul Gaultier, Karl Lagerfeld og fleiri. Líklega sá frumlegasti þó frá Martin Margiela sem var innblásinn af rauðu hári Soniu sem hún er þekkt fyrir og var kjóllinn eingöngu úr hári. Einnig kjóll Gaultier sem sýndi fyrirsætu í hálfgegnæjum röndóttum kjól með prjóna í höndum og hnykil í eftirdragi því kjóllinn var ekki tilbúinn.

Sonia Rykiel byrjaði í tískunni fyrir hreina tilviljun. Á uppvaxtarárum hennar í seinna stríðinu kölluðu foreldrar Soniu hana Annie til fela að hún væri gyðingur. Í miðri óreiðunni og uppþotunum í kringum Sorbonne í maí ´68 varð Sonia Rykiel hluti af frelsisbaráttu sem konur tóku upp seint á því ári. Meðal annars byggðist hún á þægilegum prjónaefnum eins og hún gerir enn í dag sem hún notar í peysur, pils og kjóla. Einnig að

snúa flíkum við og hafa saumana utan á, ranghverfan verður rétthverfa og öfugt, líklega mjög femínísk aðferð við að snúa umhverfinu við. Seinna varð eitt aðaleinkenni stílsins að nota semelíusteina og skreytti Rykiel gjarnan fatnaðinn með slaufum og munnum sem reyndar fleiri notuðu á þessum tíma eins og YSL sem tók þá upp úr málverkum Picassos. Flestir þekkja sömuleiðis rendurnar frægu í regnbogalitunum bæði í fatnaði og töskum. Sonia kom jersey-efninu rækilega aftur á kortið en áður höfðu Jeanne Lanvin og Coco Chanel notað jersey í hönnun sinni.

Sonia Rykiel er eitt af örfáum tískuhúsum Parísar sem er enn fjölskyldufyrirtæki sem ekki tilheyrir stórri samsteypu líkt og svo mörg önnur sem hafa smám saman verið gleypt af risunum.

Sonia Rykiel virðist enn í fullu fjöri þrátt fyrir töluverðan aldur sem er á huldu því ekki þykir til siðs að tala um aldur tískuhönnuðar. Hún segist ekki vilja líta á það sem hefur verið gert á þessum fjörutíu árum heldur horfa til þess sem á eftir að gera.

bergb75@free.fr

Kreppukjólar

Hönnuðir fara sér hægt í ríkjandi efnahagsástandi ef marka má tískuvikuna í París sem lauk á sunnudag.

„Mér fannst tískuvikan ekki eins spennandi og oft áður," segir Alexandra Shulman, aðalritstjóri breska Vogue, í samtali við The Associated Press. „Á heildina litið virtust hönnuðirnir halda sig við hönnun sem þeir vita að þeir hafa á valdi sínu og fellur í kramið. Lítið var um djarfar tilraunir sem hugsanlega geta fælt viðskiptavini frá."

Miu Miu-línan bar til að mynda vott um hugarfar hönnuða en flíkurnar voru líkt og stefnuyfirlýsing gegn stjórnlausri eyðslu. Fyrirsæturnar voru með hárið slétt og sleikt aftur, sniðin voru látlaus og litirnir fremur hlutlausir. Hönnuðirnir virðast gera sér vonir um að slíkur fatnaður höfði betur til fólks sem stendur. Litadýrðin var þó víða mikil og voru flíkur með prenti áberandi. Þá var mikið um stutt pils og kjóla sem er andstætt því sem hingað til hefur gerst á krepputímum. *- ve*

Miu Miu-línan er líkt og stefnuyfirlýsing gegn stjórnlausri eyðslu.

Vefta
Síð vesti og kjólar við buxur.
Sjáðu úrvalið á www.vefta.is

Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2050

NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

FIMMTUDAGS
ecco TILBOÐ

KRINGLAN SMÁRALIND LAUGAVEGUR
the most comfortable place on earth ecco®

LÉTTAR HAUSTYFIRHAFNIR MEÐ HETTU

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Gallabuxnadagar
Gallabuxur háar í mittið, st. 36-46
5.990 kr
Kvartbuxur og gallapils
5.990 kr

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

HEIMILI

SKÁPHURÐ getur óhreinkast og rispast þar sem ruslafata er geymd. Erfitt getur verið að hreinsa burt óhreinindin og enn verra að laga eða fela rispurnar. Til að verja skápinn gegn óhreinindum og almennu hnjaski er gott að klippa plastþynnu og líma á hurðina innanverða.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Traust rúm með léttleikann yfir sér. Nefnist Larissa og er úr sterku Bycast-leðri. Fæst í Ilva og kostar frá 79.900 til 99.900 eftir stærð.

Heimilislegur stóll úr bananaberki fæst í Pier. Nefnist Loreng og kostar 19.900 með pullunni. Púðinn kostar 3.490 krónur.

Lampi með skermi sem bregður rósrauðum bjarma á næsta umhverfi sitt. Fæst í Ilva og kostar 12.900 krónur.



Rammar fyrir fjölskyldumyndirnar fást í Pier. Þessir kosta 1.490 krónur.

Kertalukt til að lýsa upp skammdegið fæst í Pier og kostar 2.990 krónur.

Heimilið og fjölskyldan

Nýjar verslanir voru opnaðar um síðustu helgi á Korputorgi. Þar fæst margt eigulegt og til þess fallið að hlúa að heimilinu og fjölskyldunni. Hér er smá sýnishorn úr tveimur þeirra, Pier og Ilva.

Í norðurenda stórhýsisins á Korputorgi hefur ný stórverslun hreiðrað um sig. Það er hin danska Ilva sem hóf starfsemi sína á dönskum markaði árið 1974 og rekur einnig tvær verslanir í Svíþjóð. Þar eru opnunartilboð í gangi til 12. þessa mánaðar og auðvelt að gera góð kaup í húsgögnum og húsbúnaði hvers konar og búsáhöldum.

Í næsta bás þessa nýja húss er verslunin Pier með aðra verslun sína hér á landi. Sú sem fyrir er, er á Smáratorgi. Þar er margt skrautlegt og skemmtilegt líka. Nefna má mikið úrval af púðum á verði frá 790 krónum. *- gun*

Ævintýraleg antikútsala

Í okt. 25-50% af

Antikbúðin
KAUPUM OG SELJUM
Strandgata 24 • Hafnarfirði 552 8222

veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 9. OKTÓBER 2008

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allt til jólakortagerðar

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

Sigríður Ásdís Jónsdóttir vöruhönnuður færði gamla íslenska leiki í nýjan búning. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leitað aftur í menningararfinn

Íslenskir hönnuðir hafa verið duglegir við að leita sér fanga í þjóðararfinum. Einn þeirra er Sigríður Ásdís Jónsdóttir.

Vöruhönnuðurinn Sigríður Ásdís Jónsdóttir hannaði fylgihluti, umbúðir og leiðbeiningar utan um íslenska leiki. Verkefnið vann hún í Listaháskólanum í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Markmiðið var að hanna hlut í anda gamla tímans en nútímavæða hann um leið.

„Ég vann heilmikla rannsóknarvinnu og skoðaði muni Þjóðminjasafnsins auk þess sem ég grúskaði í gömlum bókum. Ég rakst á mjög skemmtilega bók sem heitir Íslenskar gátur, skemtanir (með einu m-i!) vikivakar og þulur. Í henni er að finna ógrynni af skemmtilegu efni og þar fann ég mikið af gömlum leikjum sem börn léku í gamla daga," segir Sigríður.

Hún ákvað að nota leikina sem efnivið og hvetja nútímabörn til hreyfingar. „Meðal þeirra leikja sem ég fann voru Skollaleikur, Blindkrækuleikur, Hnapphelda, Halarófuleikur, Róa í sel og Músarleikur. Mér fannst mjög mikilvægt að varðveita þessa leiki og koma þeim áfram til yngri kynslóða. Það væri algjör synd ef við glötuðum þessum skemmtilega menningararfi."

Þjóðminjasafnið valdi verkefni Sigríðar til sölu í safnbúðinni en hún lét framleiða leikina hér á Íslandi. Hún saumaði fylgihlutina með aðstoð vinkonu sinnar og naut ráðlegginga og aðstoðar Snorra Más Snorrasonar í Formfast, hönnunar, ráðgjafa- og framleiðslufyrirtæki í umbúðariðnaði.

„Það var mikill skóli fyrir mig að ráðast í framleiðslu og ég þurfti auðvitað að spá í allan kostnað auk þess sem ég þurfti að verðleggja vöruna en það er ekki auðvelt. Þetta er engin gróðamaskína heldur snýst þetta um að koma sér á framfæri. Mér fannst frábært að fá tækifæri til að selja vöruna mína í jafn flottri búð og Safnbúð Þjóðminjasafnsins er og það er mikil hvatning fyrir unga hönnuði að fá slíkt tækifæri."

Nánar má forvitnast um hönnun Sigríðar á www.honnunarmidstod.is

- rat

Íslensk völundarsmíði

Patti ehf. er íslenskt innflutnings- og framleiðslufyrirtæki sem býður upp á fjölþætta þjónustu á sviði húsgagna fyrir fyrirtæki og heimili. „Ég hef framleitt húsgögn í þrjátíu ár en við höfum framleitt undir þessu merki frá 2000," segir Gunnar Baldursson, forstjóri Patta ehf. og bólstrunarmeistari. „Ég hanna hlutina, síðan kemur kúnninn með sínar séróskir og við reynum að uppfylla þær."

Að sögn Gunnars eru viðskiptin alltaf að aukast. „Með falli krónunnar hefur varan lækkað hlutfallslega í verði og er aðgengilegri og samkeppnisfærari. Svo erum við með góða vöru og þjónustu sem hefur vakið lukku meðal kúnna."

Patti hannar og framleiðir húsgagnamódel sem smíðað er eftir og hægt að velja um áklæði. „Við erum með um 200 til 300 tegundir af áklæðum og hönnunin einkennist af hreinum línum. Við framleiðum albólstruð húsgögn og smíðum eftir máli." Einfalt er að láta laga húsgögnin ef eitthvað kemur fyrir og ódýrt þar sem þjónustan er innan seilingar.

- hs

Húsgögnin frá Patta hafa meðal annars fengist í Hagkaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur Gíslason, sölu- og markaðsstjóri Mjallar-Friggjar, með alíslenskar hreinlætisvörur fyrirtækisins í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvítasti þvotturinn í þvottahúsinu

Íslendingar búa svo vel að eiga á heimavelli þvottaefni sem slá öðrum út og skila fallegum þvotti og skínandi hreinum húsum. Hreingerningavörurnar frá Mjöll-Frigg eru sérhannaðar fyrir íslenskt vatn og vistvænum tegundum fjölgar.

„Í mínum huga eiga Íslendingar að styðja íslenskar vörur og framleiðslu eins og mögulegt er að því tilskildu að varan sé samkeppnishæf í gæðum og verði og alls ekki kaupa íslenskt bara af því að það er íslenskt," segir Guðmundur Gíslason, sölu- og markaðsstjóri hjá Mjöll-Frigg, sem er eina íslenska fyrirtækið sem framleiðir allt sem þar til hreingerninga.

„Nýir eigendur tóku við fyrirtækinu um síðustu áramót og gríðarlegar breytingar sem hafa átt sér stað síðan. Fyrri eigendur höfðu sett þvottaduft á plastbrúsa sem Íslendingum hugnaðist ekki að kaupa enda vanir þvottadufti í kössum. Við höfum því sett allt okkar þvottaefni aftur í kassa og bætt bleikiþvottaefni og blettahreinsi í Maraþon-línuna," segir Guðmundur um þvottaefni Mjallar-Friggjar sem ásamt Maraþon eru Milt fyrir barnið, sem íslenskir læknar mæla með fyrir fatnað ungbarna og þeirra sem eru með viðkvæma húð, og C-11, sem hvert mannsbarn þekkir úr íslensku heimilishaldi frá ómunatíð.

„Allt okkar þvottaefni er sérstaklega framleitt fyrir íslenskt vatn, sem fellur undir það sem kallast mjúkt vatn og inniheldur lítið af uppleystum kalk- og magnesíumjónum. Því þarf minna af þvottadufti til að ná sömu þvottavirkni miðað við útlenskt vatn, því talsvert magn af þvottadufti þarf til að binda þessar jónir á þeim stöðum þar sem vatn er kalkríkt," segir Guðmundur og nefnir til samanburðar 4,8 kg pakka frá Ariel.

Þvottaduft Mjallar-Friggjar eru sérhönnuð fyrir íslenskt vatn og notadrýgri en erlend þvottaefni. Gamla, góða Hreinolið og Vex henta í uppþvottinn. Þrif-úðinn hefur eignast nýja og vistvæna fjölskyldumeðlimi á árinu. Nýjasta útspil Mjallar-Friggjar er svo froðuhandsápan Ópera sem er notadrjúg, yndislega ilmandi og vistvæn.

„Þar eru upp gefnir 50 skammtar á móti 100 skömmtum í sömu stærðarpakkningu frá okkur, og munar 600 krónum á verði, okkur í hag. Um slíkt munar fyrir budduna. Við erum ekki að tala um 6 krónur heldur 600 í einum þvottaduftspakka," segir Guðmundur, en þess má geta að þvottaefni Mjallar-Friggjar eru vistvæn, lágfreyðandi og rómuð fyrir snjóhvítan þvott, eins og notendur C-11 þekkja og vilja ekki annað.

„C-11 og Hreinol hafa haldist óbreytt í sömu umbúðum, með sama innhald og sama fólkið hefur keypt það frá því það kom á markað. Hins vegar eru æ fleiri að uppgötva þessi gömlu og góðu vörumerki sem og margt annað sem við framleiðum. Á árinu höfum við komið með ýmsar nýjungar sem tekið hefur verið fagnandi. Þar á meðal eru Þrif-úðavörurnar, vistvænn grill- og ofnahreinsir, stálhreinsir, gler- og speglahreinsir og eldhús- og baðhreinsir, en Þrif-sótthreinsiúðinn hefur slegið í gegn, enda æ fleiri meðvitaðir um bakteríur á skrifborðum, lyklaborðum og eldhúsborðum, eins og eftir kjúklingamatseld," segir Guðmundur um lítið brot af vöruúrvalinu hjá Mjöll-Frigg sem framleiðir 500 gerðir af hreinlætisvörumnum.

„Við framleiðum mjög svo samkeppnishæfa vöru hvað verð og gæði varðar og notum eins vistvæn efni og bjóðast til að vernda náttúru Íslands. Okkar vörur eru því að mörgu leyti vel fyrir ofan það sem býðst af innfluttum hreingerningavörum."

- þlg

SKUTLAÐU

MINNA

taktu strætó

Prófaðu leiðarvísinn á nýrri heimasíðu, strætó.is
og finndu stystu leiðina milli A og B.

strætó.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS STR 14721 10/2008

Gæða BAKSTUR

Hollur biti í dagsins önn.

Sólkjarnarúgbrauð,
Maltbrauð, Normalbrauð
Speltrúgbrauð, Orkukubbur

Gæðabakstur ehf • Álafabakka 12 • 109 Reykjavík
sími 564-2024 • kleina@centrum.is

ÖMMUBAKSTUR

Heimilislegar vörur

Kleinur, flatkökur
speltflatkökur
skonsur, vínarbrauð
snúðar, laufabrauð

Guðrún segist halda bestri einbeitingu með prjóna í hönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Prjónar á fundum

Guðrún Þóra Hjaltadóttir prjónar öllum stundum og framleiðir barnalopapeysur í nokkuð stórum stíl.

Kennarinn og næringarráðgjafinn Guðrún Þóra Hjaltadóttir prjónar við öll möguleg og ómöguleg tækifæri og framleiðir töluvert af barnalopapeysum. Upphaflega prjónaði hún á ættingja og vini en í dag er hægt að kaupa peysurnar í versluninni Lykkjufalli á Laugavegi.

„Þetta byrjaði fyrir um þremur árum þegar dóttir mín var ófrísk. Ég var nýbúin að prjóna á hana aðsniðna lopapeysu eins og þá voru í tísku og spurði hún mig hvort ég gæti ekki prjónað eins á barnið. Ég hugsaði með mér að ég gæti ekki gert peysu úr lopa þannig að ég varð mér úti um barnaull sem má þvo. Ég gerði eina dökka með munstri og aðra hvíta sem voru mikið notaðar," segir Guðrún.

Svo fór að ættingjar og vinir fóru að biðja Guðrúnu að prjóna á börnin sín og á endanum bað Sigrún Baldursdóttir, eigandi Lykkjufalls og æskuvinkona dóttur Guðrúnar, hana um að prjóna fyrir búðina. Ég reyni að hafa peysurnar í sauðalitunum en þær allra nýjustu eru með smá lit.

Peysurnar fást í versluninni Lykkjufalli.

Guðrún segist ávallt hafa verið mikil handavinnukona. „Ég fékk sykursýki þegar ég var barn og gat því ekki tekið þátt í því sama og jafnaldrar mínir en sat gjarnan inni og gerði handavinnu. Þótt mig hafi eflaust langað til að gera eitthvað annað þá bý ég að því í dag."

Guðrún prjónar öllum stundum. „Ég prjóna fyrir framan sjónvarpið, ef ég er farþegi í bíl og á öllum fundum. Ég held betri einbeitingu ef ég prjóna," fullyrðir hún.

Í síðustu viku lauk hún við fimm peysur sem allar fóru til vinkvenna hennar sem eiga barnabörn. „Ég gæti nú bara verið í þessu en það er verst að þetta gefur svo lítið af sér. Handavinna er ofboðslega illa metin og gerir fólk lítinn greinarmun á því hvort hlutirnir séu handgerðir eða úr vél." - ve

Blómin veita vellíðan

Gísli Jóhannsson og Helena Jónsdóttir, garðyrkjubændur í Dalsgarði í Mosfellsdal, segja að blómin séu viðkvæm vara sem huga þurfi vel að jafnt að nóttu sem degi.

„Blómin veita vellíðan," segir Gísli Jóhannsson, garðyrkjubóndi í Dalsgarði í Mosfellsdal, þegar hann er spurður út í blómaræktina sem hann þekkir vel allt frá blautu barnsbeini. Fyrir um sextíu árum hófu foreldrar Gísla búskap með blómarækt í Dalsgarði. Gísli og kona hans Helena Jónsdóttir tóku síðan alfarið við búskapnum fyrir um áratug. „Íslensk blómarækt hefur byggst upp á miklum dugnaði," segir Gísli og minnist þess að menn höfðu mikla trú á að hægt væri að nýta heita vatnið. Engin launung er á því að það hefur tekið langan tíma að byggja upp markaðinn með mikilli elju og þrautseigju.

„Það má segja að við séum að mjólka rósir," segir garðyrkjubóndinn þegar hann líkir starfi blómaræktandans við vinnu kúabóndans sem mjólkar kýr alla morgna. „Blómin eru viðkvæm vara sem þarf að hugsa vel um dag og nótt," segir Gísli og vísar til þess að eftir

Helena og Gísli segja blómin vera viðkvæm og hugsa þurfi vel um þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

því sem atlætið við blómin er meira því meira blómstra þau.

Gísli nefnir að á haustin séu rauðir og appelsínugulir litir ráðandi í rósum. En með vorinu í kringum fermingar og útskriftir eru það bleikir litir sem verða ríkjandi. Íslenskir blómabændur sjá kaupmönnum að mestu fyrir blómum allt árið um kring, en það er helst á konudaginn eða þegar mikið liggur við að bændur anna ekki eftirspurn. „Við bændurnir erum auðvitað að keppast um hver er með bestu vöruna. Markaðurinn er lítill og þetta er hörkuslagur."

Á undanförnum árum hefur fækkað í greininni að sögn Gísla. „Ætli við séum ekki í kringum tíu blómabændur sem halda uppi þjónustunni í dag." Rósirnar vaxa allan ársins hring í gróðurhúsunum en túlípanaræktunin er árstíðabundin. Í Dalsgarði er einmitt þessa dagana verið að undirbúa túlípanaræktunina fyrir jólin. - vg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Mótum eigin framtíð

Veljum íslenskt

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Egla bréfabindin sem eru Íslendingum vel kunn eru framleidd hjá Múlalundi og draga nafn sitt af Agli Skallagrímssyni. Helgi Kristófersson framkvæmdastjóri segir mikilvægt að gleyma ekki stöðum eins og Múlalundi á tímum sem þessum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðfélagið þarf á Múlalundi að halda

Íslensk framleiðsla á skrifstofuvörum fer fram á Múlalundi sem er elsta og stærsta öryrkjavinnustofa landsins.

Margar gerðir af möppum og plastvösum eru framleiddar á Múlalundi, en vélakosturinn er mikið til ætlaður til plastframleiðslu.

Múlalundur hefur verið starfræktur frá árinu 1959 en þar fær fólk með skerta starfsorku endurhæfingu. Múlalundur framleiðir og selur bréfabindi og lausblaðabækur svo eitthvað sé nefnt. Um fimmtíu manns starfa nú hjá fyrirtækinu.

Meðal þess sem framleitt er á Múlalundi eru plast- og pappavörur fyrir skrifstofur en vélakostur verksmiðjunnar er mikið til ætlaður til framleiðslu úr plasti. Má þar nefna glærar kápur og hulstur en einnig eru framleidd dagatöl, ráðstefnu- og fundarmöppur auk þess sem Múlalundur selur aðrar skrifstofuvörur svo sem heftara, gatara og ljósritunarpappír.

„Vinnan við að útbúa möppur fyrir ráðstefnur og fundi hefur aukist," útskýrir Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar. „Hér er raðað í möppurnar og jafnframt útbúin barmmerki. Við bjóðum einnig upp á margs konar sérvinnslu og oft koma hugmyndir frá kúnnunum sem við framleiðum og því hvetjum við alla til að kynna sér þá möguleika sem við getum boðið upp á."

Hann segir markmið framleiðslunnar ekki vera peningalegan hagnað heldur það að koma sem flestum til starfa aftur sem hafa orðið fyrir áföllum, til dæmis vegna veikinda eða slysa. „Að vera virkur samfélagsþegn er snar þáttur í lífi fólks, ekki síst atvinnuþátttaka og þessi starfsemi er að skila þjóðfélaginu arði sem er ómetanlegur," segir Helgi og bætir því við að á þessum síðustu og verstu tímum sé mikilvægt að gleyma ekki stöðum eins og Múlalundi. „Þjóðfélagið þarf á þessum stöðum að halda og það er alltaf stöðug aðsókn í vinnu hér."

- rat

Veljum íslenskt!

Hjá Bakarameistaranum færðu ilmandi brauð og kökur ásamt gómsætum heitum og köldum réttum allan daginn.

Nýtt & ferskt

Framleitt af íslenskum fagmönnum

Bakarameistarinn

Austurveri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

PIPAR • SÍA • 81941

Kusukonfekt úr skyri

Bændurnir Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helga Elínborg Guðmundsdóttir eru að byggja upp heimavinnslustöð að Erpsstöðum í Búðardal. Þau stefna að því að hefja þar framleiðslu á ís, skyrkonfekti og ostum öðru hvoru megin við jól.

Í fyrra gerðu þau skemmtilega skyrkonfektmola í samstarfi við nemendur úr Listaháskóla Íslands en ekki þarf að fjölyrða um hvaðan innblásturinn að lögun þeirra og litum kemur. Þorgrímur vonast til að þá verði hægt að nálgast ásamt öðru innan skamms.

„Við erum að byggja nýtt 1.000 fermetra húsnæði þar sem 800 fermetrar fara í fjós en 200 í heimavinnslu. Auk þess gerum við ráð fyrir móttöku-aðstöðu þar sem verður hægt að halda fyrirlestra og sýna gestum inn í fjós. Í framtíðinni á fólk svo að geta keypt afurðir af okkur hér heima.“

-ve

„Það er nauðsynlegt að hugsa um heilsuna áður en eitthvað klikkar,“ segir Kolbrún Björns sem býr til blöndur og krem. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grasalyf og græn bomba fyrir heilsuna

Vallhumall, mjaðjurt og hvannarót. Þessar íslensku jurtir eru meðal þess sem Kolbrún grasalæknir notar í sínar vörur. Hún ræður ríkjum í Jurtaapótekinu á Laugavegi 2.

-Kolbrún ertu lengi búin að eiga Jurtaapótekið? „Það verða fjögur ár núna í desember.“

-Hvaða erindi á fólk helst hingað? „Að halda heilsunni. Við erum með alls konar efni sem styðja við hana, bæði andlega og líkamlega.“

-Eru þetta lífselexírar sem þú ert að framleiða? „Já, þú þarft ekkert endilega að byrja að hugsa um heilsuna þegar eitthvað klikkar. Það er miklu skynsamlegra að reyna að fyrirbyggja heilsubrest. Jurtir eru mjög orkugefandi og þær hreinsa vel líkamann líka.“

-Hvaða jurtir eru þetta helst sem þú notar? „Við notum mikið af steinselju til dæmis í töflur sem við köllum grænu bomburna og innihalda mörg vítamín og steinefni. Vallhumallinn er í ýmsum blöndum, hann er blóðþrýstingslækkandi og róandi og styrkir æðakerfið líka. Einnig er hann góður í græðismyrsl og svo bara te.“ Mjaðarjurtin er íslensk líka og nýtist vel í magabólgublöndu.“

Jafnvel nöfnin blása okkur hreysti í brjóst.

-Hm,.. ertu með einhver fegrunarkrem? „Já já. Nokkrar gerðir.

-Og gera þær eitthvert gagn? „Þær byggja húðina upp og næra en eru jafnframt mjög mildar. Við erum með til dæmis eina blöndu gegn rósaroða en það er æðaslit í kinnunum og afar viðkvæm húð. Blandan heitir Rán og hefur hjálpað mörgum.

-Ertu með eitthvað sérstakt fyrir krakka? „Já, við erum með eyrnaolíu vegna eyrnabólgu og kvefmixtúru sem virkar mjög vel líka. Í henni er blómavatn frá Bretlandi. Ég þarf að flytja margt inn til framleiðslunnar en allt er búið til hérna heima. Við erum sjö sem vinnum í þessu húsi en framleiðslan fer mikið fram í Ölvisholti í Flóa.“

-Þú ert á besta stað í bænum. „Já. Það er frábært að vera hér og góður andi í húsinu.“

- gun

Hulda vill hafa skartgripina áberandi.

Skart Huldu, armbönd og hálsmen bera hugmyndaauðgi hennar vitni.

Hulda vann fyrst með leir en hefur svo verið ófeimin að prófa alls kyns efni.

Hulda segir hugmyndavinnuna að skartinu vera tímafrekasta. MYND/HULDA B. ÁGÚSTSDÓTTIR

Litríkt og leikandi

Smæð landsins er jafnvel til bóta fyrir skartgripasölu á Íslandi, að mati Huldu B. Ágústsdóttur skartgripahönnuðar en hönnun hennar er til sölu í Kirsuberjatrénu.

Huldu þykir gaman að reyna eitthvað nýtt og gera tilraunir með efni, eins og sjá má á fjölbreyttu skartgripaúrvali hennar. Skartgripir hennar fást í Kirsuberjatrénu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hef verið skartgripahönnuður í fjöldamörg ár og er búin að vera í Kirsuberjatrénu síðan 1995. Það var samt ekki þannig að ég hafi alltaf ætlað mér að verða skartgripahönnuður. Ég lærði myndlist í Frakklandi og bjó þar í fjögur ár. En hlutirnir þróuðust þannig að ég fór að hanna skartgripi,“ segir Hulda B. Ágústsdóttir og bætir við að hún hafi í upphafi aldrei verið mikið með skartgripi. „Ég var alin upp á þeim tíma þar sem maður var frekar hippalegur en síðan prófaði ég og þótti þetta skemmtilegt.“

Huldu þykir gaman að reyna eitthvað nýtt og gera tilraunir með efni, eins og sjá má á fjölbreyttu skartgripaúrvali hennar. „Ég hef alltaf haft meiri áhuga á að hanna stærri hluti. Fyrst var ég að vinna úr leir en af því að ég vildi hafa skartgripina stóra, og leirinn er þungur, þá fór ég að nota pappamassa. Í kjölfarið gerði ég tilraunir með alls konar efni. Það sem mér finnst höfða til mín er eitthvað sem sést,“ útskýrir Hulda og á hún þá við skartgripi sem eru litskrúðugir og lyfta manneskjunni upp.

Hulda hannar gripina meðal annars með það fyrir augum að bæta sálarlífið.

„Síðustu ár hef ég mikið notað plexígler en þar áður var ég mikið með plastslöngur og málaði að innan með pensli. Svo setti ég stundum organsa silki inn í og ég hef notað blýsilfur, dúska, skeljar og fleira.“ Skeljarnar kallast sæeyra og kaupir Hulda þær í París. „Þær eru mjög viðkvæmar en afar fallegar. Þær lita ég með taulitum. Ég reyni að finna eitthvað hérna heima og finn til dæmis mikið efni í byggingavöruverslunum en síðan fer ég oft til Parísar.“

Oft getur verið erfitt að hafa uppi á efni í skartgripina. „Það er svolítil kúnst að finna til dæmis góðar festingar og smærra efni en ég þekki París vel og veit hvar ég á að leita þar.“ Gúmmíið og plexíglerið kaupir hún hins vegar hér á landi.

En hvaðan koma hugmyndirnar? „Ein hugmynd leiðir mig að þeirri næstu og mér finnst allt efni í raun spennandi,“ segir Hulda áhugasöm og þykir henni gaman að prófa sig áfram með nýja hluti. Skartgripasmíði getur hins vegar verið tölu-vert nostur. „Mestur tími fer í hugmyndavinnuna og að finna upp eitthvað nýtt. Þegar ég er búin að ákveða hvað ég ætla að gera og finna allar lausnir með samsetningar þá er ég kannski ekki mjög lengi að vinna skartið.“

Að sögn Huldu ganga viðskiptin vel og eru Íslendingar mjög jákvæðir. „Það er stór hópur kvenna sem kemur alltaf í Kirsuberjatréð og ég held að smæð landsins sé kostur. Þetta spyrst fljótt út og ef fólk er ánægt þá kemur það aftur þannig að það er fínt að vera skartgripahönnuður á Íslandi,“ segir Hulda og brosir.

- hs

LAMBAKJOT.IS

„... en það er bara svo gaman að sjúga svona núðlur - get bara ekki hætt ...“

SNILLDARBRAGÐ grallarans

Kínverskar lambakjötsnúðlur

300 g eggjanúðlur • 4 - 500 g meyrt lamba- eða kindakjöt • 2 msk olía • 1 lítill rauðlaukur, saxaður 2 - 3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt • 1 msk ferskur engifer, saxaður smátt • 1 lítið rautt chili-aldin, fræhreinsað og skorið í þunnar sneiðar • 1 msk rautt karrímauk (red curry paste) • 150 g sykurbaunir (snjóbaunir) • 1 - 2 gulrætur, skornar í mjóar ræmur • 150 ml vatn • 1 tsk sykur • safi úr 1 límónu

Eldið núðlur samkvæmt leiðbeiningum. Skerið kjötið í mjög þunnar sneiðar þvert á vöðvaþræðina. Hitið 1 msk af olíu vel á wokpönnu eða þykkbotna pönnu og snöggsteikið við háan hita. Steikið í nokkrum skömmtum og takið svo af með gataspaða þegar það hefur tekið lit á báðum hliðum. Setjið afganginn af olíunni á pönnuna og steikið rauðlauk, hvítlauk, engifer og chili í 1 - 2 mínútur. Setjið kjötið aftur á pönnuna, ásamt karrímauki, snjóbaunum og gulrótum. Hellið vatninu yfir og sjóðið í 2 - 3 mínútur. Bragðbætið með sykri og límónusafa. Látið renna af núðlunum í sigti og setjið þær á pönnuna og steikið í 1 - 2 mínútur til viðbótar. Fljótlegt og ljúffengt - verði ykkur að góðu!

10 - 15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

H:N markaðssamskipti / SÍA

Íslendingar velja helst íslenskan ís

Emmessísinn hefur fylgt þjóðinni lengi eða allt frá árinu 1954. Fyrst hét hann MS ís í höfuðið á Mjólkursamsölunni sem framleiddi hann.

Súkkulaðiísinn brunar eftir bandinu.

Vanilluísinn er alltaf sá vinsælasti.

Toppísinn bráðnar í munni. Hnetutoppurinn er sá elsti og salan á honum eykst ár frá ári.

Það er á Bitruhálsi sem Emmessísinn er búinn til. Ilmurinn leynir sér ekki þegar komið er inn. Nett sambland af súkkulaði og karamellu. Þær bragðtegundir hafa haldið velli frá fyrstu tíð, ásamt jarðarberjabragði og hinni sívinsælu vanillu. „Vanilluísinn hefur alltaf verið undirstaðan og er enn," segir Leifur Grímsson markaðsstjóri. „Emmess grunnísinn er alltaf eins en bragðtegundunum hefur fjölgað hressilega frá því í öndverðu. Nú erum við með einhverjar 25 tegundir af kúluís fyrir ísbúðirnar, sorbet og alls konar útgáfur svo þetta er orðið voðalega flókið," bætir hann við glaðlega.

Svo aftur sé horfið til fortíðar þá var Emmessís til heimilisnota lengi vel í pappaumbúðum. Engin sýnishorn eru sjáanleg af þeim pökkum í höfuðstöðvunum í dag.

Emmessís er einkarekið fyrirtæki frá því á síðasta ári, er með 38 manns í vinnu og leigir húsnæði hjá Mjólkursamsölunni. Þaðan kemur líka lunginn af hráefninu í ísinn, mjólkin, undanrennuduftið, rjóminn og smjörið. „Þetta er mjög íslensk vara," segir Leifur. „Það er svo merkilegt að í nágrannalöndunum og víða í Evrópu eru alþjóðleg ísmerki en á Íslandi eiga þau lítinn séns. Þjóðin vill íslenskan ís og Emmess og Kjörís eru sterk merki á markaðnum auk þess sem einstaka kúabú er komið með ísgerð. Allt sem þú færð úti í heimi geturðu fengið hér undir íslenskum merkjum. Okkar mjólkurfræðingar fylgjast svo vel með. Þeir eru eins og bruggmeistarar, beita vissum aðferðum til að laða fram það besta." -gun

„Nú eru komnar ótal bragðtegundir," segir Leifur Grímsson sölu- og markaðsstjóri Emmessíss. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gómsætur gimsteinn

Slikkerí er lítið fjölskyldufyrirtæki þar sem brjóstsykursgerð er höfð í heiðri.

Á vefsíðunni slikkeri.is er að finna upplýsingar um allt það helsta er við kemur brjóstsykursgerð en þar segir meðal annars: „Slikkerí leiðir þig í allan sannleikann og upplýsir leyndardóminn um brjóstsykurinn..." og að brjóstsykur sé „ætilegur gimsteinn." Ljóst er því að eigendurnir hafa mikla ástríðu til brjóstsykursgerðar.

„Ég byrjaði á að versla við danskar heimasíður og flutti þetta þá inn sjálf til einkanota. Þá tók bara svo langan tíma að fá efnin og við Íslendingar erum svo bráðlátir og viljum fá hlutina strax, þannig að ég ákvað að flytja þetta inn í meira magni í samstarfi við foreldra mína," segir Sigurbjörg Nilsdóttir, einn af eigendum fyrirtækisins. „Það sem fyllti mælinn var þegar ég var eitt sinn að flytja inn lakkrísduft, sem er dýrasta efnið sem maður notar í þetta, og ég þurfti að bíða eftir því í einhverjar vikur, hringja og reka á eftir og allt það. Loks þegar ég fékk pakkann þá var hann tómur en hann ilmaði af lakkrísdufti þannig að einhver hafði tekið það á leiðinni," útskýrir Sigurbjörg og hlær. „Þá sá ég það að þessa þjónustu vantaði sárlega á Íslandi og fórum við að leita að birgjum.

Efnin eru öll dönsk en áhöldin koma víðs vegar að. Við flytjum allt hráefni inn frá Danmörku en það má nota allt sem þú átt í skápunum og þolir hita. Má þar nefna kókosmjöl og kakó en þannig má gera ódýran brjóstsykur úr því sem er til. Þá vantar bara þrúgusykurinn."

Sigurbjörg Nilsdóttir segir einfalt að búa til brjóstsykur.

Kjörið er að setja brjóstsykurinn í fallegar umbúðir og gefa sem gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrirtækið hóf starfsemi sína árið 2003 og hefur vaxið smám saman síðan. „Þetta er nú aðallega tómstundagaman en þegar ég fór að lesa mér til um af hverju Íslendingar hafa ekki vanist á að búa til brjóstsykur í heimahúsum þá var það vegna innflutningshafta. Við gátum ekki keypt þrúgusykur og er það eina ástæðan fyrir að íslensk börn hafa ekki búið til brjóstsykur heima eins og börn á Norðurlöndunum," segir Sigurbjörg einlæg og bætir við að þess vegna þyki henni gaman að bæta þessu við íslenskan heimilisiðnað. „Við viljum breiða út þessa menningu og þetta er mikil stemning. Lyktin er einstök og húsið ilmar af þessari sætu brjóstsykurslykt í tvo, þrjá daga á eftir." En er ekkert mál að gera brjóstsykur?

Jóhönnu Kristjánsdóttur

Ólafsvík.

Jenný Guðmundsdóttir
Bára Guðmundsdóttir
Kristín E. Guðmundsdóttir
Metta S. Guðmundsdóttir
Jónas Gunnarsson
Pétur F. Karlsson
Sigurður P. Jónsson

ömmu- og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, dóttir, barnabarn og systir,

Erla Jónína Jónsdóttir

Fossheiði 36, Selfossi,

sem lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi 1. október sl., verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 11. október klukkan 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Bergmál, líknar- og vinafélag, sími: 587 5566.

Jón Marel Magnússon
Ída Bjarklind Magnúsdóttir
Ída S. Sveinbjörnsdóttir
Jón S. Hreinsson
Snjólaug Valdimarsdóttir
Jónína Hallgrímsdóttir
Erla Stefánsdóttir
Jón Guðmundsson

og systkini hinnar látnu.

†

Okkar elskulegi faðir,

Björn Bjarnason

frá Birkihlíð,

lést á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum 6. október síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

Börnin og fjölskyldur þeirra.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

JOHN LENNON BÍTILL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1940.

„Eins og venjulega stendur frábær kona við bakið á hverjum hálfvita.“

John Lennon var í hinni þekktu hljómsveit The Beatles frá Liverpool og samdi mörg af bestu lögum sveitarinnar. Hann var þekktur friðarsinni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 9. OKTÓBER 1986

Stöð 2 hljóðlaus í loftið

Stöð tvö fór í loftið þennan dag árið 1986. Hún var fyrsta frjálsa sjónvarpsstöðin á Íslandi. Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri kom fyrstur á skjáinn en ekkert hljóð heyrðist. Því sást hann aðeins bæra varirnar. Fyrstu dagarnir voru erfiðir og sent var út með rykkjum og skrykkjum. Í heilan mánuð varð að taka upp fréttir fyrirfram í stað þess að senda þær beint. En þannig vildi til að opnun Stöðvar 2 bar upp á leiðtogafund Gorbatsjevs og Reagans sem þjóðin fylgdist af athygli með í Sjónvarpinu. En fall reyndist fararheill. Fljótlega var farið í innlenda dagskrárgerð af kappi og lagði Jón Óttar þar sitt af mörkum. Fréttastjórinn var Páll Magnússon.

SJÁLFSBJÖRG Á AKUREYRI: FIMMTÍU ÁRA

Félagið hefur alla tíð verið öflugur málsvari fatlaðra

„Tíðarandinn var þannig fyrir fimmtíu árum að samhjálpin og samstaðan var mikil og Sjálfsbjörg naut strax í upphafi mikillar velvildar í þjóðfélaginu.“ Þetta segir Pétur Arnar Pétursson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar á Akrueyri og nágrenni. Fimmtíu ár voru liðin í gær frá stofnun félagsins sem hefur alla tíð borið hag fatlaðra fyrir brjósti. Í tilefni hálfrar aldar afmælisins var gefið út blað með ágripi af sögu félagsins og Pétur er beðinn að stikla á því markverðasta.

„Það var Sigursveinn G. Kristinsson, tónskáld og tónlistarkennari á Siglufirði, sem stofnaði fyrsta Sjálfsbjargarfélagið á Siglufirði í júní 1958 og síðar sama ár spruttu upp sams konar félög í Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Svo það varð mikil vakning. Það voru 37 manns á þessum stofnfundi Sjálfsbjargar miðvikudaginn 8. október 1958 á Hótel KEA. Það bar upp á sama vikudag og núna.

Lengi framan af snerist baráttan um félagslegu réttindamálin því margir litu á þá sem áttu við einhverja fötlun að stríða sem annars eða þriðja flokks þegna. Það hefur tónlistarmanninum sviðið og svo var um marga fleiri. Þess vegna var hljómgrunnur fyrir félaginu svo góður.

Starfseminni hér á Akureyri óx fljótt fiskur um hrygg og Sjálfsbjörg byggði yfir sína starfsemi upp úr 1960. Þar var ýmiss konar iðja sem síðan varð að Plastiðjunni Bjargi. Hún var í fararbroddi í framleiðslu plastefnis fyrir raflagnir, fiskikassa og síðar plastpoka hér í iðnaðarbænum Akureyri. Síðar hætti Sjálfsbjörg að reka verksmiðjuna en hún er samt grundvöllur verndaðs vinnustaðar sem heitir Iðjulundur. Þannig að frumkvöðlastarfsemin skilaði sér.“

Nú rekur Sjálfsbjörg á Akureyri öfluga endurhæfingarstöð sem er bæði með sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Þar starfa tólf sjúkraþjálfarar, tveir iðjuþjálfarar og Pétur sjálfur. „Hér í þessu sama húsi er líka líkamsræktin Bjarg sem er þannig til komin að Sjálfsbjörg var til fjölda ára með líkamsræktartíma fyrir almenning. En fyrir fjórum árum seldum við þann þátt og húsið með,“ upplýsir hann.

Þegar Pétur er spurður hvernig í ósköpunum svona félagi hafi tekist að öngla saman fyrir heilu húsunum vísar hann í upphafsorð sín í þessu spjalli. „Það var gríðarleg sjálfboðavinna innt af hendi og fjölmargir lögðu mikið af mörkum með vinnu og fjárframlögum. Það hefur svo sem ýmislegt gengið á í fimmtíu ára sögu Sjálfsbjargar á Akureyri en félagið hefur alltaf haldið áfram. Aldrei misst móðinn.“ **gun@frettabladid.is**

FRAMKVÆMDASTJÓRINN „Tíðarandinn var þannig fyrir fimmtíu árum að samhjálpin og samstaðan var mikil,“ segir Pétur Arnar. MYND/SINDRI SVAN.

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður E. G. Biering

Áskógum 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 4. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 16. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Skógarbæjar.

Helga E. Biering
Moritz W. Biering
Guðrún Biering
Bertha Biering
Louise Biering
Sveinn B. Petersen
Sidsel Eriksen
Hrafn Björnsson

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

†

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

Ævar Guðmundsson

Vatnsholti 24, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 3. október, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 10. október 2008 kl. 14.00.

Guðrún Eyjólfsdóttir
Sveinn Ævarsson
Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Ragnhildur Ævarsdóttir
George Coutts
Eiður Ævarsson
Aðalheiður Níelsdóttir
Eyrún Helga Ævarsdóttir
María Hermansdóttir

og barnabörn.

PÓLITÍK - VIÐSKIPTI - EFNAHAGSMÁL

MARKAÐURINN MEÐ BIRNI INGA

FYRSTI ÞÁTTUR Á LAUGARDAG KL. 11:00 - Í OPINNI DAGSKRÁ

Markaðurinn með Birni Inga er nýr frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík sem hefur göngu sína 11. október á Stöð 2.

Fréttamennirnir Sindri Sindrason, Guðný Helga Herbertsdóttir og Ingimar Karl Helgason verða með fjölbreytt innslög í þættinum sem eiga eftir að vekja athygli.

Samantekt úr þættinum er samdægurs kl. 18:00.

www.blogg.visir.is/markadurinn

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: STÖÐ 2 | STÖÐ 2+ | BÍÓ | BÍÓ+ | EXTRA | EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Gengið í sjóinn

Ég gekk í sjóinn í gær. Það var ekki slæmt ástand í efnahagsmálum sem fékk mig til þess að taka þessa ákvörðun heldur ákvörðun vinnufélaga að prófa sjósund í Nauthólsvík. Mig hefur lengi langað til að fara í sjóinn við Ísland en samt ekki látið slag standa, hann er svo helvíti kaldur og óárennilegur nema kannski á heitustu sumardögum. Hvað hefur maður ekki oft horft út á haf og hryllt sig við gráum öldum og hugsað að bráður bani biði þess sem lenti úti í íslensku ölduróti? Út undan mér hef ég samt heyrt af fólki sem stundaði sjóböð við Ísland og ég hef verið full aðdáunar.

Ég var því fljót að tilkynna þátttöku mína í ferð vinnufélaga sem höfðu tekið þá ákvörðun að kasta sér í sjóinn. Því skal ekki neitað að ég var kvíðin. Vatnið er sjö gráður heyrði ég umsjónarmann segja einhverjum þaulvönum kappa rétt áður en ég skipti um föt en ég gerði mitt besta til þess að hugsa ekki frekar um það.

Og svo var ég komin á steyptan rampa, horfði á sjóinn og byrjaði að vaða. Sjórinn var kaldur, ég varð andstutt af kulda bara þegar sjórinn var kominn upp á mið læri. Eftir nokkrar atlögur tókst mér að fara dýpra en það var ekki fyrr en þaulvanur sjósundkappi kallaði til okkar viðvaninganna að anda hægar að ég áttaði mig á því að ég gæti það. Og með það synti ég af stað. Að vísu örstutta leið en ég synti samt og mikið var ég ánægð þegar ég steig upp úr hafinu og rölti í pottinn. Mögnuð reynsla og ekki spurning að ég mæti aftur í Nauthólsvík fljótlega til að ganga í sjóinn í góðum félagsskap.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þögult þungarokk
Ef þú setur þessi heyrnartól á þig geturðu látið gamminn geysa og sett allt á fullt án þess að nokkur annar heyri. Fást líka í svörtu. 400 krónur.

USB-fjöltengi
Vantar USB-tengi á tölvuna þína? Nú, þá færðu þér auðvitað bara fjöltengi og málið er leyst. 400 krónur.

Regla á glósunum
Þú getur notað eina glósubók fyrir fimm mismunandi námsgreinar því að litaðir flipar skipta þessari í fimm hluta. Hún er í A4-stærð og kostar 800 krónur.

Þessi týnist ekki á skrifborðinu
Og eiginlega er ekki hægt að kalla hann vasareikni – vasinn þyrfti að minnsta kosti að vera nokkuð stór. 21 x 29 cm, nánar til tekið. 800 krónur.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

KLASSÍSKI KILJUKLÚBBUR FORLAGSINS

ÖNDVEGIS BÓKMENNTIR

á hálfvirði

Punktur punktur komma strik
Öðruvísi Íslandssaga
„Í svip hans var eitthvert ófullnægt lystarleysi, svo klofaði hann yfir hversdagslega meðalhegðun, dró hana að sér og kyssti.“
Sagan af tilurð og uppvexti Andra Haraldssonar varð saga heillar kynslóðar.

Bréf til föðurins
Magnað ákæruskjal
„Elskulegi faðir. Þú spurðir mig eitt sinn fyrir skemmstu hvers vegna ég héldi því fram að ég óttaðist þig.“ Franz Kafka gerir upp sakirnar við föður sinn í áhrifamiklu bréfi sem aldrei var ætlað til birtingar.

Miðnæturbörn
Besta Booker-verðlaunabókin frá upphafi
Á miðnætti 15. ágúst 1947 varð Indland sjálfstætt ríki. Á sömu mínútu fæðist 101 barn í hinu víðlenda ríki. Saga þeirra verður saga landsins næstu áratugi.

Klassík heim að dyrum á hálfvirði

Skráðu þig í Klassíska kiljuklúbbinn á **www.forlagid.is eða hringdu í síma 575 5600.** Nýir félagar geta valið sér hvaða tvær kiljur sem er við inngöngu í klúbbinn fyrir aðeins kr. 695.

Fáðu sígilda íslenska og erlenda klassík senda heim sex sinnum á ári á **50% afslætti** frá almennu kiljuverði.

Nýttu þér einstakt inngöngutilboð. Engar skuldbindingar.

tvær kiljur kr.695* við inngöngu í klúbbinn

ÞÚ SPARAR 3.265 KRÓNUR

*Að viðbættu sendingargjaldi.

Hægt er að velja úr öllum kiljum sem Klassíski kiljuklúbburinn setur fram á heimasíðu sinni.

Skráðu þig núna í Klassíska kiljuklúbbinn á www.forlagid.is eða hringdu í síma 575 5600.

ÍSLENSK KLASSÍK

ERLEND KLASSÍK

Klassíski kiljuklúbburinn
GULLKISTA BÓKAUNNENDA

Kl. 17
Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra, fjallar um sögulandslagið í Vatnsdælasögu í stuttu erindi í Akureyrarakademíunni í dag kl. 17. Í erindinu bendir Þór á að í sögunni sé notast við sögulandslag og fornminjar til að þjóna pólitískum hagsmunum á 13. öld. Fyrirlesturinn fer fram í gamla húsmæðraskólanum, Þórunnarstræti 99 á Akureyri.

menning

menning@frettabladid.is

Fiðla í sveiflu

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói í kvöld hafa yfirskriftina Í sígaunasveiflu. Þar verður flutt fjölbreytt tónlist sem á það sammerkt að tengjast eða sækja innblástur sinn í tónlist Roma-þjóðarinnar, sem löngum hefur verið kölluð sígaunar. Flökkuþjóð þessi á sér ríka og einstaka tónlistarhefð sem mörg helstu tónskáld heimsins hafa hrifist af.

Til að miðla þessari mergjuðu tónlist nýtur hljómsveitin liðsinnis þýska hljómsveitarstjórans Sebastians Terwinkel og fiðluleikarans Rachel Barton Pine. Hún þykir einhver magnaðasti fiðluleikari samtímans, litrík með afbrigðum og leikur af þeim ástríðuhita sem hentar þessari tónlist.

Af verkum sem flutt verða má nefna Tzigane eftir Maurice Ravel, ungverska dansa Brahms og hina stórglæsilegu Carmenfantasíu spænska fiðlusnillingsins Pablo de Sarasate. **- vþ**

RACHEL BARTON PINE Hæfileikaríkur fiðluleikari sem kemur fram með Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld.

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
Ekki missa af eldfjörugum söngleik og ekta diskófjöri!
lau. 11/10 **örfá sæti laus**

Engisprettur
Biljana Srbljanovic
Heillandi leikhúsveisla - síðustu sýningar
fim. 9/10 **örfá sæti laus,** fös. 10/10

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
lau. 11/10, sun. 12/10 **örfá sæti laus**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 12/10 **örfá sæti laus**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
Frumsýning 17. október
Örfá sæti laus á fyrstu fimm sýningarnar

Macbeth
William Shakespeare
fim. 9/10 **uppselt**
fös. 10/10 **uppselt**
Takmarkaður sýningafjöldi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Nú á leikferð um landið!

www.leikhusid.is

LEIKLIST Fólkið í blokkinni stígur dans

MYND LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR/GRÍMUR BJARNASON

Fólkið í blokkinni

Það er skammt stórra högga á milli hjá Ólafi Hauki Símonarsyni þessar vikurnar. Ný bók er væntanleg í prentsmiðjur næstu daga. Á föstudag var frumsýnt nýtt verk eftir hann sem byggist á ævibrotum Janis Joplin og á morgun frumsýnir Leikfélag Reykjavíkur á Stóra sviðinu nýjan söngleik Ólafs, Fólkið í blokkinni. Áhorfendur eiga þó von á allt annarri upplifun því þeim verður ekki vísað til sætis í salnum, líkt og venjan er, heldur hefur sérstökum áhorfendapöllum verið komið fyrir á sviðinu sjálfu en leikið verður á hliðarsviði og baksviði. Heldur þar áfram tilraunum sem Kjartan Ragnarsson og Þórhildur Þorleifsdóttir gerðu á síðustu öld til að nýta hin miklu hliðarrými Stóra sviðsins fyrir áhorfendasvæði, en nú verða leikhúsgestir settir á hringsviðið og þeim keyrt milli leiksvæða með snúningi.

Það er Unnur Ösp Stefánsdóttir sem leikstýrir fjölda landsþekktra leikara í uppsetningunni, tónlistarstjóri er Jón Ólafsson en tónlist verksins er flutt af Geirfuglunum. Nú þegar hefur fjöldi kortagesta valið sýninguna í áskrift en á þessu hausti hefur met verið slegið í sölu árskorta á verkefnaskrá Leikfélagsins. Uppselt á yfir 25 sýningarkvöld og stefnir hraðbyri í fína aðsókn, en verk Ólafs eiga trygga aðdáendur.

Fólkið í blokkinni er hjartnæm saga af skrautlegu lífi fólks í blokk í Reykjavík. Fólkið í blokkinni ákveður að setja upp söngleik og efniviðurinn er það sjálft. Hárfinnur hárfíni er í forsvari fyrir hljómsveitina Sóna sem æfir stíft í kjallaranum á meðan Robbi húsvörður reynir ólmur að koma í veg fyrir að söngleikurinn komist á koppinn. Sjarmörinn Hannes reynir allt hvað hann getur að ganga í augun á Söru, en ýmsar meinlegar uppákomur og óvænt samkeppni gera honum erfitt fyrir. Tekst þeim að frumsýna söngleikinn? Ná Sara og Hannes saman? Og hver á skjaldbökuna í baðkarinu?

Aðdáendur Ólafs Hauks þekkja efniviðinn af tveimur hljómplötum og einu smásagnasafni. Ólafur hefur lengi unnið með þessar smámyndir og komið þeim ífafn ólíka miðla og dægurlagið og hljómdiskinn með skondnum lögum sínum, en nú holdgervast sumar þeirra á stóra sviðinu. Hann hefur á farsælum ferli skrifað sig inn í hjarta þjóðarinnar, bæði með leikritum sínum og ógleymanlegum sönglögum.

Auk leiksýningarinnar stendur til að framleiða sjónvarpsþætti um ævintýri fólksins. Fyrir skemmstu fékk framleiðslufyrirtækið Pegasus handritsstyrk til að vinna 12 þátta seríu upp úr sögum Ólafs. Leikstjóri verksins verður Kristófer Dignus sem einnig skrifar handrit í samvinnu við Ólaf Hauk.

Aðstandendur sýningarinnar eru leikararnir Guðjón Davíð Karlsson, Halldór Gylfason, Halldóra Geirharðsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Jóhann Sigurðsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Magnús Guðmundsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Sara Marti Guðmundsdóttir. Leikmynd gerir Vytautas Narbutas en Björn Bergsteinn Guðmundsson lýsir. Hljóðstjórn annast Sigurvald Ívar Helgason en búninga gerir Filippía I. Elísdóttir.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 9. október

Tónleikar

20.00 Motion Boys halda útgáfutónleika á NASA. Sérstakir gestir verða Sprengjuhöllin.

21.00 Sveitin Hvar er Mjallhvít verður með útgáfutónleika í Iðnó.

21.00 Jazzklúbburinn Múlinn

stendur fyrir tónleikum á Kaffi Rósenberg, Klapparstíg 25. Fram koma hljómsveit Andreu Gylfadóttur og Kvartett Jóns Páls Bjarnasonar.

22.00 Hljómsveitarnar B.SIG og Leðurbjöllurnar spila á Glaumbar. Aðgangur ókeypis.

Skátar, Bloodgroup og Dlx Atx halda tónleika á Hraunsnefi í Borgarfirðinum.

Fyrirlestrar

20.00 Ferðalagið að kjarna sjálfsins Maxine Gaudio heilari og orkumeistari verður með fyrirlestur byggðan á nýútkominni bók sinni, á Hótel Borg í kvöld. Söngkonan Diddú flytur lög af væntanlegri plötu sinni. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Sýningar

Salt og pipar Í sýningarsal Amtsbókasafnsins á Akureyri stendur yfir sýning á salt- og piparstaukum sem Guðmundur Helgi Helgason hefur safnað. Bókasafnið er opið mán.-fös. 10.-19 og lau. 12-17.

Ljósmyndasýningar

Annar heimur Jóna Þorvaldsdóttir sýnir silver gelatin ljósmyndir sem hún tók í Kína, í Galleri Sævari Karli, Bankastræti 7. Sýningin stendur til 25. okt og er opin virka daga frá kl. 10.-18. og lau. 10.-16.

Tónlist

12.00 Hádegistónleikar Sólrún Bragadóttir sópran og Antonía Hevesi píanóleikari verða með tónleika í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

12.15 Hádegistónleikar Ómar Guðjónsson ásamt Matthíasi Hemstock og Þorgrími Jónssyni, leikur efni af nýrri plötu í Vonarsal SÁÁ, Efstaleiti 7.

Myndlist

Myrkurlampi Haraldur Jónsson sýnir í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41. Sýningin stendur yfir til 26. okt. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17.

Páll Sólnes sýnir olíuverk í Gallerí Syrpu, Strandgötu 39, Hafnarfirði (2. hæð). Sýningin stendur til 26. okt. og er opin þri.-fös. 12-17. og lau. 10-14..

Tveir módernistar Sýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar og Þorvaldar Skúlasonar í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði. Sýningin er opin 11.-17. alla daga nema þriðjudaga. Á fimmtudögum er opið til kl. 21.

Rut Rebekka sýnir í Grafíksafni Íslands, stór olíumálverk. Sýningin stendur til 19. okt og er opin fim. - sun. kl. 14.00-18.00. Grafíksafn Íslands, Tryggvagötu 17.

Viðburður

Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi

12.00 Ekvador að fornu og nýju Hádegisleiðsögn um sýninguna í Gerðasafni, Hamraborg 4.

17.15 La Tigra (Tígrisynjan) Kvikmynd eftir Camilo Luzuriaga verður sýnd í Kórnum, Safnahúsi Kópavogs, Hamraborg 6a.

20.00 Náttúra - nýting - menning Kynning og fræðsla um Ekvador og Galapagos í Salnum, Hamraborg 6.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

FRÁBÆR TÖLVUTILBOÐ

BORÐTÖLVUR OG FYLGIHLUTIR Á BETRA VERÐI

ASUS

ASUS TÖLVUTILBOÐ

- 2.0GHz Intel Pentium E2180 örgjörvi
- 2GB DDR2 vinnsluminni frá Corsair
- 500GB Western Digital harður diskur
- 20xDVD±/12xDL skrifari
- Intel GMA X3000 PCI Ex skjákort
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Innbyggt 10/100/1000 gigabit netkort
- Mjög litill og nettur hvítur Asus turnkassi

69.990

Logitech

LOGTECH RX300

Frábær hvít mús frá Logitech sem er til í bæði svörtu og hvítu

1.490

CREATIVE®

CREATIVE LIVE CAM

Einstaklega lítil og flott hvít vefmyndavél sem passar á alla skjái

1.990

MANHATTAN SLIM

MANHATTAN

Flott nett hvítt lyklaborð frá Manhattan á frábæru verði til í svörtu og hvítu

990

Logitech

LOGITECH S100

Nettir hátalarar með hljóðstilli á hliðinni frá Logitech á frábæru verði

990



SÚPERUPPFÆRSLA 1

2.0GHz Sempron64 AM2
MSI K9N6PGM2-V
1GB DDR2 minni
128MB GeForce6 6100
7.1 hljóðkort
10/100/1000 netkort

14.990

ASUS

ASUS GEFORCE 9600GT

512MB 900MHz DDR3 minni, 2xDVI, TV-út, DirectX 10

16.990

ACE
SPECIAL EDITION

ACE AMD TÖLVUTILBOÐ 1

- 2.0GHz Sempron64 AM2
- 2GB DDR2 minni frá Corsair
- 160GB WD harður diskur
- 20xDVD±/12xDL skrifari
- 128MB GeForce6 6100 skjástýring
- Windows Vista Home Basic

49.990

ACE
SPECIAL EDITION

ACE TÖLVUTILBOÐ

- 2.53GHz Intel Core 2 Duo E7200
- 2GB DDR2 vinnsluminni frá Corsair
- 500GB Western Digital harður diskur
- 22xDVD±/16xDL skrifari
- 256MB MSI Geforce8 NX8600GT
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Innbyggt 10/100/1000 gigabit netkort
- Svartur ACE Clubs turnkassi

99.990

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66	HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750	S: 414 1760

bíó

bio@frettabladid.is

> LEIKSTÝRIR SJÁLFUM SÉR

Íslandsvinurinn Forest Whitaker hefur tekið að sér að leika í og leikstýra kvikmynd um ævi djassleikarans og snillingsins Louis Armstrong. Fréttir þessar hafa vakið nokkra athygli þar sem Whitaker, sem á mikilli velgengni að fagna sem leikari, hefur aðeins tvisvar áður leikstýrt kvikmynd og þótti útkoman í bæði skiptin síður en svo góð.

Holmes mundar kutann

Sem kunnugt er hefur breski leikstjórinn Guy Ritchie, sem einna þekktastur er fyrir að vera kvæntur söngkonunni Madonnu, tekið að sér að leikstýra Hollywood-mynd um ævintýri leynilögreglumannsins snjalla, Sherlocks Holmes.

Vonast er til að myndin muni endurvekja feril leikstjórans sem nokkuð hefur dalað síðustu misseri. Ritchie sló í gegn á tíunda áratugnum með ofbeldisfullum myndum á borð við Snatch og Lock, Stock and Two Smoking Barrels, sem hófu upp til skýjanna lífsstíl glæpamanna í Lundúnaborg. Myndir Ritchie hin síðari ár hafa þó fengið fremur slæma dóma enda þykir leikstjórinn nokkuð gjarn á að endurtaka sig. Botninum þótti náð með myndinni Swept Away þar sem Madonna var í einu af aðalhlutverkunum. Nýverið var svo tekin til sýninga í kvikmyndahúsum í Bretlandi myndin Rock'n'Rolla, en í henni leitar Ritchie á svipuð mið og áður; myndin segir frá ævintýrum djarfra glæpahunda í Lundúnaborg og hefur hlotið heldur dræmar viðtökur gagnrýnenda.

GUY RITCHIE Leikstjóri með glæpamenn á heilanum.

Það er því skiljanlegt að aðdáendur Sherlocks Holmes séu uggandi yfir því að hinn mistæki Ritchie muni leikstýra myndinni. Sjálfur hefur hann látið hafa eftir sér að Holmes takist ekki aðeins á við andstæðinga sína með ályktunarhæfni að vopni, heldur einnig hnefa og hnífa. Í hlutverki Holmes verður Robert Downey Jr., en Jude Law leikur Dr. Watson.

- vþ

> Frumsýndar um helgina

Nights in Rodanthe - 5.6 af 10 hjá imdb.com; 27% hjá rottentomatoes.com

The House Bunny - 5.8 af 10 hjá imdb.com; 38% hjá rottentomatoes.com

Hamlet 2 - 6.4 af 10 hjá imdb.com; 63% hjá rottentomatoes.com

Leikföngin sigursæl

Kvikmyndavefsíðan rottentomatoes.com hefur tekið saman lista yfir 50 bestu teiknimyndir allra tíma. Þar kennir ýmissa grasa, til að mynda má finna nokkrar japanskar teiknimyndir á listanum, þó svo að meginþorri þeirra mynda sem komast að sé að sjálfsögðu bandarískur.

Það kemur eflaust mörgum á óvart að sú mynd sem trónir á toppnum og þykir best allra teiknimynda er framhaldsmyndin Leikfangasaga 2 frá árinu 1999. Myndin sú er úr smiðju Pixar-veldisins og er framhald Leikfangasögu sem kom út árið 1995. Leikfangasaga 2 fékk vissulega afar jákvæða dóma gagnrýnenda á sínum tíma, en hefur þó varla náð stöðu sígildrar myndar. Einnig má teljast óvenjulegt að framhaldsmynd nái því að skáka forvera sínum. Þess má þó geta að Leikfangasaga er í fjórða sæti á listanum og er því langt frá því að teljast ómerkileg framleiðsla.

Í öðru sæti listans er svo Disney-teiknimyndin um Mjallhvít og dvergana sjö frá árinu 1937. Staða hennar kemur síður á óvart, enda um óumdeilanlega sígilda mynd að ræða sem hefur heillað börn og fullorðna svo áratug- um skiptir. Aðrar myndir sem komast hátt á lista eru Gosi, sem vermir þriðja sætið og nýstirnið Wall-E sem vermir það fimmta.

Á botni listans, í fimmtugasta sæti, er svo South Park-kvikmyndin frá árinu 1999. Myndina þá prýddu grófir brandarar og enn grófari hreyfimyndir og því kannski ekki við öðru að búast en að myndin eigi misvel upp á pallborðið hjá gagnrýnendum.

- vþ

BÓSI OG VIÐAR Hetjur bestu teiknimyndar allra tíma?

Í SÁLARKREPPU Richard Gere og Diane Lane í hlutverkum sínum í myndinni Nights in Rodanthe.

Rómantík á ströndu

Silfurrefurinn Richard Gere snýr aftur í kvikmyndahús landsmanna nú um helgina í rómantísku dramamyndinni Nights in Rodanthe, mörgum eflaust til mikils fagnaðar.

Í Nights in Rodanthe segir frá Adrienne Willis, sem Diane Lane leikur. Líf Adrienne er ein óreiða; maðurinn hennar heldur fram hjá henni og hún á í stormastömu sambandi við dóttur sína á táningsaldri. Hún flýr á gistihús í afskekktum strandbæ til að koma reiðu á hugsanir sínar og kemst þar í kynni við Paul Flanner, persónu í meðförum Richard Gere. Flanner tekst sjálfur á við stórar samviskuspurningar og er því skiljanlegt að hann finni vissan samhljóm í hinni ráðvilltu Adrienne. Þau verja saman ógleymanlegri rómantískri helgi við ströndina og reyna að ráða í lífsgátuna.

Af ofangreindri lýsingu þarf engan að undra að myndin byggist á sögu eftir Nicholas Sparks, en hann samdi einnig bókina sem síðar varð að myndinni The Notebook. Að auki samdi hann sögurnar A Walk to Remember og Message in a Bottle, en báðar urðu þær síðar að myndum sem segja mætti að séu nánast miskunnarlausar í yfirþyrmandi rómantík sinni og tilfinningaátökum. Svo mikið er næsta víst að fáir sleppa frá sagnaheimi Sparks með þurra hvarma.

Leikstjóri Nights in Rodanthe er George C. Wolfe, en myndin er fyrsta leikstjórnarverkefni hans sem sýnt er í kvikmyndahúsum. Hann er þó enginn nýgræðingur í leikstjórabransanum; maðurinn er þaulvanur sviðsleikstjóri og hefur tvisvar sinnum hlotið hin eftirsóttu Tony-verðlaun fyrir uppsetningar sínar á Broadway. Hann leikstýrði einnig sjónvarpsmyndinni Lackawanna Blues sem gæðasjónvarpsstöðin HBO framleiddi og sýndi við góðan orðstír.

Athygli vekur að óvenju hátt hlutfall þeirra sem koma að gerð myndarinnar eru konur; þannig er annar handritshöfundanna kona sem og nokkrir framleiðandanna. Einnig sjá konur um tónlist og heildarútlit framleiðslunnar, sem og hefðbundnari „kvennastörf" kvikmyndabransans svo sem förðun og búninga. Því má leiða líkum að því að Nights in Rodanthe sýni kvikmyndahúsagestum hvert kvikmyndabransinn myndi þróast væri yfirtaka kvenna yfirvofandi.

vigdis@frettabladid.is

Bonham og Hathaway drottningar í Undralandi

Þau tíðindi berast úr heimi erlendra kvikmynda, og koma líkast til fáum á óvart, að leikstjórinn sérvitri Tim Burton hafi fengið eiginkonu sína, Helenu Bonham Carter, til að fara með hlutverk í kvikmyndaaðlögun sinni á sögu Lewis Carroll um Lísu í Undralandi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Bonham Carter fer með veigamikið hlutverk í mynd eftir Burton; leikstjórinn er þekktur fyrir að notast við sömu leikarana aftur og aftur, enda hefur sú nálgun reynst honum vel. Hann hefur til að mynda ítrekað ráðið Johnny Depp til að fara með stór hlutverk í myndum sínum og er Lísu-myndin engin undantekning frá því þar sem Depp mun fara með hlutverk Óða hattarans.

Bonham Carter fer með hlutverk rauðu drottningarinnar, en sú virðist vera einhvers konar aðlögun á hjartadrottningunni skapstirðu sem kemur fyrir í upprunalegu sögunni. Rauða drottningin mun í það minnsta vera ámóta gjörn og fyrirmyndin á það að æpa „Hausinn af!" við minnsta tilefni.

Burton hefur einnig ráðið leikkonuna ungu Anne Hathaway, sem einna þekktust er fyrir hlutverk sitt í myndinni The Devil wears Prada, til að fara með hlutverk hvítu drottningarinnar, en sú mun vera systir þeirrar rauðu og öllu betri í skapinu. Á meðal annarra leikenda í myndinni er fitubollan Matt Lucas, sem íslenskir áhorfendur þekkja úr þáttunum Little Britain, en hann fer með hlutverk viðundranna Tweedledum og Tweedledee.

Eins og gera mátti ráð fyrir verður myndin hæfileg blanda af samleik raunverulegs fólks og tölvugerðra vera og umhverfis. Tökur á myndinni hefjast nú síðar í haust, en hún er væntanleg í kvikmyndahús á vormánuðum árið 2010.

- vþ

BONHAM OG BURTON Hjónin vinna saman að gerð kvikmyndar um ævintýri Lísu í Undralandi.

THE BODY SHOP™

Vinsælar vörur með 25% afslætti

E-vítamín fyrir andlitið
Þrjár vörutegundir sem allar innihalda andoxunarefnið E-vítamín:
Hreinsimjólk (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml)
Verð nú: 2990 kr.
Verð áður: 4070 kr.

Það sem karlmanninn vantar
Þrjár vörutegundir saman í gjafapoka:
“For men face protector“-rakakrem (50ml),
“Of a man“-hár- & sturtusápa (200ml) og svitalyktareyðir (75ml)
Verð nú: 2590 kr.
Verð áður: 3490 kr.

Ólífu-dekurvörur
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi ólífu-“body butter“-húðnæring (200ml), sams konar skrúbbkrem (200ml) og sturtusápa (250ml)
Verð nú: 3590 kr.
Verð áður: 4870 kr.

Dekur í baðkarinu
Tvær vörutegundir saman: Ilmgott og rakagefandi freyðibað (400ml); hægt er að velja eina af fimm eftirtöldum tegundum: Jarðarberja-, með kókos-, mangó- eða papæjaolíu eða smjörtrésmauki (þ.e. “shea butter“)) og stór trébaðbursti með kaktustrefjum
Verð nú: 2490 kr.
Verð áður: 3370 kr.

Andlitsvörur með sótthreinsandi tetrésolíu
Fjórar vörutegundir sem allar innihalda sótthreinsandi tetrés-ilmkjarnaolíu (þ.e. “tea tree“): Skrúbbsápa (100ml), andlitsvatn (250ml), andlitsmaski (100ml) og bólustifti (2,5ml)
Verð nú: 3390 kr.
Verð áður: 4560 kr.

Dekurvörur með kókósolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi “body butter-húðnæring með kókósolíu (200 ml), sams konar hörundsskrúbbkrem (200ml) og sturtusápa (250ml)
Verð nú: 3590 kr.
Verð áður: 4870 kr.

Farðatilboð
Veittur er 25% afsláttur þegar keyptar eru förðunarvörur fyrir 5000 kr. eða meira.
Verð nú: 3750 kr.
Verð áður: 5000 kr.

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®

> SÚ KYNÞOKKAFYLLSTA

Halle Berry hefur verið kjörin kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu Esquire. Berry, sem er 42 ára og ól fyrsta barn sitt í mars, var ánægð með útnefninguna. „Ég veit ekki alveg hvað þetta þýðir, en verandi 42 ára nýbökuð móðir, get ég ekki ekki annað en verið sátt," sagði Halle Berry.

fólk

folk@frettabladid.is

Jamie Lynn sögð barnshafandi á ný

Nú þegar Britney Spears virðist vera að ná sér á strik á ný hefur skapast góður grundvöllur fyrir systur hennar til að komast á forsíður slúðurblaðanna. Jamie Lynn er nú sögð eiga von á barni aftur en þessi sautján ára leikkona eignaðist sitt fyrsta barn fyrr á þessu ári. Ekki hefur fengist staðfest hvort að þetta sé raunin en víst er að þær Spears-systur eru frjósamar.

Samkvæmt bandarískum slúðurblöðum er Jamie kominn átta vikur á leið og má því ljóst vera að barnið varð til aðeins fjórum vikum eftir að dóttirin Maddie kom í heiminn. Ef þetta reynist rétt má reikna með að barnaafmælin hjá Spears-fjölskyldunni verði sífellt fjörugri með ári hverju. Jamie Lynn hefur átt í stopulu ástarsambandi við Casey Aldrige en hann ku ekki hafa vitað hvernig málum er háttað. „Jamie trúði því ekki að hún gæti orðið ólétt svona fljótt eftir barnsburð. Þær mæðgur vita eiginlega ekkert hvernig þær eiga að bregðast við," hefur tímaritið WENN eftir heimildarmanni sínum. „Hún hágrét þegar hún sá óléttuprófið," bætir hann við.

ÓTRÚLEGT Jamie Lynn er aðeins sautján ára en ef marka má fréttir frá Bandaríkjunum á hún von á sínu öðru barni.

Keilunámskeið fyrir börn

KFR

Keilufélag Reykjavíkur stendur fyrir námskeiði í október, nóvember og desember.
Námskeiðið er ætlað börnum yngri en 12 ára.
Kennt er í Keiluhöllinni Öskjuhlíð
á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16.00 - 17.00
Verð kr. 12.000. Ath. Takmarkaður fjöldi.
Keilufélag Reykjavíkur er aðili að Frístundakortakerfi ÍTR.
Skráning er í síma 6619585 (Dóra) eða dora@keila.is
Skráning er í síma 6619585 (Dóra) eða dora@keila.is

GLÆSIDAGAR

TILBOÐSDAGAR

Í GLÆSIBÆ

9-11. OKTÓBER

Glæsibær

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BUBBI MESSAR

Bubbi hélt tónleika á Austurvelli í gær. Nú er ekki rétti tíminn til að leita sökudólga sagði Bubbi og tók nokkur vel valin lög. Óvænt steig **Sævar Ciesielski** á svið við lok tónleikanna en þarna slakar hann á við Austurvöll. Fámennur hópur setti lit á tónleikana með torkennilegum skilaboðum eins og „Þú áttir aldrei jeppann".

ÍMYNDIN SKIPTIR EKKI MÁLI

Mótmælatónleikar Bubba Morthens á Austurvelli, sem höfðu reyndar umbreyst í samstöðutónleika þegar stundin rann upp á hádegi í gær, voru ágætlega sóttir. Bubbi lék á als oddi fyrir erlenda fréttamenn að hljómleikunum loknum.

„I don´t care about the image of Iceland, I care about the families in Iceland," svaraði Bubbi Morthens þegar hann var spurður hvort hann teldi að ímynd landsins hefði beðið álitshnekki í sjónvarpsviðtali við bresku sjónvarpsstöðina BBC í gær. Fleiri erlendir fjölmiðlar tóku viðtal við Bubba eftir tónleika hans á Austurvelli í hádeginu í gær, en talið er að milli átta hundruð og þúsund manns hafi lagt leið sína á Austurvöll á tónleikana.

Á stuttum hljómleikunum var Bubba tíðrætt um að nú skipti miklu máli fyrir alla Íslendinga að standa saman og láta kærleikann ráða ferðinni í stað reiðinnar. Einnig lagði hann áherslu á mikilvægi þess að landsmenn lærðu af þeim efnahagshörmungum sem gengið hafa yfir síðustu daga og vikur. Gott væri að eiga peninga, en peningar væru ekki guð.

„Íslendingar eru ein stór fjölskylda, og í öllum fjölskyldum verða einhver vandræði. Bleiki fíllinn í stofunni er búinn að leggja stofuna í rúst," sagði Bubbi áður en hann renndi sér í frumflutning á laginu „Ein stór fjölskylda", sem hann samdi að sögn snemma í gærmorgun.

Að tónleikum Bubba loknum sáu hljómsveitin Buff, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og rapparinn Poetrix um að skemmta viðstöddum. Skemmtilegur endapunktur hádegisins var svo þegar sjálfur Sævar Marinó Ciesielski steig á svið og söng einsöng án undirleiks við nokkurn fögnuð þeirra fáu sem þá voru eftir á Austurvelli.

kjartan@frettabladid.is

Ábyrgð okkar er mikil

„Ég var einmitt að semja lagið „Rússarnir koma" rétt áðan," segir Sigurjón Kjartansson, einn höfunda Skaupsins í ár. Hinir eru Hjálmar Hjálmarsson, Hugleikur Dagsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Silja Hauksdóttir leikstjóri. „Við gerum okkur grein fyrir gríðarlegri ábyrgð okkar og þetta er mjög mikil áskorun. Við sitjum við og fylgjumst vel með öllum hreyfingum. Maður er semjandi sketsa hægri, vinstri, enda úreldast þeir svo hratt. "

Sigurjón hefur verið í fríi á Spáni síðan fyrir helgi ásamt fjölskyldunni en kemur heim í kvöld. „Evran var komin í 226 krónur en nú var fararstjórinn að segja að búið væri að loka fyrir viðskipti með íslensk kort. Við tókum sem betur fer út um helgina og lifum á því. Það reddast," segir Sigurjón í sólinni. „Við fórum í dagsferð til Marokkó í gær og það var mjög hollt. Sú ferð minnti mann á það að þrátt fyrir allt er nú ekki svo mikil kreppa á Íslandi. Þetta var eins og að fara 3000 ár aftur í tímann, á biblíutíma. Allt nema öskuhaugarnir, þeir voru nútímalegir." - drg

ALLTAF AÐ SEMJA SKETSA Sigurjón Kjartansson, einn höfunda Skaupsins í ár.

JAMES HOLDEN Þeytir skífum á Nasa á laugardagskvöld ásamt Nathan Fake.

Holden loksins til Íslands

Bresku plötusnúðarnir James Holden og Nathan Fake troða upp á Nasa á laugardagskvöld. Þrjú ár eru liðin síðan Techno.is reyndi fyrst að fá Holden hingað til lands. Hingað til hefur hann verið yfirbókaður á tónleikahátíðum víðs vegar um heiminn en núna sá hann sér loksins fært að mæta.

„Ég er búinn að flytja inn marga plötusnúða og þeir hafa ekki allir verið í uppáhaldi hjá mér þótt þeir hafi verið vinsælir. En þarna náði ég í uppáhaldsplötusnúðinn minn og það var rosalega erfitt að ná í hann," segir Addi Exos um Holden. „Árið 2004 náði hann að samhæfa ólíkar stefnur í einn bræðing með því að gera klúbbatónlist dálítið elegant," bætir hann við.

Bæði Holden og Fake hafa sent frá sér þekkt lög innan dans- og raftónlistarinnar, þar á meðal The Sky Was Pink, Horizons og Nothing. Holden hefur á ferli sínum endurhljóðblandað fyrir þekkta flytjendur á borð við Madonnu, Britney Spears og Timo Maas. Lög Fake hafa meðal annars verið notuð í auglýsingum fyrir símarisann Motorola og í sjónvarpsþáttunum CSI Miami.

Miðasala á tónleikana fer fram í All Saints í Kringlunni. **- fb**

Gamli enn að

Mick Jagger og Dave Stewart úr Eurhythmics vinna nú saman að nýrri plötu í Los Angeles. Þessir kappar hafa ekki starfað saman áður, en talið er að hér sé um að ræða nýja sólóplötu frá Rollingnum. Þetta yrði þá fimmta sólóplata Micks Jagger. Þessar plötur hafa staðið nokkuð í skugganum af verkum Rolling Stones. Síðasta sólóplata Micks kom út árið 2001 svo þann gamla hlýtur að vera farið að klæja í puttana.

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

Fágun og glæsileiki

Hljómsveitin Motion Boys vakti töluverða athygli í fyrra fyrir lögin Waiting to Happen, Hold Me Closer to Your Heart og Steal Your Love og á þessu ári er hún búin að bæta tveimur lögum til viðbótar í spilun, Queen of Hearts og Five 2 Love. Nú er fyrsta platan komin, en hún inniheldur tólf lög, þar á meðal smáskífulögin fimm.

Tónlist Motion Boys er undir miklum og greinilegum áhrifum frá nýrómantík og syntapoppi níunda áratugarins. Eins og helstu stjörnur þeirrar tónlistar þá notar hún hljóðgervla mikið og tónlistin er melódískt og oft dansvænt popp. Söngurinn er líka oft 80's-legur (til dæmis falsetturnar í Queen of Hearts!), en áhrifin koma víðar að – 70's nöfn eins og 10cc og Roxy Music koma til dæmis stundum upp í hugann.

Þar með er ég ekki að segja að Motion Boys sé einhver retró hermisveit. Það væri nær að lýsa henni sem metnaðarfullri poppsveit sem hefur sérstaka hæfileika til að semja melódísk og grípandi lög og kann góð skil á poppsögunni. Aðal lagasmiður sveitarinnar og söngvari, Birgir Ísleifur Gunnarsson, hefur greinilega mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig eigi að búa til plötu. Það er fullt af útvarpsvænum smellum á Hang On, en svo eru líka nokkur breiðskífulög sem henta síður í sípilun, en styrkja plötuna sem heild og breikka svið sveitarinnar. Þar á meðal má nefna Lost in the City, Break, titillagið Hang On og Beat of a Gun. Útsetningar og hljóðvinna á plötunni eru sérstaklega vel heppnuð, hvort sem við erum að tala um taktana, hljóðheiminn eða söngútsetningarnar.

Áhrif frá helsta átrúnaðargoði Birgis Ísleifs, Bryan Ferry, eru líka augljós. Eins og hjá Ferry er glæsileikinn og fágunin í fyrirrúmi á Hold On, en áhrifin frá þessum forsprakka Roxy Music koma meðal annars fram í lagasmíðum, útsetningum, söng og hljóðvinnu auk þess sem glamúrgínan á forsíðu umslagsins er auðvitað bein tilvísun í plötuumslög Roxy Music.

Á heildina litið er Hold On frábær poppplata. Firnasterk frumsmíð og ein af skemmtilegri plötum ársins. **Trausti Júlíusson**

TÓNLIST

Hang on

Motion Boys

★★★★

Fágunin og glæsileikinn einkenna þessa fyrstu plötu Motion Boys. Hún er frábærlega unnin og full af grípandi og melódískum popplögum.

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER
Gjöfin þín í Lyfju

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 eða meira
í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi dagana 9. – 15. október færðu þessa fallegu gjöf*

- HydraComplete rakakrem
- Projectionist mascara – svartur
- Signature kinnalit – Rosette
- Pure Color varalit – Crystal Sun
- Pleasures - ilmvatn
- Allt þetta fyrir þig ásamt fallegri snyrtitösku.

*meðan birgðir endast
Verðgildi gjafarinnar er um kr. 8.900

Lyftu hverju og einu augnhári og gefðu þeim dirfskufulla en þó lauflétta þykkt

Nýtt: Sumptuous Bold Volume ™ Lifting Mascara

Farðu lengra með augnhárin en þau hafa áður komist, alla leið að flottri, ófeiminni fegurð. Þetta er byrjunin.

FORMÚLAN
Bold Volume™ Formula hefur að geyma einstakar örtrefjar sem gefa jafnvel gisnustu augnhárum djarflega lyftingu og fyllingu, léttleika og daðurslega sveigju.

BURSTINN
Sérhönnuð burstagreiðan BrushComber™ færir þér þykkinguna sem fæst með burstanum ásamt skýrri línu greiðunnar. Hvert einstakt augnhár öðlast lauflétta fyllingu og magnaða sveigju.

ÁFERÐIN
Daðurþykk, munúðarsveigð og heillandi augnhár.

Ath. Gjöfin fæst aðeins í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi

LYFJA
- Lifið heil

Þreytandi Poppy í London

Frá leikstjóranum Mike Leigh kemur Happy-Go-Lucky, lítil og sæt bresk gamanmynd sem hefur vakið athygli víða. Söguþráður myndarinnar er á þann veg að áhorfendur fylgjast með leikskólakennaranum Poppy og nokkrum mánuðum í lífi hennar. Poppy er á þrítugsaldri, einhleyp og hefur búið með vinkonu sinni til tíu ára. Þegar hjóli hennar er stolið ákveður hún að nú sé loksins kominn tími á að hún taki bílpróf, en kennari hennar reynist eiga eitthvað óuppgert við lífið og sjálfan sig.

Í raun er þessi litla klausa allur söguþráður myndarinnar, því lítið meira gerist. Samtölin í myndinni eru yfirleitt afar lágstemmd og óáhugaverð, að því undanskildu hversu lengi maður getur velt fyrir sér hversu Poppy er barnaleg og kjánaleg. Persónan er svo einkar ótrúverðug að myndin nær aldrei flugi, en myndin snýst um þessa einu persónu. Þau stakkaskipti sem verða á lífi hennar í enda myndarinnar eru lítilvæg og þjóna í raun og veru ekki þeim tilgangi sem þau ættu að gera. Þrátt fyrir það heldur Sally Hawkins myndinni gangandi sem Poppy. Á fyrstu mínútunum er ekki gefin mikil útskýring á aðgerðum eða hegðun Poppys, svo þar sem ég þekkti ekki söguþráð myndarinnar hélt ég að hún væri hreinlega ekki með öllum mjalla; en annað kom á daginn. Hawkins tekst frábærlega til við að koma hinni lífsglöðu og kærulausu Poppy til skila, þó væri áhugavert að sjá hana kljást við raunveruleg vandamál. Eddie Marsan er góður í hlutverki geðstirða, ef ekki geðveika ökukennarans.

Leigh er svo sannarlega hæfileikaríkur leikstjóri og hefur yfirleitt skrifað mannlegar og persónudrifnar sögur. Myndin er persónudrifin en Poppy verður einfaldlega þreytandi eftir tveggja tíma áhorf. Happy-Go-Lucky er kynnt sem „jákvæðasta mynd ársins“ – jákvæð er hún, en hún er langt í frá að vera ánægjuleg.

KVIKMYNDIR

Happy-Go-Lucky

Leikstjóri: Mike Leigh. Aðalhlutverk: Sally Hawkins.

★★

Einföld og jákvæð mynd sem verður því miður þreytandi.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

Eyfirðingar gefa út fiskibók

Júlli fiskikóngur á Dalvík og matreiðslumeistarinn Friðrik Valur hafa tekið höndum saman og gefa út bók á næstunni.

„Þetta er ein af þessum hugmyndum sem dettur einhvers staðar af himnum ofan,“ segir Júlíus Júlíusson, fiskidagskóngur á Dalvík. Hann og Friðrik Valur Karlsson, eigandi veitingastaðarins Friðriks V á Akureyri, gefa á næstunni út matreiðslubókina Meistarinn og áhugamaðurinn.

Í bókinni verður á þriðja tug uppskrifta þar sem fiskur verður í aðalhlutverki. Á hverri opnu verður sama hráefnið eldað með tveimur mismunandi aðferðum þeirra félaga. Ljósmyndarinn Finnbogi Marínósson, sem stendur einnig að bókinni, sá um að ljósmynda þá við iðju sína á hvorn á sínum staðnum. „Við vorum á leiðinni saman á sýningu á Ítalíu, Slow Food, og ræddum saman í flugvélinni þetta konsept: meistarinn og áhugamaðurinn. Síðan ákváðum við að kýla á þetta.“

Bókin er eyfirsk út í gegn, því auk kokkanna tveggja og ljósmyndarans, er sjávarfangið eyfirskt og útgáfufyrirtækið Kimi Records er frá Akureyri ásamt Ásprenti sem prentar bókina. Er hún væntanleg í búðir sjöunda nóvember.

Júlíus segir að fólk verði að komast að því sjálft hvor nálgunin sé betri, hjá honum eða sjálfum meistaranum. „Það er spurning hvor okkar tekur áhættuna, ég eða hann,“ segir hann í léttum dúr. „Ég held við náum ágætlega saman en það var mjög spennuþrungin stund þegar við hittumst,“ segir hann og játar að Friðrik sé fyrirfram talinn betri aðilinn. „Síðan er það spurning hver stendur uppi sem meistarinn.“

Júlíus hefur verið framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla frá byrjun, eða í átta ár, og segist hafa fengið góða reynslu þaðan. „Það eru ýmisleg hráefni sem maður er búinn að kynnast og áhuginn á fiski er búinn að eflast mikið,“ segir hann og telur bókina vera góða kynningu, bæði fyrir Eyjafjörð og fisk almennt. Hvetur hann fólk til að borða meira af fiski, enda sé hann hollur með eindæmum. „Þegar við vorum að vinna að þessari bók borðaði ég óhemju af fiski og mér leið allt öðruvísi, var bara orkumeiri. Þegar maður er farinn að hjóla heim í hádeginu til að elda fisk í hádegismat þá er þetta orðið eitthvað skrítið. Það er skondið hvernig líkaminn brást við þessu öllu saman.“

MEISTARINN OG ÁHUGAMAÐURINN Félagarnir Júlíus (til vinstri) og Friðrik skoða aðstæður við eyfirskt fjöruborðið. Ný bók þeirra er væntanleg í næsta mánuði. MYND/FINNBORGI MARÍNÓSSON

freyr@frettabladid.is

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 10.30	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 10.15	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L
5%		

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8.20 - 10.30	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
5%		

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MIRRORS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK	kl. 10.15	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500		
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10	14
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.50	L
5%		

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
QUEEN RAQUELA DIGITAL	kl. 8 -10:10	12
QUEEN RAQUELA	kl. 6 - 8 - 10:10	VIP
PATHOLOGY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
WILD CHILD	kl. 5:50 - 8	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 6	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 10:10	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
QUEEN RAQUELA DIGITAL	kl. 8 -10:20	12
PATHOLOGY	kl. 10:20	16
HAPPY GO LUCKY	kl. 8 - 10:20	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 8:10	L
WILD CHILD	kl. 6	L
GEIMAPARNIR m/ísl. tali	kl. 6	L
SMART PEOPLE	kl. 6	12

SAMBÍÓIN SELFOSS		
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 8 - 10:10	14
WILD CHILD	kl. 8	L
QUEEN RAQUELA	kl. 10:10	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
BABYLON A.D.	kl. 8 - 10	16
QUEEN RAQUELA	kl. 8	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 10	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 8 - 10:10	14
QUEEN RAQUELA	kl. 10.20	12
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8	16

Seiðandi snilldarverk
eftir Nóbelskáldið Orhan Pamuk

Hver er valdur að dularfullu hvarfi listamanns soldánsins í Istanbúl? *Nafn mitt er Rauður* er ekki aðeins óvenjuleg morðgáta og hjartnæm ástarsaga af framandi slóðum, heldur einnig áleitin krufning á eðli listrænnar sköpunar.

„Stórbrotin veisla hugmynda, ímynda og arfsagna.“
Kirkus Reviews



„Afburðasnjöll bók.“
Daily Telegraph

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Plötur í stað rolex og jeppa

Baggalútsmenn eru hvergi af baki dottnir því tvær plötur eru væntanlegar úr þeirra herbúðum á næstunni. Á mánudaginn kemur í búðir ný barnaplata Braga Valdimars Skúlasonar og Kidda í Hjálmum, sem nefnist Gilligill, og um það bil mánuður er í næstu plötu Baggalúts, Nýjasta nýtt. Sú plata er allsherjar gleðiplata, að sögn Braga Valdimars, enda veiti ekki af því í dag. „Ég vona að þegar fólk hættir að kaupa rolex-úrin og jeppana fari það kannski að kaupa plötur í staðinn, það er okkur í hag. Við vonum bara að hlutirnir haldist innan við tuttugu þúsund kallinn," segir hann. Á meðal gesta á barnaplötunni verða Björgvin Halldórsson, Egill Ólafsson, Magga Stína, Bogomil Font og Snorri í Sprengjuhöllinni.

Baggalútsmenn hafa farið mikinn á heimasíðu sinni að undanförnu, enda af nógu að taka úr íslensku efnahagslífi. „Það er búið að auka gullforða Baggalúts mikið á undanförnum vikum og mánuðum. Demantanámurnar okkar eru tryggar og við vorum ekki mikið í hlutabréfaviðskiptum, bara áttuðum okkur eiginlega ekkert á því," segir Bragi. „Það eru engir stórir bankar í okkar eigu, alla vega ekki heima, þannig að við erum ágætlega sáttir. Nú er bara að kaupa niðursuðuvörur og grófa skóflu og grafa sig í jörð."

BAGGALÚTUR Strákarnir í Baggalúti fylgjast náið með framvindu mála í íslensku efnahagslífi. - fb

BARÐI JÓHANNSSON Forsprakki Bang Gang gefur út nýjustu plötu sína í Kína og Taívan um miðjan mánuðinn.

Útgáfa í Kína og Taívan

Ghosts From the Past, nýjasta plata hljómsveitarinnar Bang Gang, kemur út í Kína og Taívan um miðjan mánuðinn. Er þetta í fyrsta skipti sem Bang Gang kemst inn á þessa markaði.

Nú styttist í að Bang Gang hiti upp fyrir frönsku sveitina Air í tveimur klassískum tónleikahöllum í borgunum Reims og París 10. og 11. október. Eins og Fréttablaðið greindi frá í ágúst verða tónleikarnir óhefðbundnir að því leyti að þeir verða órafmagnaðir hjá báðum hljómsveitunum. Uppselt var á tónleikana fyrir langalöngu.

CLIFF RICHARD Rokkararnir í Oasis eru sakaðir um að hafa stolið frá Cliff Richard. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sakaðir um lagastuld

Lag bresku rokksveitarinnar Oasis, The Turning, þykir sláandi líkt laginu Devil Woman með Cliff Richard. „Ég heyri alveg líkindin," sagði Janine Castle, meðlimur alþjóðlegu Cliff Richard-samtakanna. „Það er kominn tími til að Cliff fái viðurkenningu fyrir snilli sína á tónlistarsviðinu."

Tvívegis hafa hinir Bítlalegu Oasis verið dæmdir fyrir lagastuld og þurft að láta af hendi fúlgur fjár. Lagið Whatever þótti of líkt How Sweet to Be an Idiot með hljómsveitinni The Bonzo Dog Doo-dah Band og lögunum Shakermaker og I´d Like to Teach the World to Sing með New Seekers þótti svipa óeðlilega mikið saman.



> Seðlabankadeildin næsta sumar?

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagðist ekkert vita um það í gær hvort efsta deild karla og kvenna í fótbolta muni áfram heita Landsbankadeildin. „Það er ár eftir af samningi okkar við Landsbankann. Ég veit ekki hvað verður á þessari stundu með þann samning enda erum við eflaust ekki efstir á forgangslistanum í því sem þar þarf að gera," sagði Geir. Hann segir samstarfið við bankann hafa verið ákaflega farsælt og eðlilega vonaðist hann til að samstarfinu yrði haldið áfram.
Geir sagði enn fremur að KSÍ stæði vel en að sjálfsögðu myndi ástandið í þjóðfélaginu snerta sambandið eins og aðra.

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR SPILAR SINN 44. LEIK Í ÁR Í KVÖLD: MÆTIR MÖRTU Í FYRSTA SINN

Tímabilið er bara rétt að byrja hjá mér

Margrét Lára Viðarsdóttir verður í sviðsljósinu í dag þegar Valur mætir sænska liðinu Umeå í fyrsta leik liðsins í Evrópukeppninni. Í sænska liðinu er brasilíska knattspyrnukonan Marta sem er af mörgum talin vera besta knattspyrnukona heims. Þær eru báðar 22 ára gamlar og voru báðar valdar af Los Angeles-liðinu í hinni nýju atvinnumannadeild í Bandaríkjunum. Þær gætu því spilað saman á næsta ári. „Það er mikill heiður að fá að spila á móti svona flottri knattspyrnukonu en við erum svolítið langt frá hvor annarri á vellinum þannig að það verður erfitt fyrir mig að mæta henni auglitis til auglitis," segir Margrét Lára sem býst ekki við að Marta komi til hennar fyrir leik og kynni sig. „Ég held að hún viti ekki mikið hver ég er en það væri kannski ég sem myndi kynna mig en að hún myndi kynna sig," segir Margrét.

Margrét Lára segir að leikurinn á móti Umeå verði mjög erfiður. „Við eigum að taka eitt verkefni í einu og á fimmtudaginn bíður bara leikur á móti Umeå. Við eigum ekki að eiga möguleika í þær en okkur er alveg sama því við förum bara út á völl og ætlum okkur að fá eitthvað út úr þessum leik. Við ætlum okkur áfram en það verður gríðarlega erfitt.

Við byrjuðum svo vel í Slóvakíu og það skiptir miklu máli að við fáum góða byrjun."

Það hefur reynt mikið á Margréti Láru í ár en hún er að leika sinn 44. leik á árinu þrátt fyrir að hafa verið meira og minna meidd allt tímabilið. „Ég met þetta þannig að það sé bara kraftaverk að ég skuli vera að spila á svona háu tempói miðað við hvernig líkaminn minn hefur verið í sumar," segir Margrét sem hefur leitað allra leiða til að ná sér góðri. „Ég fór til kírópraktors í byrjun ágúst og það má segja að það hafi bjargað lífi mínu bæði andlega og líkamlega," segir Margrét. „Þetta var búið að taka mikið á en nú er ég að komast í feikilega gott stand og kannski ólíkt öðrum leikmönnum sem eru kannski komnir með þreytu í kroppinn. Ég myndi segja að ég væri á uppleið og ég finn fyrir krafti þar sem ég hef ekki getað beitt mér hundrað prósent. Ég á rosalega mikið inni þannig að fyrir mér er tímabilið rétt að byrja."

LAUNAHÆSTUR Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, er sagður launahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar með 150.000 pund á viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Launaþak næst á dagskránni?

FÓTBOLTI Lord Triesman, stjórnarformaður enska knattspyrnusambandsins, varaði við því á ráðstefnunni Leaders in Football á Englandi í gær að mögulega þurfi að koma á launaþaki í ensku úrvalsdeildinni vegna efnahagslegs óvissuástands. Hann varaði við því að ef ekkert yrði aðhafst í launamálum gæti það haft slæm áhrif á enska knattspyrnu og að mörg félög yrðu fljótt gjaldþrota ef heldur sem horfir.

„Ég sé mig tilneyddan til þess að vekja máls á ört vaxandi launakostnaði enskra úrvalsdeildarfélaga í ljósi efnahagslegrar kreppu sem nú stendur yfir. Þegar menn ná ákveðinni skuldastöðu er nauðsynlegt að staldra við og íhuga málin vel og vandlega. Launaþak gæti verið ein leið en félögin sjálf verða endanlega að dæma um þann möguleika," segir Triesman. - óþ

Stoðunum kippt undan rekstri Fram

Fótboltafélag Reykjavíkur, sem rekur meistaraflokk Fram í knattspyrnu, sér fram á ákaflega erfiða tíma. Þeirra helsti styrktaraðili, Stoðir, er í greiðslustöðvun og félagið sér ekki fram á að geta greitt laun um næstu mánaðamót. Fleiri félög í Landsbankadeildinni óttast hver staðan verður um næstu mánaðamót.

KNATTSPYRNA Það er erfið staða hjá mörgum félögum í Landsbankadeildinni þessa dagana. Sum félög óttast að geta ekki staðið við launagreiðslur um næstu mánaðamót, önnur ætla að segja upp samningum við erlenda leikmenn og í einhverjum tilvikum eru menn að íhuga að segja upp samningum við leikmenn og semja upp á nýtt. Forystumenn félaga eru á einu máli um að tími hárra launa sé liðinn og að landslagið verði allt annað næstu árin. „Nú verða menn að spila með hjartanu en ekki veskinu," sagði einn forráðamannanna við Fréttablaðið í gær.

Staðan virðist vera verst hjá Frömurum. Þeirra helsti styrktaraðili, Stoðir, er í greiðslustöðvun og án peninga frá Stoðum er stoðunum í raun kippt undan rekstri félagsins. Forystumenn félagsins fara heldur ekki leynt með að staðan sé slæm.

„Það er rosalega erfið staða hjá okkur eins og hjá mörgum aðilum í þjóðfélaginu. Við höfum getað staðið við launagreiðslur hingað til en núna er kominn sá tímapunktur að við erum í vandræðum og förum ekki leynt með það. Við höfum staðið okkur mjög vel hingað til en við sjáum ekki fram á að geta staðið við okkar skuldbindingar um næstu mánaðamót," sagði Lúðvík Þorgeirsson, formaður Fótboltafélags Reykjavíkur, við Fréttablaðið í gær. Það er svo kannski táknrænt fyrir stöðu Safamýrarliðsins að búið var að loka GSM-síma framkvæmdastjórans þegar reynt var að ná tali af honum í gær.

HVORKI STOÐIR NÉ STUÐNINGUR Mæting á leiki Fram í sumar olli forráðamönnum félagsins gríðarlegum vonbrigðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eins og áður segir áttu Framarar mest undir í stuðningi Stoða en aðrir tekjuliðir skiluðu ekki miklu, þar á meðal aðgangseyrir enda ákaflega illa mætt á leiki Fram.

„Áhorfendatekjurnar eru ekki miklar og það olli mér miklum vonbrigðum. Við þurfum klárlega að skoða þann hluta enda aðeins með 400-500 manns á leikjum hjá okkur þrátt fyrir okkar besta gengi í sautján ár," sagði Lúðvík.

Þar sem staða Framara er afar slæm velta menn þar á bæ eðlilega fyrir sér öllum möguleikum í stöðunni. Þar á meðal að segja upp samningum við alla leikmenn og semja svo upp á nýtt.

„Það kemur allt til greina hjá okkur en það er of snemmt að fullyrða um hvort við förum í svo harkalegar aðgerðir. Ég viðurkenni fúslega að þetta er ferleg staða því menn hafa lagt mjög hart að sér við að halda öllu í lagi," sagði Lúðvík. Hann segir stjórnarmenn ætla að setjast niður með hverjum og einum leikmanni liðsins. Hvað ætla þeir að segja við leikmennina? „Sannleikann."

Af samtölum Fréttablaðsins við forráðamenn félaganna í gær má ráða að margt muni breytast á næstu misserum. Það hefur meðal annars komið til tals hjá einhverjum félögum að nýta uppsagnarákvæði í samningum við innlenda leikmenn.

Félögin búast þess utan við því að það muni aldrei verða eins erfitt að fá styrktaraðila og fyrir næsta sumar. henry@frettabladid.is

Ármenningar!

Í tilefni af 120 ára afmæli Glímufélags Ármanns, er þér boðið til hátíðar laugardaginn 11. október. Hátíðarhöldin fara fram í Laugaból, nýju íþróttahúsi Ármanns og Þróttar í Laugardal.

Fjölskylduskemmtun:
14:30-14:45 Í fimleikasal Laugabóls, býður Snorri Þorvaldsson formaður Ármanns gesti velkomna.
14:45-15:45 Sýningaatriði, þar sem deildir félagsins verða kynntar.
15:45-16:30 Heiðursveitingar félagsins og sérsambanda.
16:30-16:45 Benedikt Hjartarsyni, sundkappa afhentur Drangeyjarbikarinn
16:45-18:00 Kaffi og afmælisterta í Skelli, bardagasal félagsins.

Gestum boðið að skoða Laugaból. Myndasýning verður í húsinu.

Kvöldskemmtun:
Um kvöldið hefjast hátíðarhöldin kl. 19:30. Við Ármenningar ætlum þá að skemmta okkur saman í hátíðarsal hússins. Boðið verður upp á léttan mat og drykki, lifandi tónlist og skemmtiatriði.
Verð aðgöngumiða á kvöldskemmtun er kr. 3500.- Miða má panta hjá formanni afmælisnefndar: stinaola@hi.is
Ath. að miðafjöldinn er takmarkaður. Aldurstakmark 18 ár

Fleiri körfuboltafélög neyddust til leysa erlenda leikmenn undan samningi í gær:

Málin skulu rædd á fundi

KÖRFUBOLTI Í gær bættust fleiri í hóp þeirra körfuboltafélaga sem ákveðið hafa að senda erlenda leikmenn sína á brott. KR-ingar eru ekki búnir að ákveða neitt um framtíð Jasons Dourisseau en vilja að KKÍ boði til fundar þar sem möguleikinn á því að vera með svo að segja alíslenskar deildir, með undantekningum, verði ræddur.

Körfuknattleiksdeildir liða í Iceland Express-deildum karla og kvenna leita nú leiða til þess að skera niður kostnað til að sporna við nýju efnahagslegu landslagi. Snæfell, ÍR og Breiðablik hafa þegar tilkynnt að þau muni ekki tefla fram erlendum leikmönnum á komandi tímabili og nú hafa fleiri lið fetað í fótspor þeirra.

Hafsteinn Þórisson, formaður körfuknattsleiksdeildar Skallagríms, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að erlendu leikmennirnir Djordo Djordic og Eric Bell hefðu verið leystir undan samningum sínum hjá Skallagrími. En félagið hafi aftur á móti boðið þjálfaranum Ken Webb nýjan samning á breyttum kjörum sem hann er að skoða.

Gunnar Kr. Sigurðsson, formaður körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar, kvað Garðbæinga vera í svipuðum samningaviðræðum við leikmennina Jovan Zdravevski og Justin Shouse, en Nemanja Sovic hafi hins vegar verið leystur undan samningi



Á FÖRUM? Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, vildi ekkert staðfesta um framtíð Jasons Dourisseau að svo stöddu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að ákveðin pattstaða væri hins vegar hjá stórliðum Keflavíkur, Grindavíkur og KR og liðin væru í raun að bíða eftir því hvað andstæðingarnir gerðu í sínum málum.

Það má því segja að Keflavík hafi riðið á vaðið hvað það varðar að losa um pattstöðuna í gærmorgun þegar Suðurnesjafélagið tilkynnti á heimasíðu sinni að erlendu leikmennirnir, Jesse Pelot-Rosa og Steven Gerrard hjá karlaliðinu og Takesha Watson hjá kvennaliðinu, yrðu sendir heim vegna efnahagsástandsins.

Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, staðfesti síðan í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að félagið hafi leyst erlendu leikmenn sína, Damon Bailey hjá karlaliðinu og Tiffany Roberson hjá kvennaliðinu, undan samningum sínum.

Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, vildi ekki staðfesta neitt um framtíð Jasons Dourisseau að svo stöddu en vildi að öll félög í deildinni myndu koma saman og gera samkomulag um framhaldið.

„Við viljum að ef öll lið ætla að segja upp samningum við erlenda leikmenn sína, þá skuli það haldast þannig út leiktímabilið, annars erum við ekki tilbúnir í það. Við kærum okkur ekki um að mótherjar okkar stökkvi til og kaupi sér erlenda leikmenn rétt fyrir úrslitakeppni og við ætlum ekki að standa í einhverjum svoleiðis skrípaleik. Ég myndi þá vilja fá skriflega yfirlýsingu frá öllum liðum í deildinni þess efnis að deildin yrði alíslensk. Ef lið geta ekki mannað tíu manna æfingahóp án erlendra leikmanna þá verða hin liðin í deildinni að taka tillit til þess og samþykkja einhvers konar undanþágu," segir Böðvar sem ætlar að leggja tillögurnar fyrir KKÍ sem mun þá boða til fundar. - óþ

HANDBOLTAVEISLAN HELDUR ÁFRAM

4. UMFERÐ:

N1 deild karla

Fimmtudagur 9. október

KL. 19:30

AKUREYRI – HK

Höllin á Akureyri

Laugardagur 11. október

KL. 16:00

FH – VALUR

Kaplakriki

N1 deild kvenna

Laugardagur 11. október

KL. 14:00

FH – VALUR

Kaplakriki

KL. 16:00

HAUKAR – FYLKIR

Ásvellir

KL. 16:00

STJARNAN – FRAM

Mýrin

KL. 16:00

GRÓTTA – HK

Íþróttamiðstöðin Seltjarnarnesi

HSÍ

N1

N1 DEILDIN

dagskrá

> **Donald Trump**

„Ég reyni að draga lærdóm af fortíðinni en ég einbeiti mér að nútíðinni þegar ég ráðgeri framtíðina.“ Trump stendur fyrir markaðs- og fjáröflunarkeppni í raunveruleikaþættinum The Celebrity Apprentice sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON BAR SAMAN GEIR OG DAVÍÐ**

Persónutöfrar skipta miklu máli

Það er athyglisvert að bera saman ávarp Geirs H. Haarde til þjóðarinnar og viðtalið við Davíð Oddsson í Kastljósinu. Í bæði skiptin ræddu þeir vitaskuld um efnahagsmál þjóðarinnar en á mjög mismunandi hátt.

Geir var rólegur í sínu ávarpi en á sama tíma heldur óöruggur, eins og eðlilegt hlýtur reyndar að teljast miðað við aðstæður. Hann hefði alveg mátt láta meira í ljós um hvað hann væri nákvæmlega að tala og líka sýna meiri svipbrigði en yfirhöfuð komst hann ágætlega frá verkefninu. Stappaði hann stálinu í landsmenn og bjó þá undir komandi tíma, sem hann undirstrikaði að yrðu mjög erfiðir.

Viðtalið við Davíð minnti mjög á tíma hans sem forsætisráðherra. Beitti hann persónutöfrum sínum sem mest hann mátti og í raun leið manni eins og allt væri í himnalagi eftir viðtalið. Hugsanlega talaði hann eitthvað af sér en sjálf framkoma hans var örugg. Hann notaði hendurnar mikið til að leggja áherslu á mál sitt (eitthvað sem Geir gerði lítið sem ekkert af) og gleymdi því ekki að slá á létta strengi, t.d. þegar hann blandaði ömmu sinni inn í viðtalið. Davíð sýndi þarna svo ekki verður um villst að hann er mun betri ræðumaður en Geir og á auðveldara með að hrífa fólk með sér. Slíkir hlutir geta skipt sköpum þegar stjórnmálamenn vilja afla sér trausts á meðal almennings og ljóst er að Davíð vann þarna marga aftur á sitt band með sinni frammistöðu.

EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Hollywoodland** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.30 Help Me Help You** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.45 Hvað um Brian (What About Brian)** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 House** SKJÁREINN

▶ **21.45 Las Vegas** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Krakkar á ferð og flugi (e)
17.50 Lísa (11:13) (e)
17.56 Stundin okkar (e)
18.25 Kallakaffi (6:12) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Káta maskínan
▶**20.45 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (23:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn. Aðalhlutverk: Barry Watson, Rosanna Arquette, Matthew Davis, Rick Gomez, Amanda Detmer, Raoul Bova og Sarah Lancaster.
21.30 Trúður (Klovn IV) (8:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
22.00 Tíufréttir
22.25 Sex hlekkir (Six Degrees) (12:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt. Aðalhlutverk: Campbell Scott, Hope Davis, Erika Christensen, Bridget Moynahan og Dorian Missick.
23.10 Svartir englar (3:6) (e)
00.00 Kastljós (e)
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.05 Home for the Holidays
10.00 Draumalandið
12.00 Jumanji
14.00 Home for the Holidays
16.00 Draumalandið
18.00 Jumanji
▶**20.00 Hollywoodland** Stjörnum prýdd raunveruleg glæpasaga sem átti sér stað árið1959 þegar leikarinn George Reeves féll sviplega frá.
22.05 Zatoichi
00.00 Campfire Stories
02.00 Enemy Mine
04.00 Zatoichi
06.00 Danny Deckchair

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (166:300)
10.15 Grey's Anatomy (11:36)
11.10 Hæðin (6:9)
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (49:114)
13.45 Forboðin fegurð (50:114)
14.35 Ally McBeal (15:23)
15.25 Friends (e)
15.55 Sabrina - Unglingsnornin
16.18 A.T.O.M.
16.43 Hvolpurinn Scooby-Doo
17.08 Doddi litli og Eyrnastór
17.18 Hlaupin
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (10:22)
19.55 Friends (12:25)
20.20 The Celebrity Apprentice (5:13) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.
▶**21.45 Las Vegas** (14:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
22.30 Prison Break - NÝTT (2:22)
23.15 Goldeneye Hörkuspennandi mynd með Pierce Brosnan í hlutverki spæjarans 007. Fyrrverandi bandamaður James Bonds er orðinn stórtækur í undirheimum Rússlands og svífst einskis. En illvirkin bitna ekki einungis á kommúnistaríkinu fyrrverandi því hinum vestræna heimi er einnig ógnað.
01.20 Heading South
03.10 Wonderland
04.55 Traveler (4:8)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.10 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar
19.35 Inside the PGA
20.00 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
20.40 Utan vallar Brot af því besta úr þáttum síðasta vetrar. Skoðuð verða eftirminnileg atvik sem enginn verður svikinn af.
21.30 10 Bestu - Albert Guðmundsson
22.20 Ultimate Fighter Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.
23.20 Ultimate Fighter
00.20 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
00.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.
04.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Bolton úr ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
20.30 PL Classic Matches Everton - Liverpool, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham, 2003.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
22.40 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.35 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Innlit / Útlit (e)
09.35 Vörutorg
10.35 Óstöðvandi tónlist
15.45 Vörutorg
16.45 Charmed (e)
17.35 Dr. Phil
18.20 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.05 What I Like About You (e)
19.30 Game tíví Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Family Guy (12:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
20.30 30 Rock (5:15) Jack kynnir umhverfivænt lukkudýr NBC, Greenzo (David Schwimmer). En yfirgengilegar predikanir hans ganga of langt og Liz grípur til sinna ráða. Kenneth er að undirbúa árlegt partí og Tracy reynir að plata fólk til að mæta.
▶**21.00 House** (6:16) House gengur til liðs við bandarísku leyniþjónustuna til að bjarga lífi njósnara með dularfull einkenni. Hann fær takmarkaðar upplýsingar um hvað njósnarinn var að gera þegar hann veiktist og notar óhefðbundnar aðferðir til að reyna að komast til botns í málinu.
21.50 CSI. Miami (3:21) Horatio leitar að syni sínum eftir að ráðist er á fangaflutningabíl og Kyle hverfur sporlaust. Horatio verður að finna hann áður en það eru um seinan.
22.40 Jay Leno
23.30 America's Next Top Model (e)
00.20 How to Look Good Naked (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að Norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.30

Prison Break

Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfullu stofnunina sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök. Eftir að lögreglan í Chicago handsamar þá hitta þeir lögreglumanninn Don sem vill fá þá til að aðstoða sig. Í skiptum fyrir frelsið fara þeir til Los Angeles og þá fyrst hefst baráttan.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Káta maskínan - NÝTT

Sjónvarpið kl. 20.15

Káta maskínan er nýr menningarþáttur þar sem Þorsteinn J. hittir fyrir listafólk. Markmiðið er að fylgjast með því við vinnu sína, þegar verk eru að verða til og hugmyndirnar jafnvel ekki fullmótaðar. Í þættinum í kvöld hittir Þorsteinn, Katrínu Elfarsdóttur ljósmyndara, Ara Alexander kvikmyndagerðarmann og Þórhall Sigurðsson leikstjóra.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Sveigur
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Útvarpsperlur: Gústi guðsmaður
23.15 Kvöldtónar
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (33:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (34:260)
17.00 Seinfeld (24:24)
17.30 Help Me Help You (1:13)
18.00 The Dresden Files (9:13)
19.00 Hollyoaks (33:260)
19.30 Hollyoaks (34:260)
20.00 Seinfeld (24:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
▶20.30 Help Me Help You (1:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem vinnur við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikan en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
21.00 The Dresden Files (9:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 Ghost Whisperer (47:62) Þriðja þáttaröðin um hina ungu og fallegu Melindu Gordon sem gædd er sjötta skilnigarvitinu. Hún er því, oft gegn vilja sínum, í nánu sambandi við hina framliðnu. Köllun hennar er að aðstoða þá sem nýlega hafa horfið á sviplegan hátt yfir móðuna miklu.
22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir ræðir við Guðlaug Þór Þórðarsson heilbrigðisráðherra.
21.30 Óli á Hrauni Umsjónarmaður er Ólafur Hannesson. Hann tekur fyrir þau málefni sem brenna á þjóðinni.

DR 1

11.00 Åbningsdebat fra Christiansborg **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Pucca **14.35** Den amerikanske drage **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hvor er vi landet? **18.30** Aldrig mere fængsel **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** SOS **20.50** Sugar Rush **21.15** Eureka **21.55** Hul igennem **22.40** Naruto Uncut

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** „Allo, „Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Fabrikken **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Verdensarven **15.40** Månáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Uhu **16.35** Peo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.35** Tracey Ullmans USA **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Er jeg normal? **22.45** Spooks

SVT 1

11.05 Morgonsoffan **11.55** Plus **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kärleksagenterna **15.00** Sagor från Zoo **15.10** Storasyster och lillebror **15.15** En unge till **15.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **15.25** Lisas sagoshow **15.40** Evas superkoll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Andra Avenyn **19.00** Höök **20.00** Debatt **20.45** Grosvold **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Uppdrag Granskning **22.45** Toppform **23.15** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér gjarnan múslí og kaffi og jafnvel ávaxtasafa ef vel viðrar. Þetta er kjarngóður íslenskur morgunverður.“

Hilmar Jensson, gítarleikari.

Egill Helgason í heiðursstúku West Ham

„Ásgeir Friðgeirsson, sem gegnir hlutverki varaformanns West Ham, hefur verið persónulegur vinur minn í meira en tuttugu ár,“ segir Egill Helgason sjónvarpsmaður og bloggari. Hann kýs að tjá sig aðspurður í formi tölvupósts.

Síða Egils hefur slegið algerlega í gegn nú á þessum óvissutímum, hann færir inn hverja færsluna á fætur annarri og athugasemdirnar hrannast upp. Egill segir háðið eitt besta vopnið til að lifa af og rifjar upp nokkur óborganleg augnablik í góðærisæðinu svo sem „Hannes Smárason og Jón Ásgeir í Gumball-kappakstrinum“, „Tom Jones að syngja fyrir veislu útrásarvíkinga um áramót í London“, „Elton John í afmæli Ólafs Ólafssonar“ og þannig má áfram telja. Ein táknmynd góðærisins er ferðir auðmanna á leiki í ensku úrvalsdeildinni. Hinn 30. ágúst fylgdist Egill með leik West Ham og Blackburn úr heiðursstúkunni á Upton Park, en West Ham er sem kunnugt er í eigu Björgólfs Guðmundssonar.

Egill segir ekkert óeðlilegt við veru sína þar. Hann sendi Fréttablaðinu yfirlýsingu sem hann birti síðar á bloggi sínu. „Hann [Ásgeir Friðgeirsson] er fjölskylduvinur sem við hittum oft, bæði í London og á Íslandi. Í haust var ég staddur í einkaerindum í Lundúnum – var um vikutíma í íbúð sem tilheyrir vinkonu okkar hjóna. Í London hitti ég Ásgeir sem endranær og hann bauð okkur að koma á umræddan fótboltaleik,“ segir í tilkynningu Egils. **-fgg**

MAGNAÐUR LEIKUR West Ham tók Blackburn í kennslustund þennan laugardagseftirmiðdag og vann leikinn með fjórum mörkum gegn einu. Egill Helgason fylgdist með leiknum úr glæsistúku Björgólfs Guðmundssonar á Upton Park.



LÁRÉTT
2. bauti, **6.** kusk, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** rás, **17.** ennþá, **18.** óðagot, **20.** tveir eins, **21.** auma.

LÓÐRÉTT
1. munnvatn, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** hamfletta, **7.** ólaglegur, **10.** framkoma, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** þjálfa, **19.** tvö þúsund.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** buff, **6.** ló, **8.** mél, **9.** ett, **11.** gá, **12.** fræsi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.

LÓÐRÉTT: **1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** ófríður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æfa, **19.** mm.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Icesave
2. Bubbi Morthens
3. Hlynur Bæringsson

Auglýsingasími 512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

JENS ANDERSEN: HEFUR ÁHYGGJUR AF ÍSLENSKRI VINKONU

Ekstrabladet reynir að létta lund Íslendinga

„Þetta var nú aðallega í gríni gert. Enda veitir ekki af að reyna að sjá fyndnu hliðarnar á þessu og reyna að létta lund íslensku þjóðarinnar,“ segir Jens Andersen, blaðamaður vefsjónvarps danska dagblaðsins Ekstrabladet. Innslag hans á vef blaðsins hefur vakið mikla athygli hér á Íslandi og í Danmörku.

Jens og samstarfsfélagi hans, Lasse Sörensen, klæddust íslenskum lopapeysum og fóru á þriðjudaginn með söfnunarbauka, skreytta með íslenska fánanum, stóðu við Magasin Du Nord og söfnuðu peningum handa Íslendingum. Ástæðan var auðvitað hið skelfilega ástand sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum landsins og stöðugur fréttaflutningur af bágri stöðu íslenska þjóðarbúsins. Jens segir að jafnvel þeim Íslendingum sem þeir hafi hitt fyrir framan dönsku verslunarmiðstöðina hafi þótt þetta nokkuð skondið og bara hlegið að góðu gríni frændþjóðarinnar. Ekki safnaðist há fjárhæð, rúmlega sex þúsund krónur íslenskar, en þær voru afhentar sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Kristin Bond, starfsmaður sendiráðsins, sagði í samtali við þá félaga að þetta væri vissulega ekki há fjárhæð en „það væri hugurinn sem skipti máli“.

Og þrátt fyrir að útrás íslensku víkinganna hafi nú verið hrundið, þar sem mörg af þekktustu vörumerkjum Danmerkur voru lögð undir, ríkir engin Þórðargleði hjá dönsku þjóðinni. „Nei, síður en svo. Eiginlega allir sem við töluðum við tóku jákvætt í þetta og voru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum. Auðvitað var einhverjum sem fannst þið hafa kallað þetta yfir ykkur sjálf en það var mikill minnihluti,“ segir Jens.

SAFNAÐ FYRIR ÍSLANDI Blaðamenn Ekstrablaðsins stóðu fyrir framan Magasin Du Nord og söfnuðu fé handa Íslendingum. Flestir tóku vel í þetta og lögðu sitt af mörkum. Upphæðin reyndist heilar sex þúsund krónur. MYND:EKSTRABLADET

„Fréttaflutningurinn af Íslandi hefur hreyft við mörgum Dönum enda eru margir sem annaðhvort þekkja einhvern á Íslandi eða hafa sterk tengsl við landið.“

Og Jens er þar engin undantekning því hann á vinkonu hér á landi frá því hún nam sín fræði í Kaupmannahöfn. „Og mér er auðvitað ekkert alveg sama um hana og hennar fjölskyldu og hvernig hún kemur út úr þessu.“ Blaðamaðurinn danski er hins vegar ekki í vafa um að íslenska þjóðin hafi styrk til að rísa aftur upp. „Nei, Íslendingar eru alveg rosaleg sterk þjóð og maður trúir ekki öðru en að þeir komi tvíefldir til baka,“ segir Jens.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nokkuð fór fyrir alþingismönnum á friðartónleikum **Bubba** við Austurvöll í hádeginu í gær. **Grétar Mar Jónsson** frá Frjálslyndum mætti og vakti athygli fyrir glæsilegan klæðaburð. Grétar var klæddur forláta bítlajakka sem hann festi kaup á í pílagrímsför sem FTT stóð fyrir til Liverpool á Bítlaslóðir fyrir nokkrum mánuðum.

Samúel Örn Erlingsson, sem flestir þekkja sem einn fremsta íþróttafréttamann þjóðarinnar til fjölda ára, kom nýverið inn á alþingi á vegum Framsóknarflokksins sem varaþingmaður. Samúel ætlaði að láta sig varða ýmis smámál sem hann hefur haft hug á að taka á svo sem að færa frídaga sem lenda á fimmtudögum að helgi. En það átti ekki fyrir Samúel að liggja því hálftíma eftir að hann kom á þingið var hann drifinn á neyðarfund þar sem tilkynnt var að þjóðin rambaði á barmi gjaldþrots.

Einn besti vinur Bubba hlýtur að teljast **Ólafur Páll Gunnarsson** útvarpsmaður sem hefur nú skúbbað vinstri hægri um fyrirætlanir og stöðu kóngsins. Bubbi var einu sinni sem oftar í viðtali hjá Óla Palla í gærmorgun og býsnaðist mjög á að **Georg Kári Hilmarsson** og félagar í Sprengjuhöllinni heyktust á að koma fram á tónleikunum. Ástæður sem þeir báru við voru ósannfærandi að mati Bubba sem kallaði þessar nýjustu stórstjörnur í viðtalinu „stelpurnar í Sprengihöllinni“. **- jbg**



Frægir hönnuðir sýna jólakjóla

Fimmtán af þekktustu fatahönnuðum Íslands taka þátt í sýningunni Jólakjólar sem verður opnuð í Listasafni ASÍ 29. nóvember. Hver hönnuður býr til einn kjól fyrir sýninguna og er eina skilyrðið að hann sé rauður á litinn.

„Mér datt í hug að þetta gæti verið skemmtilegt,“ segir Steinunn Helgadóttir sýningarstjóri. „Það er einhver gleði- og veislutilfinning sem fylgir svona rauðum kjólum og það er gaman að fá slíkt fram í skammdeginu. Jólakjóllinn hefur líka alltaf haft ákveðinn stað í hugum fólks, sérstaklega hjá stelpum.“

Á meðal hönnuðanna sem taka þátt verða Birta Björnsdóttir, Ásgrímur Friðriksson, María Lovísa, Hildur Yeoman, Sara María Eyþórsdóttir og Siggi Eggertsson. „Þetta eru fimmtán hönnuðir héðan og þaðan og af mjög ólíkum stöðum á sínum ferli,“ segir Steinunn. „Þetta eru hönnuðir sem eru nýbúnir að klára Listaháskólann og hönnuðir sem eru búnir að starfa í mörg ár, eiginlega þverskurður af íslenskum fatahönnuðum. Þetta eru ofsalega skemmtilegir hönnuðir og það er mjög skemmtilegt að íslensk hönnun skuli vera í svona góðum gír núna.“

Spurð hvort sýningin verði árlegur viðburður segir Steinunn að það verði að koma í ljós. „Við hugsum ekki svo langt. Við ætlum alla vega að njóta sýningarinnar vel og gera hana að flottum viðburði í myrkrinu.“ **- fb**

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR Birta Björnsdóttir hjá Júníform verður meðal þeirra sem hanna jólakjóla fyrir sýninguna.

STEINUNN HELGADÓTTIR Sýningarstjóri ASÍ segir að þverskurðurinn af íslenskum fatahönnuðum taki þátt í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Afar vönduð borðstofuhúsgögn

skovby
Excellent Dining Rooms

20% afsl.

af sérpöntunum og uppstillingum

9.-21. október

dagar

Hönnuður: Per Hansbæk

Stækkanlegt borð f.20 manns



Komdu núna og gerðu frábær kaup

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

BAKÞANKAR
Ólafs Sindra Ólafssonar

Ísland II

Björgunaraðgerðir stjórnvalda ganga fyrst og síðast út á að sleppa því barasta að borga skuldir. Það virkar ágætlega, því verður ekki neitað. Ég hef verið að íhuga að fara að þeirra fordæmi sjálfur, skilja gróðavænlega starfsemi mína og eignir frá þessum leiðindaskuldum – og leyfa svo skuldahlutanum að fara á hausinn.

ÉG er í það minnsta hæstánægður með þessi skilaboð frá æðstu ráðamönnum. Hér hef ég vaðið í þeirri villu allt of lengi að einhver dyggð eða jafnvel réttlæti sé fólgið í því að reyna að standa við þær skuldbindingar sem ég geri – og það jafnvel þótt þær séu við útlendinga.

BETUR má þó ef duga skal og það vita ráðamenn líka. Nú ríður á að næla í öll lán sem hægt er og safna forða. Þá skiptir engu hvaðan gott kemur. Rússland er t.a.m. fínn kostur. Rússar eru nefnilega hvort eð er í ónáð hjá vestrænum vinum okkar, svo við getum sníkt aðstoð hjá Bandaríkjamönnum ef sovétið sendir vopnaða handrukkara á okkur þegar fréttist af næsta skrefi í björgunaráætluninni góðu. Næsta skref er nefnilega leynivopnið – þjóðarstolt okkar íslenska hagkerfis.

VIÐ fáum bara nýja kennitölu á allt heila klabbið.

ÞAÐ verða engar eignir eftir í þrotabúi gamla Íslands, þaulæfðir viðskiptamógúlar okkar munu hafa komið öllum verðmætum örugglega undan áður en það verður tekið til gjaldþrotaskipta. Þeir hafa verið að æfa þessar aðgerðir í smáum skömmtum í áratugi til að vera viðbúnir akkúrat svona ástandi.

NÝJA Ísland, Iceland Republic hf., verður mikla betra og með flottara lógó. Íslendingar fá allir forkaupsrétt á hlutabréfum, laun æðstu ráðamanna verða árangurstengd og frelsið verður ráðandi.

BÁLREIÐIR Rússarnir geta ekki snert okkur í nýja landinu, þó það sé reyndar ekkert annað en gamla Ísland með nýju nafni og árangurstengdum forstjórum. Þeir verða að láta sér nægja að hirða bara restina af gamla Íslandi; einhver kíló af verðlausum krónum sem hægt er að bræða (nýja Ísland verður auðvitað gert upp í evrum) og nokkra fúna ráðherrabústaði sem tímabært var orðið að skipta um.

GUÐ blessi Ísland II.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 9. október, 282. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.01	13.15	18.27
Akureyri	7.49	13.00	18.08

Heimild: Almanak Háskólans